# FRÉTTABLAÐIÐ

143. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 18. JÚNÍ 2016





# Allir saman nú!

→24

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Saman í 25 ár á kjördag

→10



## Ævintýri líkast í Namibíu

→26



## Spennt fyrir Secret Solstice

→50

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


20% afsláttur* af SagaPro í vefverslun SagaMedica með afsláttarkóðanum „EM2016“

SAGAMEDICA www.sagamedica.is

Ekki missa af marki!

Dragðu úr tíðni klósettferða meðan á leik stendur

*Gildir til 15. júlí

ÁFRAM ÍSLAND

FRÍTT FYRIR LEIK

Andlitsmálning og blöðrur frá kl. 12:30 til 15:30 í dag!

SMÁRALIND

ÁFRAM ÍSLAND

EM-STEMNING Í DAG. BLÖÐRUR, ANDLITSMÁLUN OG BÍTTIMARKAÐUR.

Kringlan

## Veður




Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt og skýjað, en þurrt að mestu. Það gengur hins vegar í nokkuð hvassa suðaustanátt með rigningu fyrst suðvestanlands síðdegis. Hvassast verður með suðvesturströndinni. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast norðaustantil.

SJÁ SÍÐU 38

# Gleðin við völd



**Þjóðhátíðarpartí Íslendinga í Marseille** Þjóðhátíðardagurinn var ekki einungis haldinn hátíðlegur hérlendis í gær, heldur einnig í Frakklandi. Mörg hundruð Íslendingar komu saman í Marseille og var gleðin við völd. Þá verður án efa áframhald á þjóðhátíðarstemningu á morgun í Frakklandi þegar íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir Ungverjalandi á Evrópumeistaramótinu. Leikurinn hefst klukkan fjögur síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segir stöðu Aldísar vera óbreytta

**LÖGREGLAN** „Ákvörðun um stöðu fyrrverandi yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki verið tekin,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri. „Enda væri hún sú fyrsta sem fengi að frétta af því ef einhverjar breytingar væru fyrirhugaðar, en ekki fréttastofa Ríkisútvarpsins.“

Frá því hefur verið greint að Aldís Hilmarsdóttir, sem gegndi stöðu yfirmanns fíkniefnadeildar, hafi heyrt í fréttatíma RÚV í vikunni, að hún kæmi ekki til með að taka við stöðu sinni á ný.

Aldís var flutt til í starfi í janúar síðastliðnum, en tilfærslan kom til á sama tíma og tveir starfsmenn fíkniefnadeildarinnar sættu rannsókn annars vegar ríkissaksóknara og hins vegar héraðssaksóknara vegna gruns um brot í starfi.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Annað málanna varðaði lögreglufulltrúa sem sakaður var um að veita grunuðum upplýsingar um fíkniefnamál í rannsókn. Rannsókn leiddi ekki í ljós neina athugaverða háttsemi og hefur lögreglufulltrúa þessum verið boðið að koma aftur til starfa. Hann þáði það. Hitt málið er enn á borði ríkissaksóknara.

Aldísi voru falin sérverkefni á sviði samhæfingar rannsókna á skipulagðri glæpastarfsemi þegar hún vék til hliðar. Annar stjórnandi, Runólfur Þórhallsson, tók við verkefnum er sneru að rannsóknum fíkniefnamála og raunar fleiri verkefnum hjá embættinu, samhliða skipulagsbreytingum hjá embættinu sem voru innleiddar í janúar. – ósk

# Fangavörður nasista dæmdur fyrir morð

**ÞÝSKALAND** Reinhold Hanning, fyrrverandi fangavörður úr SS-sveitum nasista, var í gær dæmdur af dómstólum í Þýskalandi fyrir þátttöku í fjöldamorðunum í Auschwitz fangabúðunum.

Hanning er 94 ára og bundinn við hjólastól. Hann gegndi herþjónustu í Auschwitz þegar hann var átján ára, frá janúar 1942 til júní 1944. Hann hefur haldið því fram að hann hafi ekki tekið beinan þátt í morðunum.

Hanning hlaut fimm ára fangelsisrefsingu fyrir að hafa gerst samsekur um morð á 170 þúsund manns. Dómurinn tók tillit til aldurs hans, iðrunar og þess hversu langur tími hefur liðið frá því brotin áttu sér stað þegar refsingin var ákvörðuð.

Þeir sem komust lífs af úr fangabúðunum segja niðurstöðuna löngu tímabæran sigur. Tólf eftirlifendur báru vitni í réttarhöldunum. – þv

# Flogið undir löglegri flughæð á Þingvöllum

**Kvartað hefur verið undan því að þyrlur og litlar flugvélar fljúgi undir löglegri flughæð á Þingvöllum. Flug yfir þjóðgarðinn hefur aukist. Málið hefur verið rætt af Þingvallanefnd og verið er að skoða hvort herða þurfi reglurnar.**

**ÞINGVELLIR** „Því miður kemur það óþægilega oft fyrir að þyrlur og smáflugvélar fljúga undir löglegri flughæð,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður en undanfarið hafa borist kvartanir undan flugumferð yfir þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þyrlur og litlar flugvélar sem fara í ferðir með ferðamenn fljúgi undir löglegri flughæð og angri þannig gesti þjóðgarðsins. „Gestir hafa verið að kvarta og finnst vanta kyrrð og frið. Stundum er maður í augnhæð við einstaklingana í flugvélinni til dæmis þegar þeir fljúga hjá brúninni við Almannagjá.“

Ólafur útskýrir að engin sérlög séu til um flughæð yfir þjóðgarðinum heldur gilda almenn loftferðalög. Hann segir þjóðgarðinn eiga að vera lausan við svo mikla flugumferð. Málið hafi verið rætt í Þingvallanefnd og þá hvort ekki þurfi að herða reglurnar. „Í hvert einasta skipti sem flugvél eða þyrla fer of nálægt þá kærum við það til loftferðaeftirlitsins,“ segir Ólafur en bætir við að það geti þó verið snúið að ná niður númerum loftfaranna.

Ólafur tekur það fram að þrátt fyrir þetta sé samstarfið við þyrlufyrirtækin gott að flestu leyti. „Við eigum gott samstarf en þessi mál koma þó oft upp,“ segir Ólafur, sem telur að það verði að bregðast við, sérstaklega í ljósi þess að slíkar ferðir séu að aukast í nútímaferðamennsku. „Við höfum litið svo á að það þurfi að vera pláss fyrir þennan þátt ferðamennskunnar en það þarf að finna leið til að þetta gangi upp.“



Samkvæmt upplýsingum frá Isavia mega lítil loftför sem fljúga yfir samkomu fjölda manna ekki fara neðar en í 1.000 fet. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Í hvert einasta skipti sem flugvél eða þyrla fer of nálægt þá kærum við það til loftferðaeftirlitsins.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og formaður FÍ



Samkvæmt upplýsingum frá Isavia mega lítil loftför sem fljúga yfir samkomu fjölda manna ekki fara neðar en 1.000 fet. „Þetta er ekki hátt. Þúsund fet eru um 330 metrar sem er í hæð við hlíðar nærliggjandi fjalla. Mótbylgjur frá þyrlunum eru mjög þungar þegar flogið er yfir hóp fólks.“

nadine@frettabladid.is



Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur ekki verið til vandræða á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







PIPAR\TBWA • SÍA

**TÖLUR VIKUNNAR** 12.06.2016 - 18.06.2016

**39,2%**

**28.120**
**stangveiddum löxum** var sleppt aftur veiðisumarið 2015.



**500**
**manns prjóna lopapeysur** fyrir Handprjónasambandið.

**224**
**hrefnur** er leyfilegt að veiða við Ísland árlega næstu árin.



**1.000**
tonn kaupir Ístex af **íslenskri ull** á ári



**750**
tonn standa eftir þegar hreinsun er lokið.



**24**
sýni af **skógarmítli** bárust rannsóknastofnunum í fyrra.

**7**



**brúðhjón** létu pússa sig saman á stóra brúðkaupsdeginum í Breiðholtskirkju á laugardag.

**450**
milljónir er virði **gagna Creditinfo** í samningi um aðgengi við viðskiptafræðideild HÍ.





**79,7%**
**kjósenda** myndu kjósa í forsetakosningum með **rafrænum hætti** væri boðið upp á það.

## Þrjú í fréttum
### Bolti, kosningar og raddleysi

**Hannes Þór Halldórsson**
*markmaður íslenska landsliðsins*



var valinn í úrvalslið fyrstu umferðar á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi. Hannes var einnig maður leiksins hjá Fréttablaðinu eftir leik Íslands við Portúgal sem endaði með jafntefli. Hannes var í ítarlegu viðtali við helgarblað Fréttablaðsins um síðustu helgi, en hann átti erfiðan vetur eftir meiðsli á öxl og óvissan var mikil um þátttöku hans í mótinu.

**Halla Tómasdóttir**
*forsetaframbjóðandi*



bætti við sig fylgi frá síðustu könnun Fréttablaðsins í vikunni. Mælist hún nú með 9,6 prósenta fylgi meðal þeirra sem taka afstöðu. Andri Snær Magnason bætti einnig við sig og mælist nú með 13,1 prósent. Guðni Th. Jóhannesson fékk 56 prósent og Davíð Oddsson 16,1 prósent. Kosið verður eftir viku.

**Jökull Júlíusson**
*söngvari hljómsveitarinnar Kaleo*



þurfti að aflýsa fyrirhuguðum tónleikum vegna raddleysis en hljómsveitin gaf á dögunum út nýja plötu. Meðal aflýstra tónleika voru sjálfir útgáfutónleikarnir í El Rey Theatre í Los Angeles. Plata sveitarinnar fékk afar góðar viðtökur víðs vegar um heiminn og fór rakleiðis á toppinn hjá iTunes í Kanada, Grikklandi, Sviss og víðar.

# Forsætisráðherra talaði um misskiptingu í hátíðarræðunni

**Forsætisráðherra segir landsmenn ekki þola að sumir fái að njóta en aðrir geri það ekki. Um leið sagði hann í hátíðarræðu sinni í gær, 17. júní, þjóðhátíðardaginn, að hver hlyti að vera sinnar gæfu smiður.**

**SAMFÉLAG** Afgirt svæði á Austurvelli vegna hátíðardagskrár þjóðhátíðardagsins í gær var töluvert stærra en verið hefur síðustu ár.

Breytingin er sögð hafa verið gerð í samstarfi við forsætisráðuneytið og Alþingi vegna mótmælanna sem voru við Austurvöll á þjóðhátíðardeginum í fyrra. Þá hópuðust þar saman allt að þrjú þúsund manns til að mótmæla þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem leidd var af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi forsætisráðherra.

Í viðtali við Vísi sagði Ágúst Svansson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem yfirumsjón hafði með öryggisgæslu á Austurvelli, að hátíðardagkráin hafi farið friðsamlega fram.

Hátíðarhöld 17. júní voru annars með hefðbundnu sniði um land allt.

Tugir þúsunda Íslendinga lögðu leið sína í miðbæ Reykjavíkur til þess að fagna deginum. Meðal dagskrárliða í borginni var fornbílasýning, mót í siglingum og þétt tónlistardagskrá í Hörpu. Veður var milt þótt sólin hefði ekki látið sjá sig.

Sigurður Ingi Jóhannsson, núverandi forsætisráðherra, hélt ræðu á Austurvelli líkt og venjan er. Í ræðu sinni ræddi forsætisráðherrann misskiptingu í samfélaginu.

„Ísland er auðugt land, land sem býr við gnægð auðlinda og mannauð mikinn. Þann auð eigum við að nýta til að tryggja sem best að á Íslandi þurfi enginn að líða skort,“ sagði hann í ræðunni. „Það er stórt verkefni sem ekki verður leyst í einu vetfangi, og það verður aðeins leyst þannig að við leggjumst öll á árar – saman.“

> **Ísland er auðugt land, land sem býr við gnægð auðlinda og mannauð mikinn. Þann auð eigum við að nýta til að tryggja sem best að á Íslandi þurfi enginn að líða skort.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra



Sigurður Ingi sagði fólk ekki gera kröfu um að allir séu jafnsettir en fólk hafi hins vegar ekki þol fyrir óréttlátri skiptingu þar sem sumir fái að njóta á meðan aðrir gera það ekki. „Sérstaklega á þetta við þegar tilfinning fólks er sú að sumir fái fleiri og betri tækifæri en aðrir. En gleymum því ekki heldur að hver er sinnar gæfu smiður.“

Það var ekki eingöngu í Reykjavík sem menn fögnuðu deginum, heldur var það gert í flestum stærri byggðarlögum.

Á Akureyri var hátíðardagskrá í Lystigarðinum og skátakvöldvaka, í Reykjanesbæ var metnaðarfull skemmtidagskrá, á Ísafirði var gengin skrúðganga með skátum og lögreglu í broddi fylkingar og á Egilsstöðum var glænýtt leikrit um Lagarfljótsorminn frumsýnt við mikinn fögnuð, svo eitthvað sé nefnt. **olof@frettabladid.is**



**Aðalhátíðarsvæðið í Reykjavík var í nágrenni Tjarnarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Veðrið lék við landsmenn í gær og var víðast hvar fjölmennt á hátíðarhöldum í tilefni af 17. júní, jafnt í Reykjavík sem annars staðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA


**SUNNUDAGUR 19. JÚNÍ**

## Fjölskyldudagur og opinn fundur

**SmáraTívolí kl. 11**

Bjóðum til fjölskyldudags í SmáraTívolíi frá kl. 11–13.

Við verðum á efri hæðinni tilbúin í samtal við foreldra og með tímakort í tækin fyrir krakkana.

**Gerðarsafn kl. 20**

Opinn fundur í Gerðarsafni í Kópavogi kl. 20.00.

Ég hlakka til að hitta sem flesta, kynna mig og mínar áherslur og eiga við ykkur samtal um framtíðina.

Sjáumst á sunnudaginn,
Halla og Björn



**Halla** förum þangað 2016

halla2016.is | facebook.com/halla2016

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**Allir fá ís í dag í Skútuvogi og Akureyri kl. 11-16**

**Stjúpu-veisla!** Gildir á meðan birgðir endast

Stjúpur 10 stk. í bakka.
**799 kr**
~~1.790 kr~~

OUTBACK
ÞÚ SPARAR: 5.000 kr
**21.900 kr**
~~26.900 kr~~
**Gasgrill með gashellu**
Omega 250 gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði og gashellu. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000298

**18% afsláttur**

Lavatera.
**1.990 kr**
~~2.690 kr~~

Gildir á meðan birgðir endast

Sýpris hæð ca. 100 cm.
**999 kr**
~~2.490 kr~~

**20% afsláttur** af frostþolnum útipottum

blómaval

**699 kr/stk.**
~~990 kr/stk.~~
**Hnoðrar**
Margar gerðir.
11260970

# Allt fyrir garðinn og pallinn
á betra verði

IKRA mogatec
FRÁBÆRT VERÐ
**4.995 kr**
**Rafmagnsorf IGT350**
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616

Nilfisk
**12.995 kr**
~~16.595 kr~~
**Háþrýstidæla C105.6-5**
105 bör, 440 l/klst., sjáfvirk ræsing/ stöðvun, 5 m slanga.
5254249

**21% afsláttur**

TEXAS
**Sláttuvél Razor 4610 TR/W með drifi**
139 cc, 2,3 kW, slátturbreidd 46 cm, sláttukerfi 4in1, 6 hæðastillingar, með drifi.
5085302
**15% afsláttur**
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**42.495 kr**
~~49.995 kr~~

**32% afsláttur**
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.900 kr**
~~14.590 kr~~
**Garðstóll Chamonix**
3899590

JOTUN
**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**1.995 kr** 3 ltr
~~2.385 kr~~

**Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni**

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is



Ragnar Kjartansson, nýr borgarlistarmaður, og Kristján Jóhannsson óperusöngvari við athöfnina í Höfða í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Nýr borgarlistamaður er Ragnar Kjartansson

**MENNING** Ragnar Kjartansson myndlistarmaður var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2016 við hátíðlega athöfn í Höfða í gær.

Fram kemur í tilkynningu borgarinnar að Ragnar hafi borið hróður íslenskrar myndlistar og Reykjavíkur um heimsbyggðina. Menningar- og ferðamálaráð var einhuga í valinu.

Ragnar er þekktur fyrir fjölbreytt verk sem eiga rætur að rekja í ólíka miðla, þar á meðal leikhús, tónlist, málverk og bókmenntir. Hann hefur sýnt um allan heim og er stór einkasýning hans væntanleg í Listasafn Reykjavíkur á komandi ári. Hann hlaut formlega menntun við Listaháskóla Íslands og Konunglegu listaakademíuna í Stokkhólmi. – þv







Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

## Forsetakjör

**25. júní 2016**
**samkvæmt lögum nr. 36 frá 1945**

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði á kjördag, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22.

Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 18:30 og hefst þá flokkun atkvæða.

15. júní 2016.
Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,
Jónas Þór Guðmundsson,
Guðrún Sesselja Arnardóttir,
Elín Jóhannsdóttir,
Ástríður Sólrún Grímsdóttir,
Eysteinn Jónsson.


## Bretar syrgja



Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, vottaði í gær Jo Cox, þingkonu flokksins, virðingu sína, við staðinn þar sem ráðist var á hana og hún myrt í Birstall í Bretlandi í fyrradag. Cox hafði barist fyrir veru Breta í Evrópusambandinu, en kosið verður um framhald aðildar landsins næsta fimmtudag, 23. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Menga eins og álverin

**Flugfélögin WOW og Icelandair losa jafn mikið magn gróðurhúsalofttegunda og álverin hér á landi. Þingmaður segir mikilvægt að skoða flugið einnig.**

**UMHVERFISMÁL** Flugfloti íslensku flugfélaganna WOW og Icelandair losar jafn mikið magn gróðurhúsalofttegunda í ár og álverin hér á landi. Með sívaxandi straumi ferðamanna hingað til lands er líklegt að fyrirtækin tvö muni losa meira en álverin í komandi framtíð.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingkona Vinstri grænna, spurði umhverfisráðherra út í magn útblásturs gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum flugfélögum. Þar kemur fram að samkvæmt gögnum frá Eurocontrol losa íslensk flugfélög 0,0154 tonn af koldíoxíði á hvern floginn kílómetra. Íslensku flugfélögin tvö fljúga um 85 milljón kílómetra á þessu ári og því eru um háar tölur að ræða.

Fram kemur í svari umhverfisráðherra að samkvæmt Kýótó-bókuninni bera einstök ríki ábyrgð á losun



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingkona Vinstri grænna

frá innanlandsflugi, en ekki frá millilandaflugi eða millilandasiglingum. Einnig segir að í losunarbókhaldi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er millilandaflug ekki undir skuldbindingum einstakra ríkja.

Bjarkey segir það mikilvægt í ljósi stöðunnar að skoða hvað íslensk stjórnvöld geta gert til að minnka vistspor sitt og því þurfi líka að huga að samgöngum til og frá landinu.

„Þetta helst svo í hendur við annað sem við erum að skoða, í sambandi við nýgerða búvörusamninga og innflutning hingað til lands. Það er keppikefli okkar að minnka útblástur okkar og ýta undir umhverfisvænni leiðir. Árif gróðurhúsalofttegunda eru að koma fram núna og það hefur mikil áhrif bæði hér á landi og annars staðar,“ segir Bjarkey.

Sigrún Magnúsdóttir tekur ágætlega í hugmyndir þess efnis að kolefnisjafna flug til og frá landinu með einhverjum hætti. „Kolefnisjöfnun vegna flugferða sérstaklega gæti verið útfærð í samvinnu við flugfélög sem mörg bjóða upp á kolefnisjöfnun gegn aukalegri greiðslu. Fjölmargir erlendir aðilar bjóða upp á kolefnisjöfnun, en einungis einn íslenskur aðili að því er ráðuneytið veit best, þar sem kaupendum býðst að fjárfesta í skógrækt sem bindur jafn mikið magn koldíoxíðs úr andrúmslofti og nemur losuninni,“ segir í svari hennar. sveinn@frettabladid.is


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 19.06 2016
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM*
FÁNI
97
ÍSLENSKI FÁNINN
Flottur fáni á priki.
Fáni: 30 x 46 sm.
Prik: 60 sm.
Vnr. HZ1530160
HÚFA
399
FRÓN HÚFA
Ein stærð.
Vnr. 550-20341
HÖFUÐKLÚTUR
249
FRÓN HÖFUÐKLÚTUR
Ein stærð.
Vnr. 550-20340
ÍSLAND LÚÐUR
Vnr. S34609180
LÚÐUR
399
ÍSLAND GLERAUGU
Vnr. 491101520
GLERAUGU
399
ÍSLAND ALPAHÚFA
Vnr. CT1202140
ALPAHÚFA
499
KUBBSPIL
2.995
GULTROST KUBBSPIL
Vnr. 6430500
20%
EM AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÆGINDASÓFUM OG STÓLUM
24% afsláttur
BBQ GRILL
Vnr. C80215160
FULLT VERÐ: 1.695
1.295
GRILLBURSTI
Góður, langur grillbursti. Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!
Vnr. YL7150170
GRILLBURSTI
289
ÁLBAKKAR
4 stk. í pakka.
Vnr. DV5100900
ÁLBAKKAR
299
4 STK.
ÚTILEGUSTÓLL
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara.
Hægt að leggja saman.
Vnr. 3761301
ÚTILEGUSTÓLL
1.595
FRÁBÆRT VERÐ
Sparið 5000
4 MANNA TJALD
FORTJALD HÆÐ: 190 SM.
OPEN AIR
1500 mm
7,90 kg
Netgíró
FULLT VERÐ: 24.990
19.990
DREJET TJALD
Frábært 4 manna fjölskyldutjald með einum svefnskála og góðu fortjaldi með dúk. Hæð á fortjaldi er 190 sm. Ytra byrði er úr polyesterefni með límdum saumum svo að bleyta nái síður inn. Innra byrði er úr polyesterefni sem andar.
Stærð: B260 x L460 x H190 sm. Þéttleiki: 1500 mm/cm². Þyngd: 7,9kg. Vnr. 4704400
INTEX
VERÐ FRÁ:
1.695
VELOUR VINDSÆNGUR
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velour efni. Nokkrar stærðir.
Vnr. 4733600, 4733200, 4734100, 4735900

## Tölurnar að baki árásunum

**372**
fjöldaskotárásir (árásir þar sem að minnsta kosti fjórir verða fyrir skoti) voru gerðar í Bandaríkjunum á síðasta ári

**475**
féllu í árásunum

**1.870**
slösuðust

**13.286**
féllu alls fyrir byssumönnum á síðasta ári

**60**
prósent allra morða voru framin með byssu að vopni, samanborið við 10 prósent á Bretlandi

**300**
milljónir byssa eru taldar vera í Bandaríkjunum

**173**
fjöldaskotárásir hafa verið gerðar það sem af er 2016



Lögreglumenn fyrir utan vettvang árásarinnar í Orlandó. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Umræða þokast áfram um herta byssulöggjöf vestan hafs

Tvö frumvörp demókrata fara fyrir öldungadeild Bandaríkjaþings á næstunni. Umræða um byssulöggjöf kviknaði á ný eftir árásina í Orlandó. Forsetinn styður frumvarp samflokksmanna sinna.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Eftir fjórtán tíma málþóf í bandarísku öldungadeildinni sagði Chris Murphy, öldungadeildarþingmaður demókrata, sem fór fyrir samflokksmönnum sínum í málþófinu, að hann hefði fengið vilyrði fyrir því að kosið yrði á þinginu um tvö frumvörp samflokksmanna hans um byssulöggjöf. Annars vegar frumvarp Dianne Feinstein um að þeir sem eru á listum yfir mögulega hryðjuverkamenn fái ekki að kaupa skotvopn og hins vegar frumvarp Murphy, Cory Booker og Chuck Schumer um að kanna þyrfti bakgrunn þeirra sem kaupa skotvopn á netinu og á byssusýningum.

Ekki er búið að setja málin á dagskrá öldungadeildarinnar. Heimildarmenn fréttavefsins Politico greina frá því að repúblikanar muni setja fram sínar eigin tillögur um breytta byssulöggjöf. Sú tillaga mun miða að því að þeim sem eru á listum yfir mögulega hryðjuverkamenn fyrir mistök verði gert auðveldara að láta skrá sig af listanum svo þeir geti keypt skotvopn. Þeim sem eftir yrðu á listanum yrði hins vegar óheimilt að kaupa skotvopn.

Tillagan nýtur stuðnings NRA, félags byssueigenda í Bandaríkjunum. Félagið hefur einnig lýst yfir stuðningi við forsetaframbjóðanda repúblikana, Donald Trump.

Kveikjan að umræðunum var árás Omars Mateen á hinsegin skemmtistaðinn Pulse í borginni Orlandó í Flórída. Mateen myrti þar 49 gesti staðarins með hríðskotabyssu að vopni og særði 53. Byssuna hafði hann keypt löglega. Árásin er mannskæðasta skotárás í sögu Bandaríkjanna.

„Okkur skilst að við höfum fengið vilyrði fyrir því að þessi mál fái þann farveg að komast í atkvæðagreiðslu,“ sagði Murphy í yfirlýsingu í gær. Sjálfur talaði Murphy meginhluta þeirra fjórtán tíma sem málþófið stóð og lofaði því að tala eins lengi og hann gæti þar til þingið tæki til aðgerða.

Árásin í Orlandó er ekki sú fyrsta sem hefur sett skrið á umræður um byssulöggjöf í Bandaríkjunum. Á síðustu nokkrum árum hafa aðrar árásir, meðal annars á grunnskólann Sandy Hook, á veislugesti í San Bernardino og á kvikmyndahús í Aurora, einnig komið umræðunni aftur í gang. Hins vegar er lítill samhljómur um lausnir á milli repúblikana og demókrata.

Rétturinn til að eiga vopn er stjórnarskrárverndaður og hefur reynst erfitt að koma breytingum í gegn sem þóknast báðum flokkum. Demókratar hafa til að mynda lengi viljað banna almenningseign á hríðskotabyssum, viljað banna skothylki sem rúma fleiri en tíu kúlur og vilja nákvæmari rannsóknir á bakgrunni byssukaupenda. Repúblikanar hafa barist gegn þeim tillögum á grundvelli stjórnarskrárinnar og hafa sagt það rétt fólks að eiga byssur.

## Styður samflokksmenn sína

„Í dag, sem Bandaríkjamenn, syrgjum við hrottafengin morð, ógnvænlegt blóðbað tuga saklausra borgara.“ Svona hóf Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, sína fjórtándu ræðu sem haldin er í kjölfar fjöldamorðs, á hans átta árum í embætti. Ræðuna hélt hann eftir árásina í Orlandó.


Barack Obama, forseti Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Obama styður þær tillögur samflokksmanna sína sem kosið verður um í öldungadeildinni. Sjálfur hefur hann í áraráðir kallað eftir því að mögulegir hryðjuverkamenn fái ekki að kaupa byssur en jafnframt vill hann banna almenningseign á hríðskotabyssum.

„Fólk með möguleg tengsl við hryðjuverkahópa, sem má ekki stíga um borð í flugvél, á ekki að geta keypt byssur. Setjum lög gegn almenningseign á hríðskotabyssum,“ sagði Obama í sömu ræðu og bætti við: „Annars, þrátt fyrir allt sem við gerum og allar fórnir sem færðar hafa verið, munu sams konar atburðir eiga sér stað aftur.“

## Málþóf Murphy ekki það lengsta

Þótt málþóf Chris Murphy hafi farið yfir rúma fjórtán klukkutíma er hann hvergi nærri meti öldungadeildarþingmannsins Stroms Thurmond. Sá talaði í rúman sólarhring gegn nýjum lögum um borgaraleg réttindi árið 1957. Næst honum komast Alfonse D'Amato sem talaði í 23 og hálfan klukkutíma í umræðum um fjárlög hersins árið 1986 og Wayne Morse sem talaði í 22 og hálfan tíma um olíuiðnaðinn árið 1953.

Met Íslendinga á Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra. Ræða hennar var flutt á Alþingi frá klukkan 12.27 fimmtudaginn 14. maí 1998 til klukkan 00.37 föstudaginn 15. maí 1998 og fjallaði hún um húsnæðismál. Ræðan var því rúmir tíu klukkutímar. Árið 2013 gaf Samband ungra sjálfstæðismanna ræðuna út á bók sem ber nafnið Málþóf og er 407 blaðsíður.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
HÁSKÓLI ÍSLANDS
MANNRÉTTINDASTOFNUN

Utanríkisráðuneytið í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands efnir til fundar með fulltrúa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um áhrif átaka og hryðjuverka á virðingu fyrir mannréttindum

Mánudaginn 20. júní kl. 12-13 í Norræna húsinu

Framkvæmdastjóri Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, ODIHR, **Michael Georg Link** flytur erindið:

Human Rights and Security

Fundarstjóri: **Björg Thorarensen**, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

**Boðið verður upp á hádegishressingu að loknu erindi. Allir velkomnir.**

# ALLIR ÚT AÐ LEIKA




VIKING
Challenging the Laws of Nature since 1920



st. 35-41
**8.990**



st. 21-35
**4.229**

20% AFSLÁTTUR



st. 19-26
**4.392**
~~5.490~~

20% AFSLÁTTUR



st. 21-35
**4.792**
~~5.990~~


24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



„Við erum auðvitað í þessu alla leið,“ segir Margrét Sjöfn Torp, eiginkona forsetaframbjóðandans Andra Snæs Magnasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dvelur ekki lengi við skoðanakannanir

**Margrét Sjöfn Torp stendur fast við hlið manns síns Andra Snæs Magnasonar í kosningnabaráttu hans til embættis forseta Íslands. Þau hafa verið saman í 25 ár og er hún hans helsti yfirlesari og gagnrýnandi. Hún er hjúkrunarfræðingur og hefur starfað á Landspítalanum í 19 ár.**

Nadine Guðrún Yaghi
Nadine@frettabladid.is



Ég er að vissu leyti í forsetaframboði líka,“ segir Margrét Sjöfn Torp, hjúkrunarfræðingur og eiginkona Andra Snæs Magnasonar forsetaframbjóðenda. „Við Andri erum saman í þessu alla leið. Við höfum verið miklir samstarfsaðilar í gegn um tíðina og hef ég til dæmis verið hans helsti yfirlesari og gagnrýnandi.“

Margrét Sjöfn er fædd í Reykjavík árið 1973. Hún flutti aðeins þriggja ára gömul til Danmerkur ásamt fjölskyldu sinni og bjó þar í sjö ár. Hún flutti aftur til Íslands 1983 og hefur búið hér á landi allar götur síðan. Hún útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík 1993 og hóf þá nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Margrét hefur starfað á Landspítalanum í nítján ár. Á spítalanum starfar Margrét nú sem verkefnastjóri og segist elska vinnuna.

**Grætur með fólki**

„Ég hef lært svo margt á því að vinna á spítalanum. Sem verkefnastjóri vinn ég við það að bæta gæði og þjónustu á spítalanum. Það geri ég með því að fara yfir vinnulag og útbúa fræðsluefni fyrir sjúklinga í samvinnu við deildir spítalans. Á sumrin fer ég svo inn á deild til að halda mér við og vera í tengslum við sjúklingana.“ Hún segir að starfið geti stundum verið erfitt en á sama tíma sé það svo yndislegt.

„Maður verður að beita ákveðinni fagmennsku en maður grætur líka alveg með fólki. Mér finnst mikilvægt að maður leyfi sér að finna til með fólki og sýni fólki sem kannski hefur misst ástvin 100 prósent samkennd.“ Margrét segir starfið hafa gefið sér mikið. „Bara það að mæta fólki í allskyns aðstæðum er mér dýrmæt reynsla.“

**Vill ekki hætta að vinna**

Sem maki forseta sér Margrét ekki endilega fyrir sér að hún muni hætta að vinna á Landspítalanum. „Ég held að ég muni áfram vinna á spítalanum þó að Andri verði forseti. Ég held að sem maki forseta þurfi maður ekki alltaf að vera staðsettur á Bessastöðum,“ segir hún og bætir við að henni þyki mikilvægt að fjölskyldan haldi áfram ákveðinni raunveruleikatengingu verði Andri kjörinn.

Margét segir fólk oft spyrja sig hvaðan nafnið Torp kemur, en faðir Margrétar er hálf færeyskur og hálf danskur og móðir hennar íslensk. „Þannig er ég blanda af þremur Norðurlöndum. Ég skilgreini mig alltaf sem hálf danska enda ólst ég upp þar að hluta og tala dönsku eins og innfædd. Ég er nú samt mest íslensk.“

Margrét og Andri kynntust þegar þau unnu saman í garðyrkjudeildinni hjá Rafmagnsveitunni, aðeins 18 ára gömul. Í júní hafa þau því verið saman í 25 ár. „Við höfum alla tíð stutt hvort annað í því sem við gerum. Við erum lík að því leyti að okkur finnst gaman að fólki og sé ég því fyrir mér að starfið á Bessastöðum verði ekki endilega mjög ólíkt því sem við höfum verið að gera síðustu ár. Við höfum tekið á móti alls konar fólki hingað heim,“ segir Margrét og nefnir dæmi um þekktan japanskan tónlistarmann sem kíkti í heimsókn til þeirra hjóna á dögunum, en hann hafði haft samband við Andra eftir að hann las bókina Draumalandið.

FORSETA KOSNINGAR 2016

> **Ég held að ég muni áfram vinna á spítalanum þó að Andri verði forseti. Ég held að sem maki forseta þurfi maður ekki alltaf að vera staðsettur á Bessastöðum.**

Margréti finnst síðustu mánuðir hafa einkennst af skemmtun og spennu. Hún segir ákvörðunina um framboðið hafa verið það erfiðasta en eftir það tók ekkert nema skemmtun við. „Erfiðast var að stíga fram. Eftir að ákvörðunin var tekin hefur þetta verið mikið ævintýri og við erum búin að hitta fjöldann allan af góðu fólki um allt land. Mér þykir líka svo vænt um það þegar fólk kemur upp að okkur til að heilsa.“

Hún útskýrir að síðustu mánuðir hafi kannski ekki verið svo frábrugðnir því sem fjölskyldan er vön enda hafi Andri alltaf verið frekar þekktur á Íslandi. „Það er helst að við bætast áhyggjur hjá mér yfir því hvort Andri sé búinn að greiða sér á morgnana eða að hann sé í götóttum sokkum. En hann er allur að koma til,“ segir Margrét og hlær, en hún segir Andra stundum geta verið svolítið utan við sig. „Hann á það nú til en ég er mjög jarðbundin og þannig virkum við mjög vel sem teymi.“

**Krakkarnir vanir athyglinni**

Saman eiga Margrét og Andri fjögur börn á aldrinum átta ára til nítján. *En hvernig finnst börnunum að pabbi þeirra sé í framboði til forseta?*

„Krakkarnir eru vanir athyglinni en Andri hefur verið þekktur lengi,“ segir Margrét og nefnir dæmi um það þegar fjölskyldan fer saman í miðbæinn á Þorláksmessu þá komist þau hægt yfir því svo margir komi að heilsa upp á Andra.

„Við höfum reynt að halda fjölskyldulífinu sem eðlilegustu en ég get alveg viðurkennt það að við fáum engin foreldraverðlaun fyrir síðustu mánuðina. Við eigum hins vegar bæði rosalega gott bakland sem hefur hjálpað okkur mikið.“

Fjölskyldulífið segir hún vera gott. Fjölskyldan er dugleg að ferðast saman og líka þau Andri tvö. „Mér þykir mikilvægt fyrir okkur sem eina stóra einingu að fara saman, hvort sem það er sumarbústaður eða fjallganga, og stilla saman strengi. Þannig verðum við öll góðir vinir og þannig líður okkur vel.“

Margrét segir að skoðanakannanir síðustu daga hafi ekki truflað sig og að þau Andri séu enn í framboði til að sigra.

**Í þessu alla leið**

„Við erum í þessu alla leið og ég dvel aldrei lengi við skoðanakannanir. Það væri skemmtilegra ef maður væri ekki alltaf að ganga brekkuna uppi í mót en við erum nú vön fjallgöngum,“ segir hún og hlær.

Margrét er handviss um að Andri verði góður forseti og þjóðinni til sóma. „Andri hefur alltaf hugsað fram á við og viljað hag Íslands sem mestan. Hann er svo ótrúlega skemmtilegur og klár og hefur ástríðu fyrir því sem hann gerir,“ segir hún og nefnir dæmi um það þegar hann var að skrifa Draumalandið. „Þá tókum við handritið með okkur upp á fæðingardeild og ég las yfir fyrir hann á milli hríða. Ákafinn var svo mikill að klára bókina. Þessi saga lýsir okkur vel.“

Að lokum segist Margrét vonast til að Íslendingar mæti á kjörstað og kjósi með þeim gildum sem við viljum standa fyrir sem þjóð.




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Uppvakningar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Umræðan um embætti forseta Íslands, sem kosið verður um eftir rétta viku, hefur ekki náð þeim hæðum sem efni standa til. Þrátt fyrir marga öfluga og hugsandi frambjóðendur, með skýra sýn á það sem á okkur brennur, hefur karpið stundum náð yfirhöndinni. Sjónir hafa beinst að kunnum uppvakningum, sumum úr grárri fortíð, sem fyrir margt löngu hafa verið ræddir í þaula.

Landið, fagrar listir, náttúran, ferðamennirnir, auðlindirnar, jafnréttismál, alþjóðamál, yfirvegað og fræðilegt mat á samtímasögu, hollt grín litskrúðugra frambjóðenda og sjálf framtíðin hafa löngum stundum fallið í skuggann af brellum áróðursmeistara. Þeim hentar að ræða eitthvað allt annað – og tekst það of oft. Enda lærðu þeir sitt fag í kalda stríðinu, þegar tilgangurinn helgaði meðalið. Listin var að ná athyglinni og halda henni. Þegar þeim hentaði var ekki hikað við að moka sandi í gangverk umræðunnar í stað þess að smyrja tannhjólið.

Orðið smjörklípa er úr smiðju þessa hóps. Davíð Oddsson lýsti því snilldarlega í viðtali fyrir nokkrum árum hvernig hann hefði drepið málum á dreif og vísaði til ömmu sinnar, sem átti kött. Þegar kötturinn var ekki til friðs klíndi gamla konan smjöri á feldinn á honum. Eftir það var hann til friðs, meðan hann sleikti af sér smjörið. Þessi aðferð dugir, sagði Davíð í viðtalinu, til að beina athyglinni frá erfiðum málum.

> **Orðið smjörklípa er úr smiðju þessa hóps. Davíð Oddsson lýsti því snilldarlega í viðtali fyrir nokkrum árum hvernig hann hefði drepið málum á dreif og vísaði til ömmu sinnar, sem átti kött**

Lengi vel réð þessi hópur yfir málgagni sem með réttu eða röngu naut trausts stórs hluta þjóðarinnar. Málgagnið gerði margt vel og fór víða, sagði frá sumu en sleppti öðru – dró upp sína mynd af veruleikanum. Það átti einkum við um pólitík. Það hóf sitt fólk upp til skýjanna ef svo bar undir en gerði lítið úr meintum andstæðingum. Nú er ekkert slíkt málgagn.

Aðferðirnar duga heldur ekki lengur. Þrátt fyrir hávært tal um óburðuga fjölmiðla er vígstaða almennings gagnvart áróðri betri nú en nokkru sinni. Upplýsingar streyma að úr mörgum áttum – myndbrot héðan og þaðan. Fólk raðar brotunum saman sjálft. Einstakir fjölmiðlar hafa ekki þau áhrif sem þeir áður höfðu, sem betur fer.

Aðferðirnar sem beitt hefur verið í framboði Davíðs Oddssonar hafa líklega samt haft meiri áhrif á forsetakosningarnar en fylgið gefur til kynna. Davíð er umdeildastur frambjóðenda. Fyrir vikið má gera ráð fyrir að margir veðji á þann sem er líklegastur til að halda honum fjarri forsetastólnum. Guðni Th. Jóhannesson var í þessu tilliti réttur maður á réttum stað í upphafi.

Ef draugar fortíðarinnar hefðu ekki skyggt á umræðuna meira en góðu hófi gegnir langtímum saman gæti staðan verið allt önnur. Úr því fáum við aldrei skorið – en umræðan hefði ábyggilega orðið frjórri og skemmtilegri. Alla vega eru Guðni, Halla, Andri og fleiri prýðileg forsetaefni, sem hafa heilmikið til málanna að leggja. Þau, og raunar fleiri frambjóðendur, geta verið stolt af sinni baráttu.



Vegna breytinga á húsnæði í 101 þá er til sölu mikið af vönduðu efni svo sem: glerveggir/kerfisveggir(90m), ofnar(100 st), rúllugluggatjöld(99st), kerfisloft(500fm), ljós(80 st), móttökuborð, eldhúsháfur, raflagnaefni, skápar, viftur, loftræsti-og kælikerfi, ljósavél, hurðir, teppaflísar, WC ofl. Sjá: www.efnisveita.wix.com/0101 eða gsm 868 5007.

## Gunnar




## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugsd.



# Höfundar hamingjunnar

Sagan af örþjóðinni sem vegnar vonum framar er alltaf vinsæl og það er bæði sætt og skemmtilegt að þrjú prósent þjóðarinnar hafi verið í stúkunni í vikunni, að átta prósent þjóðarinnar ætli á EM og að reyndar eru 0,0007 prósent þjóðarinnar í landsliðinu ef út í það er farið. (Ef einhvern tímann er heppilegur tími til að hertaka Ísland er það akkúrat núna. Landið er svo gott sem mannlaust.) En sagan er ekki bara skemmtileg af því að hún er um landslið fámennrar þjóðar, heldur líka vegna þess að veðjað var á fótboltann.

### Eitthvað annað

Þegar sagðar eru fréttir af árangrinum í erlendum miðlum er söguskýringin sú að forgangsraðað hafi verið í þágu fótboltans á Íslandi. Krakkarnir sem hefðu farið að æfa handbolta yfir vetrarmánuðina gátu loksins farið að spila fótbolta í innanhússhöllum allt árið um kring. Söguskýringin er að þessi fjárfesting hafi skilað afreksmönnum og -konum í fótbolta. Það er kannski meira kjöt á beinunum í þessari skýringu en oft er hjá leikskýrendum í íþróttaleikjum. Þeir minna stundum dálítið á stjórnmálaskýrendurna sem segja okkur það sem við sjáum, að þegar flokkur bætir við sig fylgi að þá sé það til marks um að flokkurinn sé að styrkja sig.

Í dönskum fjölmiðlapistlum um Ísland á EM örlar auðvitað á háði þar sem menn fagna íslensku undri sem ekki hefur í för með sér eyðileggjandi fjármálahrun eða eldglæður og svart öskufall yfir gjörvalla Evrópu. Danirnir þakka fyrir eitthvað annað íslenskt undur. Að þessu leyti má aldrei þessu vant taka undir með Dönum því það kemur nefnilega aftur og aftur í ljós að það er einmitt þetta „eitthvað annað“ sem kemur Íslandi helst á kortið. Núna er það fótboltinn og áður hefur það verið tónlistin. Sjónvarpsþættir og jafnvel tölvuleikir. Og einu sinni voru það sögurnar. Íþróttir og menning eru trompin okkar.

### Hetjan og skúrkurinn

Við elskum þá alla. Heimir er auðvitað heimsins huggulegasti tannlæknir, Birkir er svo sjarmerandi að konur geta orðið barnshafandi bara við tilhugsunina um hann og Hannes, hann virðist geta allt. Þegar fram kom að Portúgal var með boltann 70 prósent tímans í leiknum en Ísland 30 prósent gleymdist að nefna að þar af var hlutur Hannesar sennilega um 20 prósent. Og loks er það Lars. Maður minn hvað ég elska Lars, manninn sem ekki stendur upp þegar við skorum heldur brosir út í annað og setur kannski örlítið meiri kraft í tyggjójórtrið. Það er kannski helst að það sitji dálítið í mér hvernig talað er um aldur Eiðs, sem er jafnaldri minn, en mætti ætla að væri fæddur 100 árum fyrr, veturinn 1878. Ævintýrin eru hins vegar ekki bara samastaður hetjunnar, þar leynast líka skúrkar. Ronaldo rammaði inn þessa staðreynd þegar hann lét eins og barnið sem leggst á gólf í miðri verslun þegar það fær ekki það sem það vill. Lögmál æðiskastsins er einmitt að það fer aldrei öðruvísi fram en fyrir framan margmenni, hvort sem það er á íþróttaleikvangi eða á búðargólfinu. Ronaldo er þar með kominn í hóp óvina þjóðarinnar, með mönnum eins og Halim Al, og nú rífa börn fótboltaspjöldin af fallinni hetju.

### Spegillinn í grasinu

Eftir leikinn við Portúgal breyttist vefrúnturinn yfir fyrsta bolla dagsins og kaffistofuspjallið fjallar núna um hvað pistlahöfundur Politiken sagði um Ísland, fréttirnar í Dagens Nyheter og úttekt Spiegel á fótboltaástinni (Islands EM-Einstand: Es ist Liebe). Það er vegna þess að allt er miklu betra í lífinu þegar vel gengur, en enn þá betra þegar aðrir taka eftir því og segja frá því. Það er best. Liðsmenn landsliðsins eru ekki aðeins hetjur fallegrar sögu heldur jafnframt höfundar að hamingju heillar þjóðar. Við speglum okkur í árangri þeirra á grasinu. Lars hefur sagt að þegar liðið trúir þá fara aðrir að trúa líka. Og það er ævintýrið, við trúum öll. Fegurðin við söguna felst svo í því að strákarnir segja okkur að við séum með þeim. Þeir leyfa okkur að trúa að söngurinn í stúkunni, svitakófið í stofunni og jafnvel statusinn á Facebook hjálpi þeim. Liðið leyfir okkur að trúa því að okkur hafi gengið vel þegar þeim vegnar vel. Takk fyrir það – og gangi okkur öllum vel í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM75250

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



# SAMFERÐA FRÁ UPPHAFI

*Skólavörðuholt, sjöundi áratugurinn. Ungir krakkar að byrja knattspyrnuferilinn og turn Hallgrímskirkju smám saman að verða að veruleika. Flugvélin er skrúfuþota af gerðinni Vickers 759 Viscount. Flugfélag Íslands fékk tvær slíkar flugvélar árið 1957, sem voru bylting í farþegaflugi og þægindi náðu nýjum hæðum.*

Það hefur verið ómetanlegt að fá að vera samferða landsliðinu okkar um heiminn frá því að það steig sín fyrstu skref í boltanum erlendis fyrir 70 árum. Þakklæti, stolt og spenna eru okkur efst í huga þegar við óskum liðinu alls hins besta á þessu ferðalagi sem stefnt hefur verið að í áratugi. Við hlökkum til að hvetja þá til dáða í Frakklandi ásamt dyggum aðdáendum bæði úti og heimafyrir.

**Við erum öll í sama liði. Áfram Ísland!**




+ icelandair.is/em2016

Vertu með okkur

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 76764 06/16

## Þjóðhátíðarstemming í Marseille



**Mættir til Marseille** Fleiri hundruð stuðningsmenn íslenska landsliðsins eru mættir til Marseille þar sem Ísland og Ungverjaland eigast við í dag. Það var hálfgerð þjóðhátíðarstemming hjá Íslendingunum í Marseille í gær þar sem Herbert Guðmundsson tróð upp með fleirum. Íslensku strákarnir fengu frábæran stuðning í leiknum gegn Portúgal og það sama verður eflaust uppi á teningnum á Stade-Vélodrome í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Munum sýna á okkur aðra hlið

**Ísland mætir Ungverjalandi í lykilleik í F-riðli EM 2016 í Frakklandi í Marseille í dag. Þjálfarar íslenska liðsins reikna með erfiðum leik tveggja jafnra liða þar sem minnstu smáatriði gætu ráðið úrslitum.**

EM2016
Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** „Nú fáum við tækifæri til að sýna aðra hlið á okkur,“ sagði Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands, á blaðamannafundi í Marseille í gær. Vísaði hann til þess að Ísland hafi verið í miklu varnarhlutverki gegn Portúgal á þriðjudag en að leikurinn gegn Ungverjalandi í dag yrði allt annars eðlis. Hann er lykilleikur fyrir bæði lið upp á framhaldið að gera. Sigur myndi svo gott sem tryggja áframhaldandi þátttöku og líklegt er að Ungverjum myndi duga jafntefli til þess.

Ísland má búast við því að það stjórni leiknum meira en strákarnir gerðu gegn Portúgal, að sögn Heimis. „Ég reikna með því að við fáum að hafa boltann meira og spurning hversu vel okkur tekst að nýta það. Það verður að hafa í huga að Ungverjar voru afar klókir í að vinna boltann af Austurríkismönnum.“

Ungverjar hafa komið einna liða mest á óvart á mótinu með því að skella Austurríki, sem margir reiknuðu með að yrði sterkt á EM í Frakklandi, 2-0 á þriðjudag.

„Frammistaða Ungverjalands kom mér ekki á óvart,“ sagði Lars Lagerbäck, meðþjálfari Heimis. „Við höfum séð að Ungverjaland er á uppleið og við berum að minnsta kosti einhverja virðingu fyrir þeim. Það sem kom mér helst á óvart er að Ungverjaland lét Austurríki ekki líta nógu vel út. Við eigum von á góðum leik og við þurfum að spila vel sem lið,“ sagði Svíinn enn fremur.

**Engar áhyggjur af meiðslum**

Aron Einar Gunnarsson var tæpur í nára fyrir leikinn gegn Portúgal en segir að það hafi í raun aldrei komið til greina hjá honum að missa af leiknum. Aðrir hefðu verið stressaðri en hann. „Það var bara spurning um hversu lengi ég myndi endast en ég fann ekki fyrir þessu. Ég er betri núna en áður og er ég jákvæður á framhaldið,“ sagði fyrirliðinn sem reiknar með að leikurinn á morgun verði viðureign tveggja jafnra liða.

„Þetta verður stál í stál. Ungverjaland er með virkilega sterkt lið og er hugarfarið þeirra svipað og hjá okkur. Þetta er bara spurning um hvernig við komum til leiks og mætum þeim. Ég stórefa að Ungverjar muni spila upp á jafntefli,“ sagði Aron Einar í gær.

Heimir og Aron voru sammála um að þetta yrði slagur tveggja sterkra varnarliða og að leikurinn myndi bera keim af því.

„Þetta verður erfiður leikur. Eitt mark gæti klárað og það er vonandi að það detti okkar megin,“ sagði Aron Einar.

### Líkleg byrjunarlið




**Ætlum okkur þrjú stig**

Kolbeinn Sigþórsson segir að sjálfstraustið í íslenska liðinu sé gott eftir jafnteflið gegn Portúgal. „Það var gott að ná að koma til baka eftir að hafa lent 1-0 undir gegn jafn sterku liði og Portúgal,“ segir Kolbeinn sem segir þó engan vafa á því hvað Ísland ætlar sér að gera í leiknum.

„Bara svo það sé alveg á hreinu þá ætlum við að fara í leikinn til að ná í öll þrjú stigin. Bæði lið munu hugsa þannig og við erum við öllu búnir.“

**Meðferð við háræðasliti - Tilboð**




**10% afsláttur** af 2 × 30 mín.meðferð
**15% afsláttur** af 3 x 30 mín.meðferð
**20% afsláttur** af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.



**Snyrtistofan Hafblik**
Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Tomás Necid tryggði Tékkum stig gegn Króötum í D-riðli á EM 2016 í gær. Króatía var miklu sterkari aðilinn í leiknum og komst í 0-2. En varamaðurinn Milan Skoda kveikti von í brjósti Tékka þegar hann minnkaði muninn og skömmu fyrir leikslok fengu Tékkar víti. Necid, sem kom einnig inn á sem varamaður, fór á punktinn og skoraði af gríðarlegu öryggi. Tékkar eiga því enn möguleika á að komast í 16-liða úrslit.



**EM 2016 í Frakklandi í gær**

**D-riðill**

**Tékkland - Króatía 2-2**
0-1 Ivan Perisic (37.), 0-2 Ivan Rakitic (59.), 1-2 Milan Skoda (76.), 2-2 Tomás Necid (89.).

**Spánn - Tyrkland 3-0**
1-0 Álvaro Morata (34.), 2-0 Nolito (37.), 3-0 Morata (48.).

**Stigin í D-riðlinum:** Spánn 6, Króatía 4, Tékkland 1, Tyrkland 0.

**E-riðill**

**Ítalía - Svíþjóð 1-0**
1-0 Éder (88.).

**Stigin í B-riðli:** Ítalía 6, Írland 1, Svíþjóð 1, Belgía 0.

**KRÓATAR TIL VANDRÆÐA**
Króatískar fótboltabullur urðu sér til skammar á leik Tékklands og Króatíu í Saint-Étienne í gær. Þegar nokkrar mínútur voru til leiksloka köstuðu þær blysum inn á völlinn og gera þurfti hlé á leiknum. Leikmenn Króatíu báðu bullurnar um að hætta og fordæmdu hegðun þeirra í viðtölum eftir leik. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem stuðningsmenn Króata eru til vandræða en UEFA er með mál þeirra til rannsóknar. Ljóst er að uppákoman í gær mun draga dilk á eftir sér.

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.55 | F1 Æfing, Bakú | Sport |
| 12.50 | F1 Tímataka, Bakú | Sport |
| 16.00 | US Open 2016 | Golfstöðin |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |
| 23.00 | Argentína - Venesúela | Sport |
| 02.00 | Mexíkó - Síle | Sport |

### Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 12.30 | F1 Keppni, Bakú | Sport |
| 16.00 | US Open 2016 | Golstöðin |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |
| 00.00 | G. State - Cleveland | Sport |

## EM helgin

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | Belgía - Írland | E-riðill |
| 16.00 | Ísland - Ungverjaland | F-riðill |
| 19.00 | Portúgal - Austurríki | F-riðill |

### Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Rúmenía - Albanía | A-riðill |
| 19.00 | Sviss - Frakkland | A-riðill |

RENAULT
Passion for life

# GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR




## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður. Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum. Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

**Renault Captur**
**Dísil, sjálfskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð: 3.690.000 kr.**
**Verð á mánuði 56.570 kr.****
**Fleiri útgáfur í boði.**
**Nánari upplýsingar á Renault.is**

**Renault Kadjar 2wd**
**Dísil, sjálfskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð : 4.390.000 kr.**
**Verð á mánuði 67.278 kr.****
**Fleiri útgáfur í boði.**
**Nánari upplýsingar á Renault.is**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

**Mánaðarlegar afborganir í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél á Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM75186

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



**Þjálfari Ungverjalands**
**Bernd Storck**
**Aldur:** 53 ára

Þjóðverji sem tók við ungverska landsliðinu sumarið 2015 af Pál Dárdai. Þjálfaði áður m.a. landslið Kasakstans. Storck stýrði Ungverjum í síðustu tveimur leikjum undankeppninnar og svo í umspilsleikjunum gegn Noregi. Fékk gamla brýnið Andreas Möller til að aðstoða sig.

**F-riðill** Undankeppni EM

| | S | J | T | Stig |
|---|---|---|---|---|
| 1. N-Írland | 6 | 3 | 1 | 21 |
| 2. Rúmenía | 5 | 5 | 0 | 20 |
| 3. Ungv.land | 4 | 4 | 2 | 16 |
| 4. Finnland | 3 | 3 | 4 | 12 |
| 5. Færeyjar | 2 | 0 | 8 | 6 |
| 6. Grikkland | 1 | 3 | 6 | 6 |

# Forna stórveldið komið aftur

**Eftir mögur ár eru Ungverjar farnir að gera sig gildandi á ný. Ungverska liðið er vel skipulagt og erfitt að brjóta niður.**

Næstu mótherjar Íslands á Evrópumótinu er Ungverjaland. Sögulega eru Ungverjar ein stærsta og merkasta fótboltaþjóð Evrópu. Á sjötta áratug síðustu aldar fór liðið alla leið í úrslitaleik HM í Sviss með Ferenc Puskás í fararbroddi en tapaði. Um áratugaskeið voru ungversk lið meðal þeirra sterkustu í Evrópu. Frá tíunda áratug síðustu aldar og þar til nú hefur ungversk knattspyrna ekki verið upp á marga fiska. Ungverjar komust á HM 1978, 1982 og 1986 en síðan þá hafa þeir ekki komist á stórmót. Ungverjar hafa heldur ekki verið á Evrópumóti síðan 1972 þegar þeir náðu fjórða sæti. Þó Ungverjar séu ekki í fyrsta sinn á stórmóti eins og Íslendingar upplifir ný kynslóð fótboltaáhugamanna ungverska landsliðið á meðal þeirra bestu í fyrsta sinn.

Ólíkt Íslandi hefði Ungverjaland ekki komist á 16 liða Evrópumótið. Liðið var ekkert sérstaklega sannfærandi í undankeppninni þar sem það fékk 16 stig í slakasta riðlinum sem Norður-Írland vann. Ungverjar tóku svo Norðmenn í umspilsleikjum sem voru ekki mikið fyrir augað.

Ungverska liðið nýtti tímann greinilega vel frá því það tryggði sig inn á EM og er betra í dag. Varnarleikurinn er þéttur og má alls ekki lenda undir gegn því. Auk öflugs varnarleiks er joggingbuxnamarkvörðurinn Gábor Király betri en enginn í markinu. Ungverjaland er ekki ósvipað íslenska liðinu en þar er engin ofurstjarna heldur sterk liðsheild sem verst vel frá fremsta manni. Ungverjum líður ekki alltof vel með boltann. Þeir vilja frekar liggja til baka og beita beittum skyndisóknum með fyrirliðann Balázs Dzsudzsák sem sinn besta mann. Ungverjaland er sýnd veiði en ekki gefin en staðreyndin er sú að Ísland er betra lið og eiga strákarnir okkar að stefna á sigur eins og þeir pottþétt gera.



**Leikir þjóðanna**

**Jafntefli** 0

**Ísland** 3 sigrar

**Ungverjaland** 7 sigrar

**Markatala:** Ungverjaland +11 (21-10)

## 7 Balázs Dzsudzák

**Aldur:** 29 | **Leikir:** 78 | **Mörk:** 18

Balázs Dzsudzák er kantmaður af gamla skólanum; harðduglegur, nokkuð röskur og með fínar fyrirgjafir. Eftir góð ár hjá PSV fór hann til Dinamo Mosvku í Rússlandi en gekk í raðir Bursaspor í Tyrklandi fyrir síðustu leiktíð. Þar gekk honum ekkert sérstaklega vel. Dzsudzák átti í vandræðum með að innheimta launin sín og var meiddur aftan í læri undir lok tímabilsins. Hann spilaði 23 leiki og var ekki sáttur við fyrsta árið sitt í Tyrklandi. Hann er fyrirliði Ungverjalands og langmikilvægasti leikmaður liðsins.

Þó að hann sé þeirra sterkasta vopn og leiðtogi inni á vellinum er hann jafnvel enn mikilvægari utan vallar miðað við það sem ungverskir blaðamenn sögðu við Fréttablaðið. Dzsudzsák er Aron Einar Gunnarsson þeirra Ungverja.

### Sögumoli

Hörður Magnússon, stjórnandi Pepsi-markanna, tryggði Íslandi fyrsta sigurinn á Ungverjalandi í júní 1992 þegar hann skoraði níu mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Íslendingar unnu tvær næstu viðureignir liðanna en hefur þar fyrir utan ekki tekist að sigra Ungverjaland.

**EM2016**

**Dániel Hegyi**
blaðamaður Nemzeti Sport í Ungverjalandi

## Verður ekki fallegur leikur

Væntingar Ungverjalands fyrir mótið voru ekki miklar. Við vonuðumst bara til að liðið yrði þjóðinni ekki til skammar. Okkur dreymdi ekki um að ná úrslitum eins og gegn Austurríki og að liðið myndi spila svona vel.

Liðið er orðið miklu betra en það var í umspilsleikjunum gegn Noregi. Það er ekkert orðið betra í fótbolta en hugarfar liðsins er miklu betra. Við vorum alltaf búnir að tapa öllu fyrirfram en nú er hugarfarið betra og lukkan aðeins snúist með liðinu.

Ég sé ekki fram á að liðinu verði breytt fyrir leikinn gegn Íslandi fyrir utan bakvarðarskiptin vegna meiðslanna. Taktíkin verður líka svipuð þannig ekki verður þetta fallegur leikur.

Balazs Dzsudzsak, okkar mikilvægasti maður, var ekki góður gegn Austurríki þannig við eigum hann inni. Laszlo Kleinheisler er líka mjög mikilvægur liðinu. Hann er aggresvíur á miðjunni og hjálpar til við sóknarleikinn. Þeir tveir verða að spila vel ef við ætlum að vinna leikinn.

Ungverska liðið er ekki betra en það íslenska en ég held að við getum unnið leikinn ef okkar menn spila vel. Við erum bjartsýnni eftir sigurinn á Austurríki. Það verður samt erfitt fyrir ungverska liðið að ná upp sama hugarfari aftur.“






# Sá sænski sýnir klærnar

Þetta er besta hótel sem ég hef verið á með landsliði á stórmóti. Strákarnir hafa reyndar engan samanburð og vita ekki betur.“

Þessi stórskemmtilegu ummæli lét Lars Lagerbäck falla á blaðamannafundinum í Marseille í gær. Ég spurði hann hvort hann væri ánægður með stöðu liðsins eftir fyrstu vikuna í Frakklandi, samanborið við fyrri reynslu hans á stórmótum. Jú, hann var sáttur og sagði stöðuna góða. En það var ekki hvað hann sagði, heldur hvernig. Lars er afslappaður, rólegur en líka lúmskur. Þarna sýndi hann að hann getur líka gefið sínum mönnum smá skot og minnt á sig.

En Lagerbäck er ekki bara lúmskur húmoristi, hann kann líka að beita sálfræðihernaði og það hefur sýnt sig síðustu dagana og vikurnar. Það byrjaði þegar hann var sérfræðingur í sænsku sjónvarpi í tengslum við úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Þar talaði hann um leikaraskap Pepe og sagði að í liði Portúgals væru leikmenn sem gætu átt sér feril í Hollywood.

Eftir að allt saman var yfirstaðið og jafnteflið við Portúgal staðreynd spurði ég Lars hreint út hvort um sálfræðihernað hafi verið að ræða. Hvort hann hafi látið þessi orð falla til að reyna að koma andstæðingnum úr jafnvægi. Hann neitaði því, sagði að hann hefði einfaldlega verið að sinna sínum störfum sem álitsgjafi í sjónvarpi. Sem er sama svar og hann gaf á blaðamannafundinum fyrir leikinn þegar hann var þráspurður af portúgölsku pressunni um málið.

Svo kom að blaðamannafundinum í dag. Hann var spurður af ungverskum blaðamanni hvað hefði komið honum mest á óvart við frammistöðu Ungverjalands í 2-0 sigrinum á Austurríki.

Fyrir það fyrsta sagði hann að það hefði í raun ekkert komið honum á óvart við frammistöðuna. Eftir undankeppnina og umspilið í haust hafi Ungverjar tekið framfaraskref. „Við berum að minnsta kosti einhverja virðingu fyrir þeim,“ sagði hann þá. „Það kom mér líklega meira á óvart að Ungverjar létu Austurríkismenn líta illa út. Hvort það var vegna þess að Ungverjar spiluðu vel, sem þeir gerðu, eða hvort Austurríki spilaði undir venjulegri getu er erfitt að segja í fótbolta.“



**Lars Lagerbäck er afslappaður, rólegur en líka lúmskur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kannski þannig að Ungverjar velti fyrir sér hvað hann hafi verið að meina og hvort í orðum hans felist einhver gagnrýni. Lagerbäck er ekki á sínu fyrsta stórmóti, eins og hann benti svo skemmtilega á í gær, og veit að það er hægt að beita ýmsum brögðum í aðdraganda leikjanna til að senda ákveðin skilaboð.

Það verður afar áhugavert að sjá hvernig leikmenn okkar mæta til leiks í dag. Íslenska liðið veit að það hefur fulla burði til að vinna lið Ungverjalands. Á góðum degi á Ísland að teljast sigurstranglegri aðilinn, ef eitthvað er. En nú þurfa strákarnir að sýna á sér allt aðra hlið en þeir gerðu á þriðjudag og eins og Heimir benti á í gær, þá ætla þeir sér að gera það.

Lagerbäck hefur sýnt á sér nýja hlið á mótinu í Frakklandi og nú er komið að leikmönnum hans að gera slíkt hið sama.

## Dagbók

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
fylgir karlalandsliði Íslands hvert fótmál á Evrópumótinu í Frakklandi og deilir upplifun sinni með lesendum.



Það er auðvitað túlkunaratriði hvort Lagerbäck hafi verið með þessu að senda Ungverjum lúmska pillu. Það er í það minnsta hægt að túlka það á þann veg. Auðvitað margsagði Lagerbäck á fundinum í dag að Ísland bæri mikla virðingu fyrir Ungverjalandi og að okkar menn þyrftu að eiga toppleik til að vinna í dag. En ummælin fá mann til að lyfta annarri augabrúninni.

Lagerbäck er klókur og hann veit að ummælin munu fara í ungverska fjölmiðla þar sem þau verða matreidd á ákveðinn hátt.




# FRAMLENGING Í LOTTÓLANDSLEIKNUM!

**FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í NÍUTÍU MILLJÓNIR Í KVÖLD**

Lottó
LEIKURINN OKKAR

Íslensk Getspá
ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

## Um helgina



**FARÐU**
Á Secret Solstice tónlistarhátíðina sem er í fullum gangi alla helgina í Laugardalnum. Fjöldi tónlistarmanna kemur fram.



**HLUSTAÐU**
Á tónlistarmennina KK og Magga Eiríks sem halda tónleika á Café Rosenberg á laugardagskvöld.



**HORFÐU**
Á þáttinn Feðgar á ferð á Stöð 2. Feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið.




**LESTU**
Bókina Ótrúleg saga Indverja sem hjólaði til Svíþjóðar á vit ástarinnar eftir Per J. Anderson.






Skipuleggjendur búast við nokkur hundruð þátttakendum. Fréttablaðið/Hanna

# Indverskur jógagúrú á landinu

**Alþjóðlegi jógadagurinn er haldinn hátíðlegur í Hörpu á morgun. Alls taka 177 þjóðir þátt um allan heim. Lögð verður áhersla á jóga fyrir alla, bæði byrjendur og lengra komna. Jógagúru frá Indlandi er á landinu í tilefni dagsins og mun kynna og kenna jóga.**

Nadine Guðrún Yaghi
Nadine@frettabladid.is

Alþjóðlegi jógadagurinn verður haldinn hátíðlegur á morgun. Deginum verður fagnað á Íslandi en Jógakennarafélag Íslands og sendiráð Indlands standa sameiginlega að hátíðinni hérlendis. Hátíðin er haldin um allan heim en 177 þjóðir taka þátt. Deginum var fagnað í fyrsta skipti á síðasta ári að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna.

„Þetta var mjög vel heppnað í fyrra. Það er vaxandi áhugi og vitundarvakning fyrir jóga í samfélaginu okkar í dag og búumst við þannig við því að nokkur hundruð manns komi og taki þátt,“ segir Sólveig Þórarinsdóttir, eigandi Sólir Jóga seturs, en hún er einn skipuleggjenda hátíðarinnar hér á landi. „Við erum aðallega að reyna að vekja athygli á jóga en það eru ótrúlega margar þjóðir sem taka þátt í deginum.“

Hátíðin er haldin í Hörpu tónlistarhúsi og verður utandyra ef veður leyfir. Lögð verður áhersla á jóga fyrir alla, bæði byrjendur og lengra komna. „Þetta mun henta öllum og það eru allir velkomnir. Í fyrra var frábært veður og hátíðin var haldin úti. Öll fjölskyldan er hvött til að koma og taka þátt en best er að taka jógadýnu á svæðið. Þetta verður gaman og við hlökkum til,“ segir Sólveig.

> **ÞAÐ ER VAXANDI ÁHUGI OG VITUNDARVAKNING FYRIR JÓGA Í SAMFÉLAGINU OKKAR Í DAG**

Dagskráin verður frá klukkan ellefu til eitt og munu ýmsir jógakennarar kynna og kenna jóga. Meðal þátttakenda í hátíðinni er Ahsish Paliwal jógagúru, en hann kom sérstaklega til landsins frá Indlandi í tilefni hátíðarinnar.


Skyr.is
Við óskum Eiði Smára og íslenska landsliðinu
góðs gengis í Frakklandi. Áfram Ísland!
Íslenskt alla leið






IDdesign

## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**189.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

EM-TILBOÐ
**20%**
AFSLÁTTUR



IDdesign

## KIRUNA

Hornsófi með hvíld.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 236 × 200 × 78 cm

**149.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

EM-TILBOÐ
**25%**
AFSLÁTTUR



EM-TILBOÐ
**33%**
AFSLÁTTUR

## KENYA

Hægindastóll.
Grábrúnt slitsterkt áklæði.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



EM-TILBOÐ
**27%**
AFSLÁTTUR

## MINO

Hægindastóll.
Svart, brúnt PU-leður
og grátt áklæði.

**39.990 kr.** ~~54.990 kr.~~



EM-TILBOÐ
**35%**
AFSLÁTTUR



## BRIGHTON

Vandað þriggja + tveggja sæta
danskt sófasett. Eikargrind með
svörtu leðri.
Stærð 3ja sæta: 204 x 80 x 77 cm
Stærð 2ja sæta: 150 x 80 x 77 cm

**379.990 kr.** ~~589.990 kr.~~



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



# EM-TILBOÐ

**EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR**

**UMBRIA**
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 265 × 78 cm. Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði.
**335.990 kr.** ~~419.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR**



**EIFFEL**
Borðstofustóll. Hvítur, svartur og grár með svörtum löppum.
**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR**



**FREYJA**
Borðstofustóll. Svart PU-leður og dökk- eða ljósgrátt áklæði.
**19.990 kr.** ~~24.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 28% AFSLÁTTUR**



**ABBY**
Borðstofustóll. Fæst í gráu og dökkgráu slitsterku áklæði. Viðarfætur.
**17.990 kr.** ~~24.990 kr.~~

# EM-STÓLLINN FRÁ LA-Z-BOY®

**EM-TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR**



**Adam**
Stílhreinn La-Z-Boy hægindastóll. Fáanlegur í leðri og áklæði. Leðurútgáfan fáanleg bæði rafdrifin og án rafmagns. Stærð: B: 82 × D: 98 × H: 104 cm




**ADAM Í ÁKLÆÐI**
**97.990 kr.** ~~139.990 kr.~~

**ADAM í leðri**
**132.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

**ADAM rafdrifinn í leðri**
**216.990 kr.** ~~309.990 kr.~~

Þú finnur nýja EM-tilboðsbæklinginn á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN




# Mikið undir hjá strákunum á EM

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Strákarnir okkar spila gegn Ungverjum í dag í þýðingarmiklum leik á EM í Frakklandi. Blaðamaður tók púlsinn á nokkrum eldheitum stuðningsmönnum íslenska landsliðsins.

## Strákarnir okkar með stærsta hjartað



**Hallbera Guðný Gísladóttir**, landsliðskona í fótbolta, er gríðarlega spennt fyrir leiknum. Sjálf gefur hún strákunum góð ráð, enda áður keppt á stórmóti.

**Þið komið kannski frá minnsta landinu en þið eruð með stærsta hjartað og farið langt á því. Njótið augnabliksins, þið eruð að skrifa nýjan kafla í íþróttasöguna!**

## Lars minnir Loga á afa sinn



**Logi Pedro Stefánsson** tónlistarmaður horfir á leikinn í útskriftarveislu eða í sólinni á Secret Solstice tónlistarhátíðinni. Hann spáir 2-1 sigri Íslendinga í dag og segist eiga nokkra uppáhalds leikmenn í liðinu.

„Mér finnst Aron Einar mjög töff. Frábær gaur og skepna á vellinum. Jón Daði flott týpa. Svo er Raggi Sig flottur líka, hann náði mér alveg á sitt band í myndinni Jökullinn logar. Birkir Már Valsari. Gott lið í heildina.“

***En Lars Lagerbäck, er hann svalasti fótboltaþjálfarinn?*** Hann er flottur. Minnir mig stundum á afa.



## Að rifna úr stolti yfir litla frænda

**Ragnheiður Elín** iðnaðarráðherra verður gestur í „fyrir-brúðkaups-fótboltapartíi“ hjá þingmanninum Vilhjálmi Árnasyni og Sigurlaugu, unnustu hans. „Til þess að tryggja að gestir mæti á tíma og verði í stuði hafa brúðhjónin sett upp skjá fyrir okkur veislugestina. Þetta er svona 2 fyrir 1 díll – bolti og brúðkaup!“

***Ertu með hjátrú eða hefð þegar kemur að landsleikjum?*** „Ég er yfirleitt mjög hjátrúarfull og finn til ábyrgðar þegar mitt lið er að spila. Ég var mjög slæm með þetta þegar ég var sjálf að keppa í íþróttum. Mér er meinilla við breytingar og reyni að gera hlutina eins þegar vel gengur – horfa á með sama fólkinu, á sama stað o.s.frv. Það verður ekki núna þar sem ég var á vellinum í Frakklandi í fyrsta leiknum. Það kom til með stuttum fyrirvara og ég lagði ýmislegt á mig svo það gengi upp – til að mynda held ég að ég sé núverandi Evrópumeistari í 18 mínútna spretthlaupi á háum hælum eftir að hafa náð frá flugvél að lest í París á þriðjudaginn,“ segir Ragnheiður og hlær.

***En hvernig er tilfinningin að horfa á frænda spila?*** „Tilfinningin ein og sér þegar Hjörtur „litli“ frændi minn var valinn í hópinn var algjörlega stórkostleg – 21 árs frábær íþróttamaður sem við í fjölskyldunni erum að rifna úr stolti yfir. Ég vona svo sannarlega að við fáum að sjá hann spreyta sig í Frakklandi.“

## Nú mega menn fara að vara sig!



**Rúnar Freyr Gíslason** leikari horfir á leikinn í góðra vinahópi á Kaffihúsi Vesturbæjar. „Við horfðum saman á Portúgalsleikinn, þannig að það hlýtur að vera happa.“

***Ertu með hjátrú eða hefð þegar kemur að því að horfa á landsleiki?*** „Það er misjafnt. Ég var t.d. viss um að Portúgalarnir hefðu skorað bara vegna þess að ég fór að pissa! Maður getur verið svo órökréttur. Þú veist, ég veit alveg að strákarnir okkar vissu ekkert um mína klósettferð, en samt hélt ég í mér allan leikinn eftir þetta. Og það skilaði sér, við skoruðum jöfnunarmarkið!“

En Rúnar ætlar ekki að sitja heima lengi. „Ég er á leiðinni út, ég verð í París þegar við vinnum Austurríkismenn og komumst áfram! Flýg út 20. júní, þannig að nú mega menn fara að vara sig.

**Ég er á leiðinni út, ég verð í París þegar við vinnum Austurríkismenn og komumst áfram!**

## Sígó rétt fyrir hálfleik tryggir gott gengi



**Emmsjé Gauti** ætlar að horfa á leikinn á stóru tjaldi á Secret Solstice tónlistarhátíðinni í Laugardal. Hann segist enga hjátrú hafa fyrir leiki Íslands.

„Nei, ég er ekki svo klikkaður. Frændi minn trúir því hins vegar að liðið sem hann heldur með skori ef hann fær sér sígó rétt fyrir hálfleik.“

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn í liðinu?*** „Það er auðvitað Aron Gunnarsson. Hann er ekki bara skotfastur og góður leikmaður, hann er líka góðhjartaður og skynsamur ungur drengur sem elskar rapptónlist. Annars er ég líka drullufúll að þeir hafi skilið módelið hann Rúrik Gíslason eftir heima. Leikirnir eru ekki jafn fallegir án hans.“

**Hann er ekki bara skotfastur og góður leikmaður, hann er líka góðhjartaður og skynsamur ungur drengur sem elskar rapptónlist.**

## Við tökum þetta!



**Gunnlaugur Helgason** dagskrárgerðarmaður, betur þekktur sem Gulli Helga, er einarður stuðningsmaður íslenska liðsins. Hann spáir góðu gengi liðsins í leiknum í dag.

**Ungverjar skora fyrsta markið. En við tökum þetta! Leikurinn endar 2-1.**

## Með fótboltabullu í Breiðholti



**Mikael Torfason** rithöfundur

„Ég ætla að horfa á leikinn heima hjá mér í Breiðholti með fjölskyldunni. Það eru allir velkomnir að sjálfsögðu. Á heimilinu er ein fótboltabulla úr sjötta flokki Fjölnis sem mun öskra í stofunni í 90 mínútur ef ég þekki hann rétt. Ég fer svo út sjálfur til að sjá Ísland vinna Austurríki í París.

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?*** „Auðvitað er ég sturlaður Eiðsmaður eins og flestir og hef verið það lengi. Eiður er stórkostlegur fótboltamaður og ekkert smá ánægjulegt að sjá hann loksins á stórmóti.“

***Er Lars Lagerbäck nettasti gaur í heimi?*** „Uh, já. Og ekki bara það heldur skín af honum svo góður þokki. Þetta er yfirvegaður og góður stjórnandi sem er bæði hrokalaus og auðvitað snillingur þegar kemur að taktík í fótbolta.“

**Á heimilinu er ein fótboltabulla úr sjötta flokki Fjölnis sem mun öskra í stofunni í 90 mínútur ef ég þekki hann rétt.**

## Vel leikinn fótbolti eins og listdans



**Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti, hefur gaman af fótbolta. Hún reynir að fylgjast alltaf með íslenskum landsliðum.

**Mér finnst vel leikinn fótbolti eins og listdans. Ég hef áhuga á fótbolta eins og öllum íþróttum, ekki síst því dótturdóttir mín hefur æft fótbolta í nokkur ár. Svo stendur maður með sínu fólki. Ég hef ætíð gert það.**

Vigdís vill engu spá fyrir um leikinn í kvöld, en leyfir sér að vona það besta.

***En hver er lykillinn að velgengni landsliðanna okkar?*** „Einurð og þjálfun. Það er eins og í öllum greinum. Skilningur á því um hvað er að ræða skiptir höfuðmáli.“

*Lambakjöt*

# Þjóðarréttur Íslendinga er lambakjöt




8,4% Fiskréttir

73,9% Lambakjötsréttir

17,7% Annað

*Um 74% þátttakenda í könnun Gallup, sem var unnin fyrir kokkalandsliðið, nefndu lambakjöt þegar þeir voru spurðir hver þjóðarréttur Íslendinga væri.





Magnaðar sandöldur er að finna í Namibíu. FRÉTTABLAÐIÐ/FINNUR

# Ævintýralegt ferðalag um Namibíu

Bílablaðamaður Fréttablaðsins hélt til Namibíu á dögunum að reynsluaka nýjum Toyota Hilux. Ferðalagið mun seint gleymast, enda land sem er auðugt af dýralífi, mögnuðum sandöldum og vinalegum heimamönnum.

Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Það er ávallt heillandi að koma til fjarlægra landa og víst má telja að hverjum Íslendingi sem til Namibíu kemur finnist hún frábrugðin ættlandinu. Þó eru ferðir Íslendinga þar ekki fátíðar þar sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur unnið gott starf í Namibíu auk þess sem útgerðarfélagið Samherji á Akureyri er með heilmikla útgerð þar í samstarfi við heimamenn. Fyrir mann sem aldrei hefur komið til Afríku er ef til vill einkennilegt að halda til Namibíu en þetta stóra land er sunnarlega í álfunni, fyrir norðan Suður-Afríku og liggur að Atlantshafinu.

**Reynsluakstur Toyota Hilux**

Ástæða ferðarinnar var að reynsluaka nýrri kynslóð Toyota Hilux jeppans. Staðsetning prófunarinnar í Namibíu á að hluta til skýringu í því að bíllinn er framleiddur í Durban í nágrannaríkinu Suður-Afríku og það fyrir bæði Evrópumarkað og Afríku. Að auki er Namibía kjörið land til að prófa bíl eins og Hilux sem fær er um að glíma við þetta hrjóstruga og víða fjalllenda land með sínum heillandi sandöldum. Langan tíma tekur að ferðast til Namibíu, en flogið var fyrst til London og þaðan til Jóhannesarborgar í 11 tíma flugi. Þá var eftir tveggja tíma flug til höfuðborgar Namibíu, Windhoek.

**Ferðast í 28 klukkustundir**

Alls tók ferðalagið 28 klukkustundir og reynt að sofa sem mest í langa fluginu því kominn var nýr dagur þegar lent var í Jóhannesarborg. Namibía er ansi stórt land eða um átta sinnum stærra en Ísland og álíka strjálbýlt því þar búa um 2,2 milljónir manns. Landið er undir talsverðum þýskum áhrifum enda sex prósent þjóðarinnar af þýskum uppruna og hafa þeir af stórum hluta byggt upp það efnahagslíf sem þar vex hreint bærilega á afríska vísu. Á þessum tíma árs er veðurlag vel þolanlegt fyrir Íslendinga, enda vetur að taka við af sumri á suðurhveli, en landið er á 17.-28. gráðu suðlægrar breiddar. Þá má búast við 25-28 stigum að degi og sól allan daginn en kvöldin talsvert svalari eins og átti eftir að koma í ljós. Aldrei sást skýhnoðri á himni alla þá daga sem dvalið var í Namibíu, enda landið afar sólríkt.

**40 stiga hiti**

Reyndar upplifðu leiðangursmenn, sem voru þrír frá Íslandi, allt upp í 40 gráðu hita er nálgast var sandöldurnar nærri Atlantshafsströndinni á þriðja degi ferðar og var sá dagur víst óvenjulega heitur fyrir þennan tíma árs. Vindur stóð frá hærra landi úr austri og skýringin því áhrif hnjúkaþeys. Var undarlegt að stíga út úr loftkældum bílnum eftir um 200 km samfelldan akstur úr fjöllunum og finna fyrir þeim hitavegg sem tók á móti leiðangursmönnum.

**Á slóðum Pitts og Jolie**

Fyrsta daginn eftir að lent var í Windhoek, sem mætti þýða sem vindhorn, var okkur ekið til dýraverndunarsvæðisins Naankuse, sem ekki er síst frægt fyrir það að ofurparið Brad Pitt og Angelina Jolie hafa myndarlega stutt við starfið þar með miklum fjárframlögum. Reyndar gistum við í einu af þeim mörgu „lodge"-húsum sem tilheyra Naankuse og einmitt í því húsi sem þau höfðu dvalið í skömmu áður. Þar var ekki í kot vísað enda húsið hið glæsilegasta og vafalaust úr takti við almennan húsakost í landinu.

**Safarí í Naankuse**

Í Naankuse var síðan boðið til safarí-ferðar til að skoða dýraverndunarsvæðið og var það upplifun sem aldrei mun gleymast. Þar leyndust stórkettir eins og ljón, pardusdýr, blettatígrar, gaupur og villihundar allsérstakir, sem eru í bráðri útrýmingarhættu, enda ekki nema 3-400 dýr eftir í landinu. Auk þess voru bavíanar þar í verndargirðingum en allar voru þær afar rúmar fyrir dýrin og þau rétt eins og í hefðbundnu umhverfi sínu. Leiðangursstjóri ferðarinnar, sem var innfæddur, gaf öllum kattardýrunum að éta.



Auðugt dýralíf í Namibíu. FRÉTTABLAÐIÐ/FINNUR



Einkar vel búin tjöld í Namibgrens. FRÉTTABLAÐIÐ/FINNUR

ÞAR LEYNDUST STÓRKETTIR EINS OG LJÓN, PARDUSDÝR, BLETTATÍGRAR, GAUPUR OG VILLIHUNDAR SEM ERU Í BRÁÐRI ÚTRÝMINGARHÆTTU

Var þar ómælt hrossakjöt á matseðlinum og afar vel þegið af dýrunum, sem sýndu grimmd sína þar sem þau biðu óþreyjufull eftir æti.

**Gist í tjöldum í Namibgrens**

Næsta dag var ekið frá Naankuse upp í fjöllin í Namibgrens. Namibía heitir eftir Namib-eyðimörkinni sem er talin elsta eyðimörk í heimi. Heitið Namibgrens þýðir mörk Namib-eyðimerkurinnar og grenshluti nafnsins fenginn úr þýsku. Ekki fór fyrir neinum byggingum í Namibgrens heldur var þar gist í tjöldum sem voru þó einkar vel búin, líkt og lítil hótelherbergi og þar fór afar vel um leiðangursmenn. Eftir góða kvöldmáltíð í kjölfar um 250 kílómetra aksturs var kveiktur varðeldur enda full þörf á, því þarna kólnar afar hratt er rökkva tekur. Í fjöllunum í nágrenni Namibgrens var glímt við ótrúlega erfiðar leiðir og þar sannaðist hvílíkur kostagripur Toyota Hilux er. Þá var víða gott að búa að lága drifinu og driflæsingu bílsins. Á stundum höfðu ökumenn líklega enga trú á því að bíllinn kæmist lengra en áfram fór þó bílalestin og ekkert fékk stöðvað för.

**Ekið í 2.000 metra hæð**

Daginn eftir var ekið frá Namibgrens og alla leið að strönd Atlantshafsins við Swakopmund, sem sem minnir um margt á þýskan bæ, einkum byggingarnar. Á leiðinni var farið um mikið fjalllendi og náð um 2.000 metra hæð yfir sjávarmáli. Útsýnið var ævintýralegt yfir slétturnar í vesturátt. Það vakti athygli leiðangursmanna hve malarvegirnir sem ekið var eftir voru góðir og breiðir, á stundum eins og breiðstræti. Var skammlaust hægt að aka eftir þeim löngum stundum á allt að 140 kílómetra hraða.

**Vinstri umferð í Namibíu**

Vinstri umferð er í Namibíu líkt og í Suður-Afríku en bílarnir þó með stýrið vinstra megin. Því urðu ökumenn að vanda sig meira við aksturinn og minna sig stöðugt á að umferðin er „vitlausu" megin. Þegar komið var langleiðina að strönd Atlantshafsins blöstu við gríðarháar sandöldur, sem eru þær stærstu í heimi og ná allt að 450 metra hæð. Hádegisverður var snæddur við Dune 7 og eftir hann tók við magnaður akstur um sandöldurnar. Sérstakri tækni þarf að beita við akstur um þær og bílarnir svo til alltaf í lága drifinu. Magnað var að demba sér niður snarbrattar öldurnar og magafiðringurinn stundum nær óbærilegur þegar bíllinn valt yfir þær. Það var ótrúlegt að finna hve Hiluxinn fór létt með að komast upp öldurnar en þá varð að gæta að því að fara aldrei af bensíngjöfinni, sem nær alltaf var stigin í botn. Að þeim akstri loknum var ekið að Atlantshafsströndinni og gist á dásamlegu hóteli í Swakopmund. Daginn eftir fóru glaðir leiðangursmenn aftur í 28 klukkustunda ferðalag heim til Íslands reynslunni ríkari. Það var ævintýri líkast að dvelja í Namibíu og hverfur engum okkar úr minni.

# PERSÓNULEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

**Legsteinagerðin Bergsteinar kynnir** Bergsteinar er nýtt legsteinafyrirtæki, byggt á gömlum grunni en eigendur eru Matthildur Þórðardóttir og Lárus Einarsson sem ráku Englasteina í Hafnarfirði á sínum tíma. Bergsteinar bjóða upp á mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta. Í tilefni opnunarinnar eru bæði steinar og fylgihlutir á kynningarverði.

„Við bjóðum upp á ýmsar gerðir steina og í ýmsum litum. Þetta eru annars vegar steinar sem við hönnum og látum framleiða sérstaklega fyrir Bergsteina og einnig er hægt að panta aðra steina úr lista. Við komum til móts við séróskir viðskiptavina eins og okkur framast er unnt. Við merkjum steinana og sjáum um að koma þeim í kirkjugarða á höfuðborgarsvæðinu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Fyrir landsbyggðina bjóðum við upp á fría pökkun og sendingarkostnað, einnig förum við með legsteinana í kirkjugarða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins gegn vægu gjaldi,“ útskýrir Matthildur Þórðardóttir, sem nýverið opnaði legsteinafyrirtækið Bergsteina ásamt manni sínum, Lárusi Einarssyni, að Auðbrekku 4. í Kópavogi.



Matthildur Þórðardóttir og Lárus Einarsson opnuðu á dögunum legsteinafyrirtækið Bergsteina að Auðbrekku 4 í Kópavogi. MYND/EYÞÓR

> Val á legsteini er persónulegt og oft viðkvæmt mál. Við tökum vel á móti fólki og leggjum okkur fram um að veita persónulega og góða þjónustu og gott verð. Við bjóðum, auk fallegra legsteina og blómaramma, fylgihluti eins og ljósker og vasa úr áli, kopar og graníti.
>
> Matthildur Þórðardóttir

### ÁRALÖNG REYNSLA

Bergsteina byggja Matthildur og Lárus á gömlum grunni en þau hjónin ráku legsteinafyrirtækið Englasteina um árabil í Hafnarfirði eða þar til þau seldu fyrirtækið árið 2008. Lárus hefur því margra ára reynslu af legsteinagerð

„Englasteinar urðu til út frá því að Lárus var að búa til englastyttur. Sú hugmynd þróaðist út í legstein með engli í sem hann bjó til mót af. Við létum síðan útbúa sérstaka steypu af efnafræðingi og steypa steinana. Markaðurinn kallaði hins vegar nánast eingöngu eftir granítsteinum svo við hættum að framleiða steypusteinana og færðum okkur yfir í granítið. Eftir nokkurra ára hlé erum við nú að setja fyrirtækið aftur í gang. Við höldum okkur við granítið og köllum fyrirtækið okkar Bergsteina.



Boðið er upp á úrval fallegra legsteina hjá Bergsteinum.

### PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

„Val á legsteini er persónulegt og oft viðkvæmt mál. Við tökum vel á móti fólki og leggjum okkur fram um að veita persónulega og góða þjónustu og góð verð,“ segir Matthildur. „Við bjóðum auk fallegra legsteina og blómaramma, fylgihluti eins og ljósker og vasa úr áli, kopar og graníti. Þá bjóðum við einnig upp á krossa og skraut bæði úr kopar og sandblásnar myndir á legsteina. Fólk getur einnig pantað mynd úr postulíni á steina.

Við opnuðum Bergsteina á miðvikudaginn var og munum byggja upp og bæta inn á heimasíðuna okkar www.bergsteinar.is á næstu dögum en þar er hægt að skoða brot af því úrvali sem við munum bjóða upp á. Í tilefni opnunarinnar bjóðum við sérstök kynningarverð.“



Einnig bjóða Bergsteinar úrval ljóskera og lugta og fleiri fylgihluta.

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Matthildur Rósenkranz Guðmundsdóttir (Lóló), einkaþjálfari hjá World Class: „Ég nota bæði hita- og kæligelið og mæli með þeim báðum við alla mína viðskiptavini sem eru að glíma við vöðvabólgu, stífa vöðva, slæmar harðsperrur og þráláta verki eins og vefja- og liðagigt, sinabólgur, tennisolnboga og frosna öxl.“




Árangursrík hita- og kælimeðferð

Sore No More er náttúrulegt hita- og kæligel sem er verkjastillandi og bólgueyðandi. Það er öflug meðferð við tímabundnum vöðvaeymslum, bólgum, harðsperrum og þreytu í vöðvum. Það inniheldur einstaka blöndu af virkum plöntukjörnum í gelformi, án alkóhóls og kemískra íblöndunar- og geymsluefna.



Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

# ÉG ER ALGJÖR B-MANNESKJA

Það verður í nógu að snúast hjá lækninum og tónlistarmanninum **Hauki Heiðari Haukssyni** um helgina. Hann syngur í tveimur brúðkaupum og ætlar hvorki að missa af landsleiknum í fótbolta í dag né Deftones á Secret Solstice í kvöld.

Þessi annasama helgi hjá Hauki Heiðari hófst á fimmtudagskvöld þegar Dikta spilaði á Secret Solstice hátíðinni. Í gær sá hann Radiohead spila og í kvöld ætlar hann ekki að missa af Deftones. „Já, það er mikið að gerast þessa helgi eins og vanalega. Ég verð líka að syngja í tveimur brúðkaupum og missi að sjálfsögðu ekki af leik Íslands og Ungverjalands í dag. Svo þarf ég að klára að ganga frá tveimur barnabókum fyrir bókafyrirtækið okkar, Rósakot.“

Haukur Heiðar leyfir lesendum hér að heyra hvernig dæmigerð helgi er hjá honum.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Það er fátt betra en að fara í góðan brunch á Geysi með konu og börnum og fá sér einn cappuccino með, þó maður geri það mun sjaldnar en maður vildi.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Ég fæ mér nú vanalega bara hafragraut með kökkunum eða brauð með osti.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Ég get ekki sagt að ég eigi mér neinn uppáhaldsskemmtistað. Best finnst mér bara að vera í góðra vina hópi, sama svo sem hvar eða hvenær það er.

**Sefur þú út um helgar?** Ég vakna nú oftast með börnunum og leyfi konunni minni að sofa út. True story. Það kemur sárasjaldan fyrir að ég sofi út.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Grillaðar nautalundir og gott rauðvín með.

**Hvar er best að borða hann?** Heima í góðra vina hópi.

**Vakir þú fram eftir?** Já, ég verð nú því miður að viðurkenna að ég vaki alltof oft frameftir að klára verkefni dagsins eða æfa mig fyrir næsta dag. Er og hef alltaf verið algjör B-manneskja en samt ekki, því ég sef aldrei út. En þegar mikið er að gera, þá þarf maður einhvers staðar að finna tíma og því miður er það oft svefninn sem fær að gjalda fyrir það.

**Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá?** Eins og þeir sem þekkja mig vita, þá er dans ekki mín sterkasta hlið. Ég er betri í öðru. Ætli ég dansi ekki bara helst á hljómsveitaræfingum?

**Hvernig er draumahelgin?** Að vera í fríi frá vöktum og með ekkert planað. Endalaust af fótboltaleikjum í gangi, Liverpool, FH og Ísland eru að keppa. Og vinna öll að sjálfsögðu.

**Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?** Nei, yfirleitt læt ég það nú vera að borða á kvöldin. Það væri þá helst svartur kaffibolli.

**Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér?** Börnin halda mikið upp á laugardaga og stundum leyfir maður sér eitthvað þá líka. Þessa dagana reyni ég samt að halda mig frá slíku. En súkkulaði er óþolandi gott.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Á laugardagseftirmiðdegi er ekkert betra en að vera heima í rólegheitunum.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Konunni minni.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Ef ég svara pönnukökur með rjóma og sultu og það kemur í blaðinu, verður það þá ekki örugglega að veruleika?

**Hvað er annars að frétta?** Á mánudagsmorgun neglum við Diktu-menn út á flugvöll og fljúgum til Noregs að spila þar á tónlistarhátíð. Og svo heldur sumarið áfram, helgi eftir helgi eftir helgi. ÁFRAM ÍSLAND!



Haukur Heiðar Hauksson, læknir og tónlistarmaður, ætlar ekki að missa af landsleiknum í dag. Hann fer svo á tónleika á Secret Solstice í kvöld. MYND/HANNA






# ILMUR FYRIR VÍKINGA

**Artica kynnir** Nýr og spennandi ilmur bætist nú í flóru herrailma en DAVIDOFF hefur sent frá sér nýjan ilm, DAVIDOFFHorizon.

„Horizon er glænýr herrailmur frá DAVIDOFF sem á eftir að falla vel í kramið hjá íslenskum karlmönnum,“ segir Linda Mjöll Andrésdóttir, markaðsstjóri Davidoff á Íslandi.

„Það er alltaf gaman að koma með nýja vöru á markaðinn og bæta við úrvalið. Þessi ilmur er einnig nýkominn á erlendan markað og spennandi að sjá hvernig viðtökur hann fær. DAVIDOFF er hvað þekktast fyrir hinn klassíska DAVIDOFF Coolwater en Horizon er kröftugur ilmur og skemmtileg andstæða við hann. Horizon ætti að henta mjög vel við hinum nýja íslenska víkingi,“ segir Linda en framleiðandinn lýsir Horizon sem karlmannlegum ilmi sem fangi frelsi ævintýramennskunnar og dirfsku þeirra sem þora að kanna ókunnar slóðir og yfirstígi hindranir.

## EINSTAKUR ILMUR

DAVIDOFF Horizon er einstakur ilmur þróaður af ilmgerðarmönnunum Olivier Pescheux og Jacques Huclier með fágun og dýpt að leiðarljósi. Kraftmikill og frísklegur greipaldinilmur með rósmarín- og engiferblæbrigðum er samofinn hlýjum ilmi vetiver og patchouli í grunninn. Ilmur kakóplöntunnar bindur þetta allt saman og gefur Horizon hlýjan og munúðarfullan blæ.




## LAUS VIÐ TILGERÐ

Hönnun ilmvatnsflöskunnar er innblásin af náttúrunni, til dæmis sandslípuðum, mjúkum steinum. Flaskan er formuð í mjúkum línum og glært glerið sýnir hlýjan, hunangsgulan lit ilmvatnsins. Hönnunin flöskunnar er sterk, beinskeytt og án tilgerðar í takt við karlmennskuna.

**Horizon er komið í eftirfarandi verslanir: Hagkaup Akureyri, Kringlunni, Skeifunni, Smáralindinni, Spönginni, Reykjanesbæ, Holtagörðum, Garðabæ og Selfossi. Lyfju Lágmúla, Seyðisfirði, Hornafirði og Selfossi.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429






## Atak Apart

*Alanya - Tyrklandi*

Atak Apart er staðsett í Alanya á tyrknesku Rívíerunni en mörgum finnst þetta vera hin fullkomna paradís fyrir sumarfríið. Samblanda af fallegum ströndum, líflegu hafnarsvæði, verslunarmöguleikum, yndislegri náttúru og heillandi sögu laðar að þúsundir ferðamanna hvert einasta sumar.

| | |
|---|---|
| ✈ 15.júní 2016 frá Keflavík | Verð í viku frá 29 599,- |
| ✈ 29.júní 2016 frá Keflavík | Verð í viku frá 35 599,- |
| ✈ 6.júlí 2016 frá Keflavík | Verð í viku frá 59 599,- |



## Pegasos World

*Side - Tyrklandi*

Vinsælasta hótel Nazars! Hér færðu risastóran vatnsskemmtigarð, stærstu sundlaug Miðjarðarhafsins sem er 10 000 m², gyllta strönd, nýuppgerð herbergi fyrir allt að fimm manns, bragðgott „allt innifalið" prógram og Nazars eigin barnaklúbba – og allt er þetta innifalið í verðinu!

| | |
|---|---|
| ✈ 15.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 99 599,- |
| ✈ 29.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 99 599,- |
| ✈ 6.júlí 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 105 599,- |

*Ekki bíða með að bóka - takmarkaður fjöldi sæta!*

World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

**nazar**






Helena eyðir sumrinu gjarnan í Vaglaskógi þar sem hún hefur verið með hjólhýsi í 44 ár. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# GEFUR ÚT FYRSTU SÓLÓPLÖTUNA

**Helena Eyjólfsdóttir** söngkona situr ekki auðum höndum þótt hún sé orðin 74 ára. Í haust er væntanleg ný hljómskífa frá henni en það er fyrsta stóra sólóplatan á meira en sextíu ára ferli hennar.

Þótt Helena hafi sungið inn á fjölmargar plötur í gegnum tíðina hefur hún aldrei gefið út eigin plötu fyrr. Helena söng lengi með hljómsveit Ingimars Eydal en þrjár stórar plötur komu út með þeirri hljómsveit og nokkrar litlar. Mörg laganna urðu feykilega vinsæl meðal landsmanna. Raunar kom út smáskífa með Helenu þegar hún var aðeins tólf ára, árið 1954, með jólasálmum. Nokkrar smáskífur komu síðan út með Helenu á árunum 1958-1959.

## SPENNANDI VERKEFNI

„Jón Rafnsson tónlistarmaður hringdi í mig fyrir tveimur árum og stakk upp á því að ég gerði eigin plötu. Mér þótti þetta mjög skemmtileg beiðni enda hef ég aldrei gefið út stóra sólóplötu. Það er gaman að enda ferilinn með plötu,“ segir Helena. „Ég fékk nokkra valinkunna lagahöfunda, Magnús Eiríksson, Jóhann G. Jóhannsson, Ingva Þór Kormáksson og Karl Olgeirsson til að semja fyrir mig. Þau lög verða á plötunni ásamt nokkrum gömlum perlum en þetta verður tíu laga plata. Karl er sömuleiðis pródúsentinn minn og hefur verið afar hjálplegur. Mér finnst þetta svakalega skemmtilegt og spennandi verkefni. Hugsanlega kemur eitt lag í spilun í sumar sem verður á plötunni.“

## GÖMLU, GÓÐU LÖGIN

Helena er ekkert hætt að syngja opinberlega. Nýlega var hún ásamt góðum hópi fólks með tvenna tónleika á Græna hattinum á Akureyri sem nefndust Örlítið meiri diskant. Tónleikarnir voru til heiðurs Ingimar Eydal sem hefði orðið áttræður á þessu ári hefði hann lifað. Ingimar féll frá árið 1993. „Þarna fluttum við lög sem hljómsveit Ingimars lék á árum áður. Það var mikil gleði með tónleikana og fullt út úr dyrum bæði kvöldin. Frábært að heyra hvað fólkið tók undir lögin í salnum. Mér þykir mjög vænt um þessi gömlu lög og finnst skemmtilegt að syngja þau,“ segir Helena sem segist ekki syngja heima hjá sér nema kannski núna þar sem hún er að æfa lögin fyrir plötuna. „Röddin er enn á sama stað og ég er mjög þakklát fyrir það. Síðan ætlum við að vera með aðra svona tónleika í haust. Þessi lög eiga erindi til ákveðins aldurshóps. Ég fann vel hversu þakklátir gestir voru,“ segir hún.

## FÁIR STAÐIR TIL AÐ DANSA

Helena telur líklegt að einhverjir tónleikar verði settir upp þegar platan verður tilbúin í haust. „Það hefur ekkert verið ákveðið en mér myndi þykja mjög gaman að vera með tónleika í Reykjavík. Það er langt síðan ég var með tónleika í borginni. Ég hélt upp á fimmtíu ára söngafmæli mitt í Salnum og þegar sextíu ár voru liðin frá útgáfu fyrstu plötunnar minnar, árið 2014, var ég með tónleika á Hótel Sögu. Á sama tíma kom út ævisaga mín, Gullin ský. Mig langaði að halda upp á þessi tímamót á fallegum stað og valdi Súlnasalinn. Þar dansaði fólk í gamla daga en margir sakna þess tíma. Eldra fólk hefur eiginlega engan stað fyrir sig,“ segir Helena.

## REITUR Í VAGLASKÓGI

Þegar blaðamaður sló á þráðinn til Helenu var hún að dunda sér í Vaglaskógi. Þar á hún hjólhýsi og hefur haft reit í skóginum undir það í 44 ár. „Mér finnst forréttindi að hafa aðgang að þessum fallega stað. Hér er dásamlegt að vera. Maður fer í annan heim hérna í kyrrðinni en þetta er minn sumarbústaður,“ segir Helena. „Ég er með lítinn pall og garð fyrir framan hjólhýsið. Ég var einmitt að setja niður sumarblómin. Það er alltaf að fjölga fólki hér í kringum mig í skóginum en nokkrar eru búnir að vera með mér öll árin. Yndislegt fólk og gott að vita af því. Börnin mín og barnabörn koma svo reglulega í heimsókn. Akureyri iðar af lífi í tilefni Bíladaga um helgina og tvö stór skemmtiferðaskip voru hér á Pollinum. Þá er gott að fara út í sveitasæluna,“ segir Helena sem hlakkar til að fá Vaðlaheiðargöng í notkun en þau munu stytta leiðina inn í Vaglaskóg. **elin@365.is**









Simi: 527-1060 | www.veidiflugur.is

Veiðiflugur






Éric kom fyrst til Íslands árið 1987 og varð altalandi á tveimur árum. Hann hefur þýtt bækur margra fremstu höfunda landsins. MYND/ANTON

# VERÐLAUN FYRIR ÞÝÐINGARFERILINN

Frakkinn **Éric Boury** er einn fremsti og afkastamesti þýðandi íslenskra bókmennta á frönsku. Hann veitir virtum þýðingarverðlaunum viðtöku í París á þriðjudag, 21. júní. Éric hefur þýtt bækur þrettán íslenskra höfunda og hlýtur verðlaunin fyrir þýðingarferilinn í heild.

Verðlaunin, sem heita á frönsku Grand Prix de Traduction de la Société des Gens De Lettres, eru veitt fyrir þýðingarferilinn í heild en einnig í tilefni útkomu síðustu bókar Jóns Kalmans Stefánssonar Fiskarnir hafa engar fætur í þýðingu Érics, en hún hefur hlotið afbragðs dóma. Alls verða veitt fjórtán verðlaun við þetta tilefni og eru fjögur þeirra fyrir þýðingarstarf. Verðlaunin sem Éric hlýtur eru virtust þeirra. Hann segir fá þýðingarverðlaun veitt í Frakklandi og eru þetta þau fyrstu sem hann hlýtur persónulega en bækur í hans þýðingu hafa hins vegar verið tilnefndar til ýmissa verðlauna. Nú síðast Fiskarnir hafa engar fætur og Illska eftir Eirík Örn Norðdahl sem voru tilefndar til Médicis-verðlaunanna. Hann segir þýðingarverðlaunin vissulega hafa þýðingu fyrir sig en ekki síður fyrir íslenskar bókmenntir.



Éric hefur sterkar taugar til Íslands og reynir að koma hingað einu sinni á ári. Hér er hann í sinni fyrstu ferð til Vestmannaeyja á dögunum á slóðum Guðríðar Símonardóttur og Tyrkjaránsins, en Reisubók Guðríðar Símonardóttur er á meðal nýjustu þýðinga hans.

## GOTT FYRIR ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR

„Þetta eru í grunninn góðar bækur sem gerir þýðandanum auðveldara fyrir. Ég vona því fyrst og fremst til að þetta komi íslenskum bókmenntum til góða en þær hafa margar notið vinsælda í Frakklandi.“

Éric hefur þýtt bækur eftir marga af fremstu höfundum Íslands. Fyrsta þýðing hans var á 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason en síðan er listinn orðinn langur og hefur hann þýtt bækur Andra Snæs Magnasonar, Arnaldar Indriðasonar, Árna Þórarinssonar, Einars Más Guðmundssonar, Eiríks Arnar Norðdahl, Guðbergs Bergssonar, Guðmundar Andra Thorssonar, Jóns Kalmans Stefánssonar, Kristínar Ómarsdóttur, Sjóns, Stefáns Mána og nú síðast Steinunnar Jóhannesdóttur. „Mig langar að þýða miklu fleiri en sumir þessara höfunda gefa út bók á hverju ári svo ég hef varla undan.“

## RÍK ÞÝÐINGARHEFÐ

Árlega koma um 800 skáldsögur út í Frakklandi en Frakkar eru að sögn Érics mikil bókaþjóð. Sumir íslensku höfundanna eru vel lesnir og seljast bækur Arnaldar og Auðar Övu til að mynda í allt að 300.000 eintökum þar í landi. „Aðrir eins og Sjón og Einar Már selja ekki eins mikið en fá hins vegar góða dóma,“ segir Éric og bendir á að verið sé að keppa við gríðarlegan fjölda bóka.

Éric segir Frakka leggja ríka áherslu á þýddar bækur frá öllum heimshornum og er um fjörutíu prósent útgefinna bóka þýddar. Hann segir franska útgefendur jafnframt hafa mikinn áhuga á íslenskum bókum.

## MEÐ ÁTTA BÆKUR Í SIGTINU

Éric þýðir þrjár til fjórar bækur á ári. Hann hefur nýlokið við að þýða Reisubók Guðríðar Símonardóttur eftir Steinunni Jóhannesdóttur, Heimsku eftir Eirík Örn Norðdahl og Þýska húsið eftir Arnald Indriðason. „Þær eru allar á leið í prófarkalestur og koma út á næsta ári. Ég er svo með einar átta bækur í sigtinu. Má þar nefna Eitthvað á stærð við alheiminn eftir Jón Kalman, Þrír snéru aftur eftir Guðberg Bergsson og Íslenskir kóngar eftir Einar Má Guðmundsson. Sömuleiðis nýjustu bók Arnaldar Indriðasonar sem kemur út í nóvember og svo mætti lengi telja.

## STERKAR TAUGAR TIL ÍSLANDS

Éric er fæddur í Berry í Frakklandi árið 1967. Eftir stúdentspróf árið 1985 hóf hann nám í ensku og norrænum tungumálum í Normandi. „Ég áttaði mig fljótt á því að ef ég ætlaði að læra að tala íslensku yrði ég að búa á Íslandi. Árið 1987 lét ég af því verða og dvaldi fyrstu mánuðina hjá þeim Rósu Árnadóttur og Sigurði Snæbjörnssyni í Eyjafirði en það var dásamleg vist. Ég fór þaðan til Reykjavíkur í Íslensku fyrir útlendinga en varð frá að hverfa þegar faðir minn lést í Frakklandi. Eftir það fór ég að vinna hjá Íslandspósti og Hótel Sögu. Þrátt fyrir að hafa lært ensku og að vera fær í henni bað ég samstarfólk mitt um að tala við mig á íslensku og ansaði aldrei neinu á ensku. Þegar ég flutti aftur heim til Frakklands árið 1989 var ég því orðinn altalandi á íslensku.“

Éric hefur síðan haldið tengslum við land og þjóð. Hann bjó hér um tíma á árabilinu 2004-2005 og reynir í seinni tíð að koma til landsins einu sinni á ári. „Ég á hér mikið af góðum vinum auk þess sem ég hef kynnst mörgum af höfundunum sem ég hef unnið með.“ **vera@365.is**

## CLEANING SERVICES

The US Embassy, Reykjavik
Seeks quotations for daily cleaning services for its premises. The work must be performed between 8:00 and 15:00, on work days. The "Request for Quotations" package is in English and on the Embassy´s homepage.
The RFQ package must be returned to the Embassy before 1400 hours, Monday July 4, 2016.

---

Sendiráð Bandaríkjanna, Reykjavik
Óskar eftir tilboðum í daglegar ræstingar á skrifstofuhúsnæði. Ræsting þarf að vera framkvæmd á tímanum frá 8:00 til 15:00 virka daga. Tilboðsgögnin eru á ensku á heimasíðu sendiráðsins. Tilboðum skal skilað í afgreiðslu sendiráðsins fyrir kl. 14:00 mánudaginn 04. Júlí 2016.

## BM Vallá óskar eftir að ráða lagermenn

**Við erum að leita að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum á hellu- og garðeiningalager fyrirtækisins á Breiðhöfða.** Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftararéttindi en þó er það ekki krafa.

Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, eru skipulagðir, stundvísir og handlagnir, ásamt því að vera kurteisir og búa yfir ríkri þjónustulund.

Við erum að leita að starfsmönnum í sumarafleysingar en einnig er um framtíðarstörf að ræða.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá á Ásbjörn I. Jóhannesson, sölustjóra, á netfangið ***asbjorn@bmvalla.is***

**Umsóknarfrestur er til 24. júní.**

BM·VALLÁ

**BM Vallá ehf.**
**Bíldshöfða 7**

sinnum heimaþjónusta

## SUMARSTARFSFÓLK ÓSKAST

**Vegna aukinna umsvifa getum við bætt við okkur sumarstarfsfólki í fullt starf eða hlutastarf.**

Um er að ræða verkefni í almennri heimaþjónustu og liðveislu á daginn, kvöldin og um helgar.

Verkefnin eru skemmtileg og fjölbreytileg og fela í sér persónulegan stuðning og aðstoð við einstaklinga innan og utan heimilis.

Við leitum að áreiðanlegum einstaklingum sem hafa jákvætt viðhorf, lipurð í mannlegum samskiptum og ánægju af því að sinna fólki. Umsækjendur þurfa að hafa bíl til afnota.

Sinnum leggur ríka áherslu á uppbyggilegt og hvetjandi starfsumhverfi og sveigjanleika í starfi.

**Umsóknir sendist á netfangið sinnum@sinnum.is eða inn á heimasíðu Sinnum, www.sinnum.is**

**Nánari upplýsingar fást í síma 519-1400**

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri lækninga
## Heilsugæslan Sólvangi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Sólvangi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

### *Hæfniskröfur*

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Nánari upplýsingar veita** Heiða Sigríður Davíðsdóttir, svæðisstjóri – heida.sigridur.davidsdottir@heilsugaeslan.is, 550-2600 og Baldur Ingi Jónasson, mannauðsráðgjafi, baldur.ingi.jonasson@heilsugaeslan.is, 585-1300.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

**www.capacent.is**

## Grundarfjarðarbær

### Starf skipulags- og byggingafulltrúa

Grundarfjarðarbær auglýsingar starf skipulags- og byggingafulltrúa laust til umsóknar. Um er að ræða mjög spennandi starf í áhugaverðu umhverfi. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni. Skipulags- og byggingafulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

**Helstu verkefni:**

- Framkvæmd skipulags- og byggingamála
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulags- og umhverfisnefndar
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar, sem vinna að verkefnum á sviði byggingamála
- Yfirumsjón framkvæmda og eignasýslu í sveitarfélaginu
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og löggilding, skv. ákvæðum 8. og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingareglugerð
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

**Umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

*Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.*

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2016.**
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið ***thorsteinn@grundarfjordur.is***
Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri í síma 430 8500 eða í tölvupósti á netfangið ***thorsteinn@grundarfjordur.is***

## Starfsmaður óskast í vinnslusal

**Starfslýsing og helstu verkefni.**
Hlutverk starfsmanns í sal er að aðstoða við að hengja upp á króka, hreinsa og pússa málmhluti til lökkunar. Einnig þarf i að taka niður hlutina, pakka inn og ganga frá til afgreiðslu ásamt annarra tilfallandi starfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur.**
Starfsmaður þarf að geta talað/skilið íslensku, vera röskur, heilsuhraustur og stundvís. Mikill kostur ef viðkomandi hefur lyftararéttindi og/eða iðnmenntun. Eldri en 25 ára er skilyrði.

Um er að ræða 100% starf. Vinnutími er 8:00-16:00.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið helga@polyhudun.is fyrir 1. júlí 2016.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með sem trúnaðarmál.

*Pólýhúðun er nútíma lökkunarfyrirtæki búið nýjustu tækni til duftlökkunar á málmhlutum. Starfsemin hefur verið í Kópavogi síðan 1998. Í hverjum mánuði eru húðaðir þúsundir fermetra af hinum ýmsu verkefnum allt frá smá skrúfum upp í bíla og traktorsgrindur. Fjölbreytni er eitt af kjörorðum okkar enda er ekkert verkefni svo smátt eða stórt að við tökum ekki á því. Starfsmenn fyrirtækisins eru 9.*

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 544 5700 - www.polyhudun.is




# Starfskraftur með skipulagshæfileika - Ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að skipulögðum og jákvæðum einstaklingi á lager okkar á Hellisheiði. Starfið er fjölbreytt og hentar vel fólki sem hefur góða yfirsýn og mikla þjónustulund.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Utanumhald á rekstrarvörum og varahlutum fyrir ON
- Eftirfylgd á skipulagi varahlutamála virkjana ON og umsjón með undirbúningi íhluta fyrir verkefni
- Umsjón með pöntunum fyrir Virkjanarekstur ON
- Umsjón með að lagerrými séu ávallt snyrtileg og vel um gengin

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Drifkraftur og skipulagsfærni
- Ágætis almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af lagerstörfum er kostur

Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur - **starf@on.is**.

Hjá ON er jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 8. júlí 2016

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

capacent

# Are you our new CEO?

Men & Mice is an established software company operating in a rapidly growing niche market. Bolstered by a solid customer base, strong revenue and an accomplished team of international specialists, Men & Mice is looking for an ambitious CEO to lead the company towards the next phase of growth.

The person we are looking for is a highly capable and experienced leader and manager, preferably with a technical background, who has the drive and motivation to expand robust company growth into strong international corporate operations.

**Information and application**
→ capacent.is/s/3063

**Application deadline**
→ 26 June 2016

**Criteria**
- International experience of sales and/or product development
- University education in a technical or business-related field
- Strong leadership and communication skills
- Experience in strategic management
- Inspirational drive and charisma

**Responsibilities**
- Strategic management
- Sales and marketing
- Product development
- Human resource management
- Reporting to the Board of Directors

MEN&MICE



*Men & Mice, founded in 1990, is a dynamic knowledge-based company that employs 25 people in three countries. The company develops and sells IP Address Management (IPAM) software to large enterprises. The perpetual expansion of corporate networks, cloud integration and the increasing importance of sound DNS, DHCP and IP Address Management solutions, support the continuous market growth. 99% of revenue is generated internationally, of which 70% in the USA and 30% in EMEA. The Men & Mice customer base includes many large and well-known international brands. Main shareholders are the founders, NSA and investors from Finland.*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

# Yfirlæknir svæfingalækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri

**Laus er til umsóknar staða yfirlæknis svæfingalækninga við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk). Staðan veitist frá 1. ágúst 2016, eða eftir samkomulagi.**

Ráðið er í stöðuna til fimm ára.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga.

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins, er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. SAk leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.

Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Yfirlæknir ber faglega ábyrgð innan síns sérsviðs. Yfirlæknisstöðunni fylgir einnig stjórnunarleg ábyrgð innan viðkomandi sérsviðs skv. nánari fyrirmælum frá forstöðulækni. Lækninum er skylt að viðhalda kunnáttu sinni með reglulegri endurmenntun og ber að nýta þá möguleika til endurmenntunar sem kjarasamningar fela í sér.

Í starfinu felst dagvinna og fagleg forysta tengd sjúklingahópi viðkomandi sérgreinar og undirsérgreinar, skv. nánari fyrirmælum og skipulagi forstöðulæknis einingarinnar. Starfinu fylgir vaktskylda innan einingarinnar, þátttaka í kennslu nema og heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna, þátttaka í gæðastarfi, þátttaka í teymisvinnu tengt viðkomandi sérgrein, auk tækifæra til rannsóknarvinnu.

**Hæfniskröfur**

- Fullt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Hæfni á sviði samskipta og samvinnu.
- Frumkvæði.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

**Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins www.sak.is**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt prófskírteinum og starfsleyfi.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Gildi Sjúkrahússins á Akureyrir eru: **Öryggi – samvinna – framsækni.**
Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.
**Umsóknarfrestur er til og með 4.júlí 2016**
Upplýsingar um starfið veita Girish Hirlekar, forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæslulækninga í síma 463-0100 eða á netfangi girish@sak.is og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri handlækningasviðs í síma 463-0100 eða á netfangi ses@sak.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Störf í þýðingamiðstöð á Akureyri

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins óskar að ráða þýðendur til starfa við starfsstöðina á Akureyri. Þýðingamiðstöðin annast þýðingar ESB-gerða og milliríkjasamninga, sem eru á ýmsum sviðum, svo sem tækni, raungreina, fjármála, laga o.s.frv.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Háskólapróf
- Staðgóð þekking á íslensku og ensku
- Samskiptalipurð og góð framkoma
- Gott tölvulæsi
- Kunnátta í öðru erlendu tungumáli æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Þýðendur 2016“.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Katrín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri þýðingamiðstöðvar, (katrin.einarsdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir, mannauðsfulltrúi utanríkisráðuneytisins, (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is) í síma 545-9900.

Moberg group

## MÓBERG LEITAR AÐ METNAÐARFULLUM VIÐSKIPTA- OG ÞJÓNUSTUSTJÓRA

Móberg var stofnað árið 2012 og í dag starfa hjá fyrirtækinu rúmlega 60 einstaklingar með sérhæfða en mismunandi þekkingu á fjölmörgum sviðum eins og nýsköpun, viðskiptaþróun, tækni og hugbúnaðarþróun, fjármálum, lögfræði og markaðssetningu.

Við einsetjum okkur að þróa fjármálatæknilausnir, sem hreyfa við markaðnum og skapa ávinning fyrir notendur. Okkar sýn er að innan 5 ára þá verðum við eitt af leiðandi fjármálatækni fyrirtækjum í Evrópu.

Móberg sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur, sýna frumkvæði og hafa öguð vinnubrögð.

Hjá Móberg er lögð áhersla á samvinnu og liðsheild. Viðskipta- og þjónustustjóri sinnir sölu og þjónustu við viðskiptavini, ásamt ráðgjöf og ýmsum öðrum sérverkefnum.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða tækni
- Reynsla af viðskiptastjórnun, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja æskileg
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulund og auga fyrir nýjum tækifærum
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknir skulu sendast á **job@moberg.is**
Umsóknafrestur er til 30 júní.
**Við höfum trú á að allt sé mögulegt!**

VERGO Netgíró Aktiva

## Leikskólakennari

Menntaður leikskólakennari óskast til starfa á leikskóladeild Laugargerðisskóla, Eyja- og Miklaholtshrepp.

Starfað er í nánu samstarfi við grunnskólann undir stjórn skólastjóra Laugargerðisskóla. Starfshlutfallið er 80% 4 daga vikunnar. Starfstíminn er frá 15. ágúst 2015 -31.maí 2016.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist til Kristínar Bjarkar Guðmundsdóttur skólastjóra á laugarg@ismennt.is, hreint sakavottorð þarf að fylgja.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 8944600
**Umsóknarfrestur er til 15 júlí.**



## Vilt þú vinna við dagskrárgerð hjá N4 sjónvarpi?

Við leitum að jákvæðum, metnaðarfullum, hugmyndaríkum og drífandi einstaklingi til að sinna dagskrárgerð á N4, með brennandi áhuga á fjölbreyttu íslensku samfélagi, góða samskipta- og skipulagshæfni, gott vald á íslenskri tungu og ljóma af bjartsýni. Reynsla af dagskrárgerð er kostur. Starfsstöðin er á Akureyri.

**Umsóknin**
Umsókn sendist á netfangið: umsokn@n4.is
Með henni skal fylgja ferilskrá og mynd.
Umsóknarfrestur er til 10. júlí.
Miðað er við að viðkomandi hefji störf 1. ágúst.
Öllum umsóknum verður svarað.




## Atvinnutækifæri hjá Lyfju hf.

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í útibú okkar í Laugarási.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf. Um er að ræða tímabundið starf við afleysingu umsjónarmanns í eitt ár með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september nk.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Stjórnunarhæfileikar og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki og metnaður

***Hægt er að sækja um starfið á lyfja.is. Umsóknarfrestur er til 30. júní nk.***
***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.***

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.*

*Nánari upplýsingar veitir Vilborg Halldórsdóttir, lyfsali Lyfju á Selfossi, í síma 482 3000.*



## Útibússtjóri Íslandsbanka á Akureyri

Íslandsbanki er alhliða banki sem þjónar breiðum hóp viðskiptavina. Hlutverk bankans er að veita alhliða fjármálaþjónustu. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera #1 í þjónustu. Viðskiptabanki hefur umsjón með starfsemi útibúanets bankans. Útibúin veita alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga og smærri og meðalstór fyrirtæki. Íslandsbanki starfrækir alls 17 útibú um allt land.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri
- Að afla nýrra viðskiptavina og viðhalda samskiptum við núverandi viðskiptavini
- Undirbúningur, greining og vinnsla lánamála
- Sölu- og markaðsuppbygging
- Starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og reynsla af stjórnun
- Reynsla úr fjármálafyrirtækjum eða af rekstri fyrirtækja

**Nánari upplýsingar:**
Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka, 440 2880, una.steinsdottir@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri, 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. **Íslandsbanki er stoltur** handhafi **Gullmerkis Jafnlaunaúttektar PwC.** Árið 2016 fékk Íslandsbanki **þekkingarverðlaun FVH** fyrir mannauðsstjórnun og **hvatningarverðlaun jafnréttismála.** **Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: **islandsbanki.is** > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

Íslandsbanki

## Lyfjaval APÓTEK

### Störf í Apóteki

**Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni eða afgreiðslufólk með reynslu af apóteksstörfum. Vinnutími 9-18 virka daga.**

**Umsóknarfrestur er til 23. júní.**
Umsóknir má senda á póstfangið lyfjaval@lyfjaval.is
Einnig er hægt að fylla út umsókn á lyfjaval.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Aðstoðarframkvæmdarstjóri

Laust er til umsóknar hálfs dags starf.
Starfið felst í umsjón með rekstri 3ja lítilla fyrirtækja þ.e. flest sem kemur að rekstri þeirra.

Leitað er að áreiðanlegum starfsmanni með einhverja rekstrarþekkingu, innsýn í bókhald, góða þjónustulund og hreint sakavottorð

Vinnutími skv. samkomulagi í 4 tíma milli 8-17.
Frekari upplýsingar verða veittar síðar.

***Umsóknum ásamt ferilskrá ber að skila til fob@fob.is fyrir 23. júní n.k.***

## ATLAS ENDURHÆFING

Atlas endurhæfing, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, óskar eftir að ráða 2 starfsmenn í móttöku.

Önnur staðan er fullt starf. Vinnutími 7.45 - 15.45.
Þarf að geta hafið störf 8.ágúst.
Hin staðan er hlutastarf. Vinnutími 13.00 - 17.00.
Þarf að geta hafið störf 15.ágúst.

Bæði störfin krefjast hæfni í mannlegum samskiptum ásamt góðri tölvukunnáttu. Reyklaus vinnustaður.

Umsóknir sendist á **atlasendurhaefing@gmail.com**
Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 23.júní 2016.

**www.atlasendurhaefing.is**

## RAFNAR

# Rafnar bátasmiðja óskar eftir starfsmönnum í framleiðsludeild

### Plastsmíði og samsetning

Smíði plastbáta frá grunni að sjósetningu

### Véladeild

Kerfa- og vélaísetning
Góð þekking á rafmagni er nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní nk.
Áhugasamir eru beðnir um að senda fyrirspurnir og/eða umsókn og ferilsskrá á **jobs@rafnar.is**

**www.rafnar.is**



## Félagsráðgjafi í barnavernd

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar óskar eftir því að ráða félagsráðgjafa til starfa í barnavernd frá 15. september nk. Um er að ræða fullt starf.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka og úrvinnsla barnaverndartilkynninga.
- Skipulag og framkvæmd stuðningsaðgerða í barnaverndarmálum.
- Þverfaglegt samstarf innan deildar og með samstarfsstofnunum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í félagsráðgjöf með réttindum til að starfa sem félagsráðgjafi á Íslandi.
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar.
- Metnaður og áhugi, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Reynsla af barnaverndarstarfi er kostur.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

*Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.*

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2016.**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

www. distica.is

## DISTICA

# INNKAUPA**FULLTRÚI**

**DISTICA ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA METNAÐARFULLAN EINSTAKLING SEM VILL TILHEYRA ÖFLUGUM HÓPI STARFSMANNA INNKAUPADEILDAR OG SINNA MEÐ ÞEIM KREFJANDI VERKEFNUM.**

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur og hefur verið í fararbroddi á sínu sviði í rúmlega 50 ár. Fyrirtækið er með um 70% af lyfjadreifingu á Íslandi auk þess sem það sinnir dreifingu á rannsóknartækjum, rekstrarvörum og fleiru til sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, tannlækna og dýralækna. Distica sinnir einnig dreifingu á neytendavörum til verslana.

### HELSTU VERKEFNI
- Umsjón með pöntunum
- Vaktanir á birgðastöðu og veltuhraða
- Gerð verðútreikninga
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Samskipti við innri viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

### MENNTUN OG HÆFI
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum
- Reynsla af notkun Navision eða sambærilegum kerfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Greiningarhæfni, nákvæmni og samviskusemi

Upplýsingar um starfið veita **Guðmundur Árni Árnason, deildastjóri innkaupadeildar s. 665 7526** og **Vilborg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri s. 824 7136.**

Aðeins er tekið við umsóknum um starfið í gegnum ráðningavef á heimasíðu Distica **www.distica.is.** Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk.

***Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.***

VERITAS · vistor · ARTASAN · MEDOR

## prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

## STARFSFÓLK ÓSKAST

### Gjaldkeri og innheimtustjóri

Starfið er aðallega fólgið í innheimtum og greiðslum á reikningum ásamt útkeyrslu úr Tok launakerfi.
Leitað er eftir aðila með reynslu og menntun á þessu sviði.
Starfið er 50% og vinnutími fer eftir samkomulagi.

### Prentari eða aðstoðarmaður í hæðarprentun

Starfið er aðallega fólkið í hæðarprentun, fólíuprentun, thermoprentun, stönsun, upphleypingu, fellingu og rifgötun. Leitað er eftir duglegum, nákvæmum og handlögnum einstaklingi. Þjálfun í boði fyrir réttan aðila.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, **ingasteina@prentmet.is**, s. 856 0601.

Atvinnuumsókn er á
**prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn**

Umsóknarfrestur er til 24. júní n.k.

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

**heildarlausnir** í prentun
við prentum bækur · umbúðir · almennt prentverk

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

# Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- **Leikskólakennurum**
- **Öðru uppeldismenntuðu fólki**
- **Leiðbeinendum**
- **Sérkennara, þroskaþjálfa eða öðrum til að sinna stuðningi**

Áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is

**Fossakot Korpukot**

Fossaleyni · 112 Reykjavík

---

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Störf í þýðingamiðstöð á Ísafirði

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins óskar að ráða þýðendur til starfa við starfsstöðina á Ísafirði. Þýðingamiðstöðin annast þýðingar ESB-gerða, sem eru á ýmsum sviðum, svo sem tækni, raungreina, fjármála, laga o.s.frv.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**
- Háskólapróf
- Staðgóð þekking á íslensku og ensku
- Samskiptalipurð og góð framkoma
- Gott tölvulæsi
- Kunnátta í öðru erlendu tungumáli æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Þýðendur 2016“.

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Katrín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri þýðingamiðstöðvar, (katrin.einarsdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir, mannauðsfulltrúi utanríkisráðuneytisins, (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is) í síma 545-9900.

---




## Arion banki leitar að öflugum leiðtoga í starf forstöðumanns fyrirtækjaviðskipta á Akureyri

Ef þú vilt vinna í árangursdrifnu umhverfi þar sem megináherslan er á viðskiptavinasambandið gætir þú átt heima í okkar frábæra liði.

Forstöðumaður fyrirtækjaviðskipta ber ábyrgð á þjónustu- og sölustjórnun fyrirtækjaeiningar í útibúi bankans á Akureyri og leiðir teymi viðskiptastjóra og fyrirtækjaráðgjafa í útibúinu. Viðkomandi starfar einnig þétt með viðskiptastjórum bankans á Norður- og Austurlandi.

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf varðandi fjármögnun fyrirtækja og verkefna
- Greining á lánaumsóknum fyrirtækja og ákvörðunartaka um lán
- Að viðhalda og styrkja tengsl við núverandi viðskiptavini
- Þátttaka í markaðssókn fyrirtækjaþjónustu svæðisins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi í fjármálafyrirtæki
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri er kostur
- Góð þekking á lánamálum fyrirtækja
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Umbótahugsun, frumkvæði og drifkraftur

**Nánari upplýsingar** um starfið veitir Guðmundur Ólafsson, svæðisstjóri á Norður- og Austurlandi, sími 460 5436, netfang gudmundur.olafsson@arionbanki.is og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2016.**

Umsækjendur sæki um á vef bankans, www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.** Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og við hlutum nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

The Banker — Bank of the Year 2015 — Iceland

Arion banki – fyrir framtíðina

---

# OKKUR VANTAR SÉRFRÆÐINGA TIL STARFA
## SÁLFRÆÐINGUR OG TALMEINAFRÆÐINGUR

Fagleg forysta, ráðgjöf og greiningar í málefnum barna og unglinga í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.
**Nánar á hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

**ÞJÓNUSTUVER**
Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## HH BYGGINGAR

HH byggingar ehf. er byggingafélag í örum vexti og vantar í eftirfarandi störf:

**Smiðir/samhentur smiðahópur í mælingarvinnu.**

**Helstu verkefni eru:**
- Utanhússklæðningar
- Ísetning glugga

Félagið stendur vel og er með góða verkefnastöðu næstu árin.

Hafið samband við Kristinn Þ. Geirsson í síma 699 7100 eða netfang kristinn@hhbyggingar.is

## Vélamenn óskast til starfa

VATNSSKARÐSNÁMUR
Alexander Ólafsson ehf.

Alexander Ólafsson ehf. óskar eftir að ráða vélamenn til starfa í efnisvinnslu, mokstur á hjólaskóflu og á jarðýtu (50 tonn) í Vatnsskarðsnámu.

Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknum með ferisskrá skal skilað til Kristins Ólafssonar á netfangið kristinn@alexander.is eða hafa samband í síma S: 578-9300



## Aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri

Tónlistarskólinn á Akureyri óskar eftir aðstoðarskólastjóra í 100% starfshlutfall.

Tónlistarskólinn á Akureyri er rótgróin en um leið framsækin mennta- og menningarstofnun sem staðsett er í menningarhúsinu Hofi. Í skólanum er unnið metnaðarfullt starf og hefur starfsfólk hans ávallt leitast við að vera í fararbroddi tónlistarskóla hvað skólaþróun og framfarir varðar. Mikill metnaður ríkir í öllu innra skipulagi s.s. samstarfi kennara, námsmati eða hljómsveitarstarfi og er valfrelsi nemenda sem og virkni skólans í samfélaginu í forgrunni. Í skólanum er unnið eftir aðalnámsskrá tónlistarskóla og er áhersla lögð á uppeldisleg og samfélagsleg markmið hennar auk hefðbundinna leiknimarkmiða.

Við stofnunina starfa 40 manns í u.þ.b. 27 stöðugildum og stunda um 430 nemendur nám. Skólinn starfar í nánum tengslum við grunnskóla bæjarins og heyrir undir skólanefnd og fræðslustjóra. Þá er skólinn í nánu samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og stendur fyrir ýmsum stórum tónlistar- og leiklistarviðburðum á stóra sviði hússins í tengslum við ýmsa aðila.

**Helstu verkefni og ábyrgðasvið:**
- Fjárhagsáætlanagerð undir yfirstjórn skólastjóra
- Úrlausn starfsmannamála í samstarfi við skólastjóra
- Nemendaúthlutun og utanumhald skráninga
- Dagleg umsýsla og skrifstofustjórn
- Ritstjórn starfsmannahandbókar
- Utanumhald tölulegra upplýsinga og skýrslugerð
- Gerð skóladagatals og tímasetning viðburða í samstarfi við stjórnendateymi
- Aðkoma að Listrænni og faglegri stefnumótun í samstarfi við stjórnendateymi

*Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.*

**Umsóknarfrestur er til 05. júlí 2016**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



## VERKSTJÓRI Á VÉLAVERKSTÆÐI

BÆTIR ehf. WWW.BAETIR.IS

BÆTIR EHF LEITAR AÐ ÖFLUGUM VERKSTJÓRA Í FRAMTÍÐARSTARF

**STARFSSVIÐ**
- Vélaviðgerðir og rekstur verkstæðis með framkvæmdastjóra
- Móttaka verkefna og samskipti við viðskiptavini
- Vinna með stjórnendum að skipulagningu verkefna
- Gerð tilboða og kostnaðaráætlana

**HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af vélaviðgerðum og verkstjórn
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

Bætir ehf var stofnað árið 1983 og hefur í rúm 30 ár þjónustað fyrirtæki og einstaklinga með viðgerðar og varahlutaþjónustu fyrir dísilvélar og vélahluti þeim tengdum. Við sinnum viðgerðarþjónustu og útvegum varahluti í flestar gerðir báta- og skipavéla, jarðvinnutækja og aflstöðva.

Umsóknir berist á netfangið valdimar@baetir.is ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil. Nánari upplýsingar veitir Valdimar Hilmarsson í síma 8928046.

## Sölu-og þjónustufulltrúi

Við leitum að metnaðarfullum, stundvísum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi til liðs við okkur í þjónustu við fjölbreyttan og sívaxandi hóp viðskiptavina okkar.

**Starfssvið:**
- Símsvörun
- Skipulagning ferða
- Þjónusta við viðskiptavini
- Þjónusta við samstarfsaðila
- Annað tilfallandi

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn þekking á Íslandi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Önnur tungumál kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Um er að ræða líflegt en um leið krefjandi starf hjá fyrirtæki í örum vexti.

**Umsóknir skulu berast fyrir 25. júní 2016**
Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið info@rehe.is

*Elevating Experience*
**Reykjavík Helicopters**

**www.reykjavikhelicopters.com**

## HS Veitur hf leita að öflugum liðsmönnum á aðalstöðvar fyrirtækisins í Reykjanesbæ

### Forstöðumaður hita- og ferskvatnsdeildar

**Starfssvið**
- Rekstur dreifikerfa fyrir neysluvatn og heitt vatn.
- Umsjón með hönnun, verklegum framkvæmdum, starfsmannahaldi og nýframkvæmdum deildarinnar.
- Umsjón með innra eftirliti, gæðastjórnun og mæl búnaði deildarinnar.
- Áætlanagerð og uppgjörsmál fyrir deildina.
- Umsjón með tölvustjórnunarkerfum veitukerfanna.
- Tryggja nauðsynlega samvinnu við aðrar deildir.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði t.d. bygginga- eða véla.
- Samskiptahæfni og frumkvæði. Starfið krefst mikilla samskipta við fólk, bæði innan og utan fyrirtækisins
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson forstjóri í síma 422 5200.

### Rafvirkjar / rafveituvirkjar / nemar

**Starfssvið**
- Viðhald og viðgerðir á dreifikerfi, línum og götulögnum.
- Nýlagnir, tengingar og frágangur.

**Hæfniskröfur - rafvirkjar / rafveituvirkjar**
- Sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Hæfniskröfur - nemar**
- Grunndeild rafiðnaðar.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Stefánsson svæðisstjóri í síma 422 5200.

Umsækjendur sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins **www.hsveitur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2016.**

HS Veitur hf voru stofnaðar 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja hf var skipt í HS Veitur hf og HS Orku hf.
HS Veitur hf annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg.
HS Veitur hf annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og vatnsveiturekstur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.
Starfsstöðvar HS Veitna hf eru fjórar, þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og í Árborg.
Hjá HS Veitum hf starfa tæplega 90 starfsmenn.
Frekari uppýsingar um fyrirtækið er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins.

**HS VEITUR HF**
www.hsveitur.is

# SKRIFSTOFU-UMSJÓN, MÓTTAKA, REIKNINGSGERÐ

**OPUS lögmenn leita að öflugum starfsmanni í framtíðarstarf.**

Um er að ræða 100% starfshlutfall, vinnutími frá 9.00 til 17.00.

Starfið felst í umsjón skrifstofunnar, móttöku viðskiptavina, reikningsgerð, ýmis verkefni fyrir lögmenn stofunnar, sem og umsjón með kaffiaðstöðu og móttöku stofunnar.

Við leitum að einstakling sem hefur að bera ríka þjónustulund, hæfileika til mannlegra samskipta, vilja til að takast á við fjölbreytt verkefni, úrræðagóður og glaðlyndur.

Reynsla af færslu bókhalds er kostur.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 8. ágúst nk.**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí nk.**

**Umsóknir skulu berast á netfangið: opus@opus.is**

OPUS LÖGMENN

Austurstræti 17 \ Sími 415 2200



*Your activity tour operator in Iceland since 1983*

## ARCTIC ADVENTURES óskar eftir að ráða Bifvélavirkja

*Arctic Adventures óska eftir öflugum bifvélavirkja eða vönum viðgerðarmanni til starfa.*

### Starfssvið

- Viðgerðir og viðhald á ökutækjum
- Bilanagreining ökutækja

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða haldbær reynsla á sviði bíla-, véla- og /eða rafmagnsviðgerða.
- Bílpróf er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Öguð og fagleg vinnubrögð, metnaður og frumkvæði.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

*Vinnutími er mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00-17:00*

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*
*Umsóknir skal senda á jobs@adventures.is*
*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál*

arctic adventures · TREK ICELAND · GLACIER GUIDES · DIVE SILFRA · arctic RAFTING · SNOWMOBILES

HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

# ÞJÓNUSTUSTJÓRI REYKJAVÍKURFLUGVALLAR

Við leitum að kraftmiklum þjónustustjóra til að byggja upp og þróa starfsemi Reykjavíkurflugvallar með því hæfa starfsfólki sem þar starfar. Helstu verkefni fela í sér rekstur flugvallarþjónustu og flugverndar, öryggis- og gæðamál, áætlanagerð og starfsmannamál. Þjónustustjóri er staðgengill flugvallarstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun er kostur og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða menntun af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
- Þekking á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Reynsla og kunnátta af notkun ýmissa vinnuvéla og tækjabúnaðar
- Miklir samskiptahæfileikar, góð og örugg framkoma
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt miklum skipulagshæfileikum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu

Umsóknarfrestur er til og með **27. júní.** Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson, netfang: **ingolfur.gissurarson@isavia.is**

Isavia rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur samhentur hópur sem telur um 1.200 manns. Okkar markmið er að vera hluti af góðu ferðalagi allra þeirra sem fara um flugvelli okkar og flugstjórnarsvæði.




| STARFSTÖÐ | UMSÓKNARFRESTUR | UMSÓKNIR |
|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **27. JÚNÍ 2016** | **ISAVIA.IS/ATVINNA** |

isavia

16-1554 - HVITA HUSID / SIA

# Við stækkum og styrkjum hópinn

**Sérfræðingur í innri endurskoðun**
Við leitum að sérfræðingi í verkefni á sviði innri endurskoðunar og annarrar áhættuþjónustu.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Þátttaka í verkefnum á sviði innri endurskoðunar, innra eftirlits og áhættustjórnunar
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar – og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Faggilding góður kostur
- Haldbær starfsreynsla
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð

**Sérfræðingur á upplýsingatæknisviði**
Við leitum að sérfræðingi í verkefni á sviði upplýsingatækni og annarrar áhættuþjónustu.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Ytri endurskoðun – upplýsingatækni
- Úttektir netkerfa
- Ráðgjöf til viðskiptavina vegna kerfismála
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar – og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðbótarmenntun á sviði upplýsingatækni kostur – CISA próf æskilegt
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð


## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**EIKAR SÓFABORÐ**

Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLAÞVOTTUR**

Öflug bílaleiga með aðsetur í reykjavík og við keflvíkurflugvöll eftir að ráða röska starfsmenn í bílaþvott.

**Umsóknir óskast sendar á andrew@procar.is**

**GAMLA SMIÐJAN, ÞRASTALUNDI, 801 SELFOSS**

Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf einnig afgreiðslufólki í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari upplýsingar sverrir@brimhotel.is

**AUKAVINNA**

Starfsfólk óskast á kvöld og helgarvaktir í sjoppu í 101 RVK. Uppl. sendist á: atvinna234@gmail.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**FUNDARLAUN Í BOÐI**

Mangó er týndur! Hann er innikisa en slapp út í Hafnarfirði. Mangó er því miður ómerktur en ef þið verðið vör við hann vinsamlegast hafið samband í s: 8995545.

## atvinna

# N1 bílstjóri

**Óskum eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan bílstjóra til sumarafleysinga í vöruhúsi félagsins við Klettagarða.**

**Vinnutími 8.00-17.00 virka daga.**

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf er skilyrði
- Reynsla af akstri sendibíla
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lórenz Þorgeirsson vöruhússtjóri í síma 440 1250 eða lorenz@n1.is.

Framúrskarandi fyrirtæki · JAFNLAUNA-VOTTUN VR · N1

## skemmtanir



# FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,5%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...



# Fleiri mál tengd vinnumansali

Undanfarna mánuði hefur verið fjallað um fjölda vinnumansalsmála sem komið hafa upp hér á landi. Aukin vitund um einkenni mansals virðist skila sér í mun fleiri ábendingum um mögulegt mansal til lögreglunnar.

**Mansal á Íslandi**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Þetta er ótrúlegt magn upplýsinga sem við höfum verið að fá að undanförnu,“ segir Snorri Birgisson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkur mál hafa komið á borð lögreglu undanfarna mánuði sem varða vinnumansal og tilkynningum um slík mál hefur fjölgað mikið. Undanfarin tvö ár hefur verið í gangi mikið fræðsluátak hjá lögreglu og stéttarfélögum þar sem verið er að fræða fólk um einkenni mansals. Snorri segir að það hafi skilað sér í vitundarvakningu meðal almennings. Hins vegar rati fá slík mál á borð dómstóla þar sem löggjöfin sé ekki nógu skýr hvað þessi mál varðar.

**Almenningur tilkynnir**

Hann segir þó ekki endilega um að ræða að málin séu fleiri, heldur sé vitund almennings orðin meiri. Fólk horfi öðruvísi á aðstæður fólks og tilkynnir um möguleg mansalsmál. Hann segir alls kyns ábendingar hafa borist til lögreglu undanfarna mánuði. „Það er töluvert mikil aukning. Við höfum til dæmis fengið tilkynningar frá fólki um verkamenn sem búa í skúr einhvers staðar niðri í bæ og hafa ekki aðgang að salerni. Við fáum margar tilkynningar um það sem fólk telur ekki eðlilegt. Í sumum tilfellum á þetta sér eðlilegar útskýringar ,en það að einhver einstaklingur úti í bæ fari allt í einu að horfa á einhvern vinnuskúr og hugsa að þetta séu slæmar aðstæður og tilkynna til lögreglu sýnir okkur að fólk er að vakna til lífsins með þetta.“

## Hverjir eru þolendur á Íslandi?

Konur og karlar frá Austur-Evrópu og Kína eru þolendur vinnumansals á nuddstofum, á veitingastöðum, í byggingaframkvæmdum, í fiskvinnslu og sem au-pair á heimilum. Konur eru neyddar til heimilisþjónustu og í kynlífsmansal í gegnum þvingaðar giftingar. Gerendur eru sagðir nýta sér ákvæði Schengen-samkomulagsins um frjálsa för án vegabréfsáritana til að halda þolendum mansals á Íslandi í allt að þrjá mánuði en flytja þá svo úr landi áður en að skrá þarf þolendur hjá hérlendum yfirvöldum (kom fram í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins í júlí í fyrra: United States Department of State 2015).

**Viðkvæmir hópar í hættu**

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hefur lýst yfir áhyggjum vegna vísbendinga um að hælisleitendur séu nýttir sem ólöglegt vinnuafl, t.a.m. við uppvask á hótelum, og að sökum viðkvæmrar stöðu þeirra sé mjög auðvelt að brjóta á réttindum þeirra. Hún bendir á að hætta geti skapast á að innlendir eða erlendir aðilar hér á landi nýti sér bága stöðu ört stækkandi hóps flóttafólks og hælisleitenda. Grunur um misneytingu og ógnanir í garð hælisleitenda hefur kviknað hér á landi, sem hefur jafnvel beinst til ættingja hælisleitenda í heimalandi þeirra.

**Mansal og ferðamannaiðnaður**

Vinnumansal þrífst almennt vegna mikillar eftirspurnar eftir ódýrum vörum og þjónustu og lélegs eftirlits stjórnvalda. Gerendur nýta sér aukna eftirspurn sér til hagsbóta. Algengast er að vinnumansal og misneyting eigi sér stað í framleiðslugeirum eins og landbúnaði, byggingariðnaði og þjónustustörfum, þá verður vart við hvort tveggja í tengslum við ört vaxandi ferðamannaiðnað. Snorri tekur undir þetta. „Okkur vantar að uppfæra löggjöfina okkar, það sem okkur vantar inn í hana er eitthvað sem nær yfir nauðungarvinnu en fellur ekki endilega undir mansalsákvæðið. Í mörgum öðrum Norðurlöndum er löggjöf sem nær yfir þetta. Þá á ég í raun við millistigið, þegar við getum ekki sýnt fram á mansal en getum sýnt fram á að verið sé að fara illa með fólk í vinnu. Það vantar meiri refsingu við því þegar verið er að fara illa með fólk en það er kannski ekki í nauðung eða frelsissvipt, en samt í hálfgerðum þrældómi,“ útskýrir Snorri. „Finnar hafa notað þetta mikið og þetta hefur virkað vel, þar sem þeir geta ekki fært þetta yfir á mansalsákvæðið.“

## HVAÐ ÆTLA STJÓRNVÖLD AÐ GERA?

Tvær veigamiklar erlendar skýrslur um mansal og vinnuþrælkun gefa vísbendingu um að málaflokkurinn sé í ólestri á Íslandi.

Ísland er í 49. sæti á heimsvísu í nýrri skýrslu Global Slavery Index sem kom út í maí. Í henni er talið að á Íslandi séu 400 vinnuþrælar. Ísland fær einkunnina B, sem er með lægstu einkunnum í Vestur-Evrópu þegar kemur að því hvernig stjórnvöld taka á þrælahaldi. Þá kemur gagnrýni á stjórnvöld og ákæruvald fram í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins um mansal, sem kom síðast út í júlí á síðasta ári.

„Við erum að endurskoða aðferðafræðina og þá í ljósi þess að öll þessi mál eru að koma upp,“ segir Hildur Dungal, lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu, sem fer fyrir þverfaglegum stýrihópi gegn mansali.

„Við sjáum fyrir okkur að geta lagt fram aðgerðir í haust og viljum að áætlunin innihaldi færri aðgerðir til eins eða tveggja ára. Aðgerðunum yrði tryggt fjármagn og þannig væri raunverulega hægt að fara eftir þeim,“ segir Hildur frá.

Hún telur þurfa sérstakt eftirlit með aðgerðunum. „Við erum á þeim stað að það þarf einhvern til að fylgja þessu eftir á landsvísu. Mansalsmál koma inn á svið svo margra, það þarf að samhæfa aðgerðir og stefnu,“ segir Hildur.

Brýnast segir hún að bæta skilgreiningu á mansali í hegningarlögum. „Það vantar í hana hagnýtingarhlutann,“ segir Hildur. „Breytingin mun hafa mikla þýðingu. Lögregla og ákæruvald getur ekki eingöngu byggt á framburði þolenda. Það þarf að leita leiða til að rannsaka málin á breiðari grundvelli. Þá eru meiri líkur á sakfellingu,“ segir Hildur.

> ÞAÐ ÞARF AÐ LEITA LEIÐA TIL AÐ RANNSAKA MÁLIN Á BREIÐARI GRUNDVELLI.
>
> Hildur Dungal lögfræðingur



Snorri tekur undir þetta. „Okkur vantar að uppfæra löggjöfina okkar, það sem okkur vantar inn í hana eitthvað sem nær yfir nauðungarvinnu en fellur ekki endilega undir mansalsákvæðið. Í mörgum öðrum Norðurlöndum er löggjöf sem nær yfir þetta. Þá á ég í raun við millistigið, þegar við getum ekki sýnt fram á að mansal en getum sýnt fram á að verið sé að fara illa með fólk í vinnu. Það vantar meiri refsingu við því þegar verið er að fara illa með fólk en það er kannski ekki í nauðung eða frelsissvipt, en samt í hálfgerðum þrældómi,“ útskýrir Snorri. „Finnar hafa notað þetta mikið og þetta er að virka vel þar sem þeir geta ekki fært þetta yfir á mansalsákvæðið.“ Alda Hrönn Jóhannsdóttir hefur gagnrýnt að skilgreiningin sé ekki komin í lög sem á að sporna við mansali og vernda þolendur. Þar sem Ísland hafi ekki innleitt tilskipunina væru nauðungarhjónabönd, betl, þjónustuánauð og skipulögð brotastarfsemi ekki skilgreind sem mansal.

Kristrún Elsa Harðardóttir, réttargæslumaður tveggja kvenna sem voru þolendur í meintu mansali í Vík í Mýrdal, gagnrýndi harðlega að úrræði sem þeim stóðu til boða dygðu ekki. Aðgerðaáætlun stjórnvalda virkaði ekki, m.a. vegna þess að henni hefði ekki fylgt neitt fjármagn. Neyðarteymi, sem minnst er á í áætluninni og eigi að fara af stað innan 24 stunda og koma þolendum í skjól, sé ekki til.

Snorri Birgisson segir blasa við að betri úrræði vanti fyrir mansalsfórnarlömb. Eina úrræðið sem standi til boða sé vistun í Kvennaathvarfinu. „En ég set ekki átta pólska verkamenn í Kvennaathvarfið ef það kemur upp svoleiðis mál.“

Úrræði til þolenda eru á ábyrgð velferðarráðuneytis í gildandi aðgerðaáætlun gegn mansali.

## Dæmi um **meint vinnumansal**

**Pólskar konur á gistiheimili á Suðurlandi**

Tvær pólskar konur hafa borið því við að hafa verið í nauðung á gistiheimili á Suðurlandi sumarið 2014. Grunur er um vinnumansal og rannsókn ekki lokið enn. Lögreglan á Suðurlandi hefur ekki fært þann grunaða til yfirheyrslu og ber við manneklu.

**Vík í Mýrdal**



Lögreglan handtók karlmann frá Srí Lanka þann 18. febrúar sl. vegna gruns um vinnumansal. Þremur konum var komið í skjól í Kvennaathvarfinu, tvær þeirra hafa staðfesta stöðu þolenda mansals. Málið er statt hjá héraðssaksóknara sem tekur ákvörðun um ákæru.

**Í nauðung á Hótel Adam**

Lögreglan rannsakar mál erlendrar konu frá því í maí. Konan sagði frá því að sér hefði verið haldið nauðugri í starfi á Hótel Adam. Og að henni hafi verið hótað af eiganda hótelsins að hún yrði handtekin ef hún mótmælti aðstæðum sínum. Hún vann nánast alla daga mánaðarins og fékk 60 þúsund krónur greiddar. Fleiri starfsmenn hótelsins hafa leitað til lögreglu.

**Byggingarvinna í miðborginni**



Fimm manns voru handteknir í umfangsmiklum aðgerðum yfirvalda í apríl. Ráðist var í tugi húsleita, lagt hald á bókhaldsgögn og nokkrar milljónir í reiðufé. Einn fimmmenninganna er eigandi verktakafyrirtækisins Brotafls og var ákærður í mansalsmáli árið 2009 þegar litháísk kona var flutt nauðug til landsins. Maðurinn var sýknaður. Verktakafyrirtækið Kraftbindingar er sömuleiðis til rannsóknar í málinu. Hátt í sjötíu erlendir verkamenn störfuðu hjá verktakafyrirtækjunum sem eru til rannsóknar. Rannsókn málsins miðast að því hvort þeir hafi verið beittir hótunum eða gabbaðir til landsins.

**Grunur um vinnumansal hjá Félagi heyrnarlausra**

Rússnesk kona sem kom til Íslands fyrir þremur mánuðum til að selja happdrættismiða fyrir Félag heyrnarlausra hefur stöðu þolanda mansals á meðan lögregla rannsakar málið. Konan á að hafa borgað þúsund dollara, eða um 125 þúsund krónur, við komuna til landsins. Hún fékk um 20 þúsund krónur í mánaðarlaun.




## COSTA DEL SOL




### Aguamarina Aparthotel

**Frá kr. 66.895 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 66.895 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

20. júní í 10 nætur.

## COSTA DEL SOL




### Stökktu

**Frá kr. 54.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 54.995 m.v. 2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.

20. júní í 10 nætur.

## MALLORCA




### Stökktu

**Frá kr. 44.930 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 44.930 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.

21. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA




### Hotel ATH Las Salinas Park

**Frá kr. 98.180 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann frá kr. 98.180 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 113.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

23. júní í 11 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA




### Hotel ATH Portomagno Spa

**Frá kr. 101.595 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 101.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 116.695 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

23. júní í 11 nætur.

## KRÍT




### Helios Apartments

**Frá kr. 86.645 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 86.645 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 109.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

27. júní í 10 nætur.

## KRÍT




### Porto Platanias Village

**Frá kr. 124.095 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 124.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 169.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

27. júní í 10 nætur.

## COSTA DEL SOL




### Aguamarina Aparthotel

**Frá kr. 72.795 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 72.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð..
Netverð á mann frá kr. 98.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

30. júní í 11 nætur.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM75982

**Saga til næsta bæjar**



# Stærsta auglýsingabrellan

**Stefán Pálsson** skrifar um tóma steypu




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bernhöftstorfan, reiturinn á milli Austurstrætis og Amtmannsstígs annars vegar en Lækjargötu og Skólastrætis hins vegar, hefur að geyma einhverja fallegustu húsaröð Reykjavíkur. Varðveisla hennar reyndist þó ekki baráttulaus. Þegar á þriðja áratugnum komu fram hugmyndir um að reisa stórhýsi á reitnum.

Tillögur að framtíðarskipulagi Reykjavíkur frá 1927 gerðu ráð fyrir háum skrifstofubyggingum á þessum stað og fáeinum árum síðar festi ríkissjóður kaup á hluta húsanna með það í huga að reisa „þjóðhýsi“, sem geyma átti skrifstofur stjórnarráðsins auk fleiri opinberra stofnana.

Hugmyndin um stjórnarráðshús á svæðinu hélst lifandi í teikningum arkitekta og var síðast áréttuð í borgarskipulagi árið 1967, þar sem gert var ráð fyrir að gömlu húsin yrðu flutt í Árbæjarsafn. Þess var þó skammt að bíða að Reykvíkingar vöknuðu til vitundar um mikilvægi þess að varðveita gamlar byggingar í borgarmyndinni. Húsverndunarhreyfingin steig einmitt fyrstu skref sín á áttunda áratugnum í slagnum um varðveislu Bernhöftstorfunnar.

Húsin á Bernhöftstorfunni eiga sér ólíka sögu. Næst Bankastrætinu standa byggingarnar sem tengdust gamla Bernhöftsbakaríinu: brauðgerðarhúsin, geymslur og íbúðarhús bakarans og fjölskyldu hans. Á hinum endanum, stendur húsið Amtmannsstígur 1. Það reisti Stefán Gunnlaugsson bæjarfógeti laust fyrir 1840. Hafa þar ýmsir mektarmenn búið og breytt húsinu og bætt á ýmsan hátt. Þannig fékk Guðmundur Björnsson læknir húsameistarann Rögnvald Ólafsson til að teikna áberandi turn við suðurenda hússins í byrjun síðustu aldar.

Á milli timburhúsanna stendur yngra hús úr öðru byggingarefni. Það var reist árið 1905 og nefnist Gimli. Þar er nú til húsa skrifstofa Listahátíðar, en í gegnum tíðina hefur það gegnt ýmsum opinberum hlutverkum. Um tíma var það embættisbústaður biskups og þar var Ferðaskrifstofa ríkisins til húsa á meðan sú stofnun var enn starfrækt. Það markverðasta við sögu Gimli er þó ef til vill sjálf bygging þess, en segja má að húsið hafi verið reist í auglýsingaskyni.

## Í upphafi var fjósið

Fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík var Barónsfjósið við Barónsstíg 4, sem enn stendur og hýsir nú kjörbúð. Það var nefnt eftir eiganda sínum, frönskum barón að nafni Charles Gouldrée-Boilleau, sem réðst í margvíslegan atvinnurekstur á Íslandi rétt fyrir aldamótin 1900. Hugðist hann stofnsetja fyrsta mjólkurbú landsins, með fjörutíu kúm sem geymdar yrðu í fjósinu í Reykjavík yfir vetrarmánuðina en hafðar á búi hans á Hvítárvöllum yfir sumartímann. Ekki varð búreksturinn eins umfangsmikill og til stóð í upphafi, en fjósið reis og vakti athygli bæjarbúa á hinu nýja byggingarefni.

Frumherjar í stétt íslenskra verkfræðinga höfðu tröllatrú á steinsteypunni til mannvirkjagerðar, en almenningur var tortryggnari. Töldu margir að steypt hús hlytu að vera köld og rök með tilheyrandi hættu á myglu. Frá því að byggingu Barónsfjóss lauk árið 1899 til ársloka 1903 mátti telja nýjar steyptar byggingar í Reykjavík á fingrum annarrar handar.

> SEGJA MÁ AÐ „HEPPILEGT STRAND“ HAFI VERIÐ KVEIKJAN AÐ STOFNUN FYRIRTÆKISINS.

En í desember 1903 virtist fara að rofa til í þessum efnum. Þá var stofnað í bænum fyrirtækið Mjölnir með grjótmulning sem aðalviðfangsefni, en góður grjótmulningur var vitaskuld nauðsynlegur til steypugerðar. Eigandalistinn var fjölskrúðugur: verkfræðingur, kaupmaður, bókavörður og læknir – sem segir sína sögu um íslenskt samfélag á þessum tíma.

Kaupmaðurinn í hópnum var athafnamaðurinn Sturla Jónsson, sem tengdist flestum nýsköpunarfyrirtækjum þessara ára. Læknirinn var fyrrnefndur Guðmundur Björnsson, þá héraðslæknir í Reykjavík en landlæknir frá 1906. Guðmundur var frumkvöðull á sviði lýðheilsumála og beindi sérstaklega sjónum að mikilvægi góðs húsakosts og vel hannaðra bygginga fyrir heilbrigði almennings. Lá því beint við að hann reyndi að ýta undir ný og betri byggingarefni.

Þriðji Mjölnismaðurinn var Jón Jacobson, sem starfaði bæði sem bókavörður á Landsbókasafninu og sem forstöðumaður forngripasafnsins. Jón var jafnframt alþingismaður og pólitískur samherji fjórða mannsins í félaginu, Knuds Zimsen verkfræðings.

Knud Zimsen var aðaldriffjöðrin í verkefninu. Aldamótaárið 1900 útskrifaðist hann frá fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn og var þá aðeins þriðji Íslendingurinn með verkfræðigráðu. Hann réðst fljótlega til starfa hjá Reykjavíkurbæ sem bæjarverkfræðingur og byggingarfulltrúi.

Eitt stærsta verkefnið á könnu bæjarverkfræðings var einmitt að sjá um viðhald gatnanna í höfuðstaðnum. Í vætutíð voru göturnar eitt forarsvað, enda holræsi vart komin til sögunnar. Eitt algengasta umkvörtunarefni bæjarblaðanna tengdust torfærum götum og leðjuslettunum sem gengu yfir vegfarendur frá hestum sem riðu um stræti.

Að mati verkfræðingsins átti lélegur ofaníburður stóran þátt í vandamálinu. Óhentugt og moldarblandið efnið gerði það að verkum að gatnaviðgerðir komu fyrir lítið og nýjar holur mynduðust í sífellu. Úr þessu skyldi bætt með Mjölni, sem framleitt gæti úrvals grús fyrir bæinn.

## Gin ófreskjunnar

Fyrirtækið fékk leyfi til grjótnáms í holtinu sunnan Laugavegar rétt austan við Rauðarána. Stóðu vélarhúsin á þeim slóðum þar sem nú er gatan Mjölnisholt og er í dag það eina sem minnir á hið stórhuga framtak.

Ritstjórinn kunni, Jón Ólafsson, lýsti heimsókn í Mjölni á líflegan hátt í blaði sínu Reykjavík í marsmánuði 1904: „Sá „Mjölnir“, sem hér er um að ræða er grimmasta villidýr úr stáli. Það hefir síopinn kjaftinn og tyggur svo títt, að einn maður heldur ekki út nema svo sem eina stundarfjórð í senn að mata hann; en bitarnir sem sífelt er stungið í gin ófreskjunnar, eru grjóthnullungar all vænir“.

Segja má að „heppilegt strand“ hafi verið kveikjan að stofnun fyrirtækisins. Í ofsaveðri vorið 1903 hafði skip rekið á land upp í Batteríið svokallaða, fyrir neðan Arnarhól og laskast talsvert. Fengu viðskiptafélagarnir gufuvél skipsins fyrir lítið fé. Þessu næst festu þeir kaup á mulningsvél frá útlöndum og var þá ekkert að vanbúnaði að hefja framleiðslu.

Ekki reyndist grjótmulningsframleiðslan sú gullnáma sem vonast hafði verið til. Reykjavíkurbær keypti eitthvað lítilræði í fyrstu og þótti efnið ágætt, en fljótlega ákvað bæjarstjórnin að halda sig við lakari mulning vestan af Melum, sem hægt var að fá fyrir örlítið lægri upphæð.

Nú voru góð ráð dýr fyrir hið nýstofnaða fyrirtæki. Úr því að bæjarsjóður vildi ekki kaupa gatnagerðarefnið, var ákveðið að reyna að einbeita sér að því að selja mölina í steinsteypu. En þar reyndist samkeppnin hörð. Allnokkrir menn í Reykjavík unnu fyrir sér með því að mylja grjót með hamri og þar að auki voru nokkrir steinsmiðir er hjuggu stein til húsbygginga. Þessum aðilum var meinilla við hina nýju samkeppni og tóku sig saman um að undirbjóða framleiðslu Mjölnis.

## Sýningarhús

Aftur þurftu Knud Zimsen og félagar að hugsa reksturinn upp á nýtt. Varð að ráði að steypa stein í mótum, en sú byggingaraðferð færðist þá mjög í vöxt erlendis að hlaða hús úr forsteyptum steini. Voru óðar keypt dýr steypumót að utan og hugðu stjórnendur Mjölnis gott til glóðarinnar, enda sannfærðir um ágæti hins nýja byggingarefnis.

En Reykvíkingar voru sem fyrr tregir í taumi og vantreystu nýjungunum. Fáir treystu sér til að ríða á vaðið og fljótlega komst Knud Zimsen að þeirri niðurstöðu að bæjarbúar þyrftu á sýnikennslu að halda. Í því skyni tryggði hann sér lóðina milli Bernhöftsbakarís og Guðmundar Björnssonar félaga síns og reisti Gimli á árunum 1905-6.

Húsið var allt hlaðið úr Mjölnissteinum. Á suðurenda þess er veglegur turn sem minnir helst á kastala og var upphaflega ætlunin að reisa annan slíkan við norðurenda hússins. Loftið í turninum var steinsteypt og mun það vera fyrsta húsþakið á Íslandi sem svo var gert. Önnur byggingartæknileg nýlunda við gerð hússins var notkun á marmaramulningi (terrazzo) á tröppum og eldhúsgólfi.

Knud Zimsen hugsaði Gimli sem íbúðarhús fyrir fjölskyldu sína og skrifstofu fyrir rekstur sinn, en megintilgangurinn var þó að kynna Mjölnisstein sem byggingarefni. Sú tilraun skilaði þó ekki tilætluðum árangri. Þótt húsið þætti bæjarprýði, dugði það ekki til að sannfæra borgara bæjarins um að aðferðina. Þess í stað héldu Reykvíkingar tryggð við timbrið og steinsteypan átti erfitt uppdráttar næstu árin. Þau viðhorf áttu þó eftir að breytast, meðal annars vegna eldsvoðans mikla í miðbæ Reykjavíkur árið 1915 sem gerði marga andsnúna timburhúsum. Þá var mulningsverksmiðjan Mjölnir löngu hætt starfsemi sinni. Fyrir-



MAARUD
GERIR GOTT ENN BETRA
Náttúruleg hráefni
Engin transfita
MAARUD
POTETGULL
Paprika
MAARUD
POTETGULL
Salt & Pepper
VÅRT BESTE POTETGULL NOENSINNE
MAARUD
POTETGULL
Classic Salt
Með sólblómaolíu
Hittir beint
í mark



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sighvatur Pétursson**

bifreiðastjóri,
Álftamýri 44,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 12. júní sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Lára G. Sighvatsdóttir** **Kristinn Ó. Sveinsson**
**Pétur H. Sighvatsson**
**Rakel Sighvatsdóttir** **Guðmundur B. Kjartansson**
**Guðmundur S. Sighvatsson** **Erla Vigdís Maack**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björn Jóhann Brandsson**

Burknavöllum 1b, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 10. júní.

Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Katrín Jónsdóttir**
**Jón Karl Björnsson**
**Davíð Þór Björnsson, Valgerður B. Viðarsdóttir, Anna Björnsdóttir, Róbert Daði, Ágústa Katrín, Ylfa Rán, Jakob Máni og Aþena Ýr**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og aðstoð við andlát og útför elskulega Rikka okkar,

**Ríkharðs Arnar Steingrímssonar**

lögregluvarðstjóra,
Hamratanga 10, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir viljum við færa lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Lögreglufélagi Reykjavíkur og Landssambandi lögreglumanna fyrir stuðning og aðstoð á þessum erfiðu tímum.

**Iðunn Dögg Gylfadóttir**
**Sigurjón Nói Ríkharðsson**
**Egill Gylfi Ríkharðsson**
**Steingrímur Á. Jónsson** **Þóranna M. Sigurbergsdóttir**
**Gylfi Óskarsson** **Guðlaug Árnmarsdóttir**



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**
*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*
**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Skúli staddur í safni Sigurjóns Ólafssonar við móttöku styrksins úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Skúli lávarður lágtíðninnar

**Tvíheilagt var hjá Skúla Sverrisyni, tónlistarmanni í fyrradag. Hann tók við styrk úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara og verk hans Miranda var frumflutt.**

„Þetta var góður dagur,“ hefur Skúli Sverrisson, bassaleikari og tónskáld, örugglega hugsað um fimmtudaginn 16. júní, eftir að hafa hlotið milljón króna styrk úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara og hlýtt á frumflutning tónverks úr eigin smiðju.

Styrkveitingin fór fram í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á afmælisdegi Kristjáns sem lést, tæplega þrítugur, árið 2002. Í rökstuðningi sjóðsstjórnar segir meðal annars: „Skúli Sverrisson er einstakur listamaður. Fagmaður og virtúós á sitt hljóðfæri, tónskáld með persónulega nálgun og auðþekkjanlegan skýran tón, hugsjónamaður, brautryðjandi og velgjörðarmaður annars tónlistarfólks … Skúli er sannkallaður „lávarður lágtíðninnar“.“

Tónverkið Miranda eftir Skúla er nýtt einleiksverk fyrir píanó. Víkingur Heiðar lék það í Norðurljósasal Hörpu á upphafstónleikum Reykjavík Midummer Music. Skúli samdi verkið eftir miklar pælingar um geiminn. „Ég hlustaði meðal annars á upptökur frá plánetum sem búið var að umbreyta svo mannseyrað gæti greint hljóðið og hreifst ég þar sérstaklega af hljóðunum frá Miröndu, sem er minnsta tungl Úranusar,“ er haft eftir honum um verkið.

**gun@frettabladid.is**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Héðins Skarphéðinssonar**

húsasmíðameistara,
Langholti 2, Reykjanesbæ,

sem lést 30. maí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjá dagdvöl aldraðra í Selinu fyrir frábæra umönnun og alúð.

Guð blessi ykkur öll.

**Bergþóra G. Bergsteinsdóttir**
**Kristjana B. Héðinsdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**Aðalheiður Héðinsdóttir** **Eiríkur Hilmarsson**
**Skarphéðinn S. Héðinsson** **Lynnea Clark**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku, hjartans móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

**Valdís Þorlaug Guðnadóttir**

Jörundarholti 127, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á HVE á Akranesi, þann 10. júní síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða kross Íslands eða Slysavarnadeildina Líf á Akranesi.

**Inga Lilja Guðjónsdóttir**
**Guðný Guðjónsdóttir** **Baldur A. Sigurvinsson**
**Gísli Páll Guðjónsson** **Sara Hrund Signýjardóttir**
**Ingveldur Jónsdóttir** **Georg Þorvaldsson**
**Elísa Valdís, Sara D., Guðjón Snær, Sóley Rún, Óðinn Freyr, Hlynur Örn, Signý Þorlaug, Guðjón Máni og Úlfar Ingvi.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Steins Jónsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Sólvangi, áður til heimilis að Brunnstíg 5, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 11. júní.
Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Guðbjörg Stella Guðmundsdóttir** **Gísli Guðmundsson**
**Ólafur Haukur Matthíasson** **Eva Vilhelmsdóttir**
**Lilja Matthíasdóttir** **Jón Þórir Jónsson**
**Oddrún Pétursdóttir** **Eggert Norðdahl**
**Kristbergur Óðinn Pétursson**
**Sigurður Ómar Pétursson**
**Guðlaug Hrönn Pétursdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Árni Sigursteinsson**

framkvæmdastjóri,
áður til heimils að
Grenigrund 25, Selfossi,

lést á Fossheimum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, að kvöldi mánudagsins 13. júní. Útför fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 23. júní kl. 14.00.

**Kristín Árnadóttir**
**Brynjólfur Tryggvi Árnason** **Hreindís Elva Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Árnason** **Anna Sigurðardóttir**
**Árni Árnason** **Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Sigrún Árnadóttir** **Sveinbjörn Friðjónsson**
**Sólrún Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**

20%

AEG
1400W RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR...15.995
TILBOÐ .........12.795

COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 16.995
TILBOÐ ......... 11.995

Allt að 42% minni fita

FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 19.995
TILBOÐ ......... 13.995

ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ ...22.995
TILBOÐ .........15.995

GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Með losanlegum plötum
30%
Russell Hobbs

# EM TILBOÐSDAGAR
EURO2016
# 20-50% AFSL.

SMOOTHIE GLAS
MEÐ RÖRI
30%
VERÐ ÁÐUR...2.495
TILBOÐ .........1.795

SEVERIN
BLANDARI
500W
25%
ÖFLUGUR MYLUR KLAKA
VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ .........7.495

# byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# LÝKUR UM HELGINA!

WALTHER
6 STK
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........1.995

KUCHENPROFI
KJÖTHITAMÆLIR
DIGITAL
30%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.895

KUCHENPROFI
KJÚKLINGA
STANDUR
30%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.895

ALLIR HÁRBLÁSARAR

HAMBORGARAPRESSA
50%
VERÐ ÁÐUR...1.495
TILBOÐ ............745

KUCHENPROFI
GRILLÁHÖLD
3STK
30%
VERÐ ÁÐUR...4.995
TILBOÐ .........3.495

BORÐ- OG
GÓLFVIFTUR

ibili
PÖNNUR
50%

PIZZASTEINN Í GRIND
30sm

# LÝKUR UM HELGINA!

Scou KJÖTHITAMÆLIR DIGITAL
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........1.995

VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.795

VERÐ FRÁ .....2.495

gerðir hellna!

Char-Broil
# GRILLTILBOÐ
VEGLEGIR KAUPAUKAR

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu!

TRU-Infrared er byltingarkennd nýjung sem tryggir jafnari hitadreifingu, útilokar að eldur logi upp yfir grindurnar og notar minna gas.

2ja brennara:
- 2 brennarar 6,2kw/klst
- Grillflötur: 47x47 cm
- HxBxD: 113x118x55

FULLT VERÐ..... 69.995
TILBOÐ ........... 59.995

3ja brennara:
- 3 brennarar 8,8kw/klst
- Hliðarbrennari: 3,8kw
- Grillflötur: 67x47 cm
- HxBxD: 116x139x55

FULLT VERÐ... 109.995
TILBOÐ ........... 94.995

4ja brennara:
- 4 brennarar 11,7kw/klst
- Hliðarbrennari: 3,8kw
- Grillflötur: 79x47 cm
- HxBxD: 120x150x55

FULLT VERÐ... 139.995
TILBOÐ ......... 119.995

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Heyri Ringó spila fyrir troðfullt Colosseum (13)
**11** Rúmfastur í 7 daga á 7 daga fresti (8)
**12** Leyfi öðrum að nota mína víxlaútgáfu í bili (13)
**13** Knúsa flatfisk fyrir eilítinn eldsmat (8)
**14** Heill fjallgarður fyrir upplogna sögu blómanna (11)
**15** Eftir hrun verður að nýta kraft þess (7)
**16** Fann tappana undir það síðasta (5)
**17** 7 að röfla (4)
**18** Spottar og spírur Helgu fara um þessi op (9)
**20** Lifi nótt gufunnar með varnarbúnaðinn á sínum stað (10)
**23** Sló rauðu á síðu án þess að skammast mín (13)
**28** Sprell þegar frægur höfrungur mætir (8)
**30** Bakkelsið og bílarnir sem blómabörnin elska (10)
**32** Fáum stúku til eigin brúks, hvaða gagn er í því? (11)
**33** Raflost og vaðmál að utan, þá rís dranginn (10)
**35** Mannlegir eiginleikar róbóta rista ekki djúpt (13)
**38** Skera stút af kókflösku og úr verður listaverk (10)
**41** Ekki kaggi heldur stór kaggi, og úr tré (10)
**42** Fór upp fyrir vörn, ég taldi það ekki með (11)
**43** Gammurinn passar það en samt er það nú horfið (10)
**44** Af kvefi hvolfu í kjölfar hitaskúra (10)

**LÓÐRÉTT**
**1** Jafnréttisbarátta er stríð sem Lilliendahl þekkir vel (12)
**2** Þýfga vestfirska hnokkann um hví hann fer aldrei út (10)
**3** Ofvaxnir vatnspóstar með ropvatn fyrir sólbrenndar (10)
**4** Góðmálmurinn og aðrar freistingar aðalsmanna (10)
**5** Andfuglar í uppnámi erfa dunk (8)
**6** Þau er skrökvuðu sig frá hitakærri tvívængju (10)
**7** Frjálst í kjölfar lyga, það er vel útilátið (10)
**8** Ef ég les þennan orm rétt eru sambandsslit eina lausnin (9)
**9** Önderföröl sögðöm veð frá þeim (9)
**10** Gekkóinn rauk í bleik eins og útdauð risafrænkan með gaddana (9)
**19** Tel loft staðfesta orð ákveðinna steggja (8)
**21** Frostrigningin smeygir sér í bandvef og brennivín (7)
**22** Hærra fara einföld að leita gasfylltrar sem er þeirra (12)
**24** Læt lík skála gjalda grenndar (7)
**25** Niður við lög sé ég beygð (7)
**26** Hér er sjálfsagt að sofa ef þið komist í álnir (7)
**27** Það sem lokkar við heyskap er samansafn ákveðinna korna (7)
**28** Af leppum í skjólum (5)
**29** Fjalla um hljómsveit sem kennir sig við bleyjur (9)
**31** Les það úr ákveðnum latningarorðum í ákveðnum ræðum (9)
**34** Set lík í öll leiði sem hægt er (7)
**36** Þessi meistari makkans var oft hífaðri en aðrir (6)
**37** Gáfum reiðum og rugluðum séns (6)
**39** Hindrar selín að við verðum rugluð í ellinni? (5)
**40** Leggur rækt við ljóðið (5)
**41** Þetta var ekki Nói-Síríus, þó var enginn munur (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**JARÐSKJÁLFTAMÆLIR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Smámyndasmiðurinn eftir Jessie Burton** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ómar Árnason, Reykjavík**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem er alveg bannað en allt of margir stunda engu að síður. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. júníw næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „18. júní“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### TVÍRÆÐ TRUFLUN

Keppnisstjórinn Vigfús Pálsson stóð fyrir sveitakeppni á netinu á vegum Bridgesambands Íslands. Sex sveitir skráðu sig til leiks og keppni um efsta sætið er hörð. Sveit Nefsholts er efst með 26,76 stig, sveit Veri Vidi Vici er með 24,38 stig og Sigur Jónar með 22,67 stig. Garðar Hilmarsson í sveit Veri Vidi Vici náði skemmtilegri stöðu í viðureigninni við sveit Sigur Jóna. Allir voru utan hættu og vestur gjafari.

**Norður**
♠ K9862
♥ Á9
♦ D98
♣ 853

**Vestur**
♠ D74
♥ 10754
♦ K64
♣ ÁD4

**Austur**
♠ 103
♥ D8632
♦ 532
♣ 1097

**Suður**
♠ ÁG5
♥ KG
♦ ÁG107
♣ KG62

Að trufla andstæðinginn í sögnum skilar oft góðum árangri – en hefur stundum þveröfug áhrif. Eftir þrjú pöss opnaði suður á einum tígli og vestur ákvað að sýna hönd nálægt opnunarstyrk með dobli eftir pass í byrjun. Norður sagði einn spaða og suður ákvað að stökkva í 3♠. Norður hækkaði það eðlilega í 4♠ og útspil austurs var laufasjöan. Vestur drap á drottningu, tók slag á laufás og spilaði hjartasjöu í þriðja slag. Það benti til þess að hann ætti ekki drottninguna. Garðar drap á ás og svínaði tíguldrottningu. Vestur drap á kóng og vörnin var búin að fá 3 slagi og trompliturinn varð því að vera tapslagalaus. Vestur spilaði hjarta á kóng og var búinn að sýna 9 punkta. Garðar taldi nokkuð víst að hann ætti einnig spaðadrottninguna fyrir doblinu og spilaði strax spaðagosa. Vestur setti lítið spil og spaðagosinn fékk að eiga slaginn. Garðar þurfti að hitta á hugsanlega spaðalegu og doblið hjálpaði honum við úrvinnsluna.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Bass átti leik gegn Doncevic í Cadiz árið 1990.

**1. h4+! Kxh4** (1...Kh5 2. Hh7#) **2. Hf5!** Svartur gaf vegna hótunarinnar **3. Rg6#.**
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 6 | 7 | | | | | | 5 |
| | | 3 | | | 7 | | 2 | |
| | 7 | | | 8 | 2 | 5 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | | |
| 3 | | 4 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 6 | 3 | 2 | | 7 |
| | | 8 | | 2 | | 4 | 5 | |
| | | | | | | 3 | 9 | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 1 | | | 6 | 5 |
| 7 | | 4 | | 5 | | | 1 | |
| | | 6 | 8 | | | | | 2 |
| | | | 9 | 4 | | | | 1 |
| | 6 | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 3 | 8 | | 2 | |
| 8 | | | 3 | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| | 4 | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | | | 9 | | 8 | |
| | | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | 9 | | | 1 | |
| | | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | | 4 | | 6 | 8 | | | |
| | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 7 | | 9 | | 5 | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |


ÁFRAM ÍSLAND
Nettó sendir strákunum baráttukveðjur fyrir leikinn í dag gegn Ungverjum!
UEFA EURO2016 FRANCE
nettó
markhönnun ehf
-30%
KJARNAFÆÐI
GRÍSALUNDIR NEW YORK
1.889
ÁÐUR 2.698 KR/KG
KJÖTSEL
LAMBALÆRI FERSKT Í SALT & PIPAR
1.392
ÁÐUR 1.698 KR/KG
-20%
NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL
679
ÁÐUR 849 KR/KG
KJÖTSEL
-31%
LAMBALÆRISSNEIÐAR BLANDAÐAR
1.973
ÁÐUR 2.860 KR/KG
Driscoll's
-50%
JARÐARBER 250 G
249
ÁÐUR 498 KR/PK
COOP MAÍSSTÖNGLAR 2 STK - 400 G
259
ÁÐUR 279 KR/PK
BAKE OFF
-30%
USA KLEINUHRINGIR
139
ÁÐUR 198 KR/STK
Palmolive
-20%
PALMOLIVE FROÐUSÁPUR JASMINE/KIDS/RASPBERRY
399
ÁÐUR 499 KR/STK
RÚGBRAUÐ
PRÓTEINBRAUÐ
HAFRABRAUÐ
-25%
-30%
RÚGBRAUÐ MINNI SYKUR
299
ÁÐUR 398 KR/STK
PRÓTEINBRAUÐ LKL
384
ÁÐUR 549 KR/STK
LB HAFRABRAUÐ LÍFRÆNT
384
ÁÐUR 549 KR/STK
Knorr
Cup Soup
KNORR BOLLASÚPUR
249 KR STK
www.netto.is | Tilboðin gilda 16. – 19. júní 2016
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

## Konráð og félagar á ferð og flugi 204

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna eru þrír jafn stórir ferhyrningar, getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði klukkan 30 mínútur yfir fjögur?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi,“ sagði hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut? Það má aðeins færa tvær eldspýtur til að mynda klukkuna 30 mínútur yfir fjögur. Ekki má brjóta né beygja neina eldspýtu.





Svar: Takið efstu eldspýtuna á fyrsta kassanum og færið hana fyrir neðan hægri eldspýtuna, þá eru þið komin með töluna fjóra. Færið svo eldspýtuna sem er vinstra megin í miðkassanum og setjið hana þvert inn í kassann, þá eru þið komin með töluna þrjá.

## Gátur

**1.** **Þú berð það en ég nota það þegar ég vil. Hvað er það?**

**2.** **Ég hef fjóra fætur, en nota þá aðeins til að standa á. Ég hef einskonar fjaðrir, en get ekki flogið. Ég get borið mann og verð aldrei þreytt. Hver er ég?**

**3.** **Í hvaða boga þarf engar örvar?**

**4.** **Hvaða hestur hefur aldrei verið folald?**

**5.** **Hvað er það sem er einfalt að ofan en tvöfalt að neðan?**

**1.** Nafnið þitt **2.** Rúmið **3.** Regnboga **4.** Rugguhestur **5.** Buxur





HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjörugu vinkonurnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817 365




Aðalbjörg Emma ætlar ekki að slá slöku við í fimleikunum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Átti að vera stíf og klunnaleg á sviðinu

Hafnfirðingurinn **Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir** sem verður tíu ára í ágúst ætlar að æfa fimleika í sumar, taka þátt í Tómstund Got Talent, fara með fjölskyldunni í sumarbústað og kannski að veiða.

Hafnfirðingurinn Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir sem verður tíu ára í ágúst ætlar að æfa fimleika í sumar, taka þátt í Tómstund Got Talent og fara með fjölskyldunni í sumarbústað.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?** Ég ætla að æfa fimleika hjá Björk í Hafnarfirði og fara í Tómstund sem er í Öldunni í Öldutúnsskóla, þar er hægt að velja um boltaleiki, Tómstund Got Talent og Hár og skart. Svo fer ég örugglega í sumarbústaðinn með fjölskyldunni. Einu sinni fór ég með pabba, afa og langafa að veiða.

**Áttu systkini?** Já, tvö, stóra systur sem er að verða nítján ára og lítinn bróður sem er að verða þriggja ára. Ég er stundum að passa hann á trampólíninu í garðinum. Það er grafið niður í jörðina og því þarf ekki að vera net í kring.

**Við hverja leikur þú þér helst?** Hörpu og Öldu, nágranna mína. Önnur er að verða átta ára og hin að verða tólf. Svo á ég aðrar bestu vinkonur, Örnu og Arndísi. Ég er líka með tveimur stelpum í fimleikum og skóla, þær heita Ísabella og Cindy og þær eru skemmtilegar.

**Hvað langar þig að verða?** Leikkona. Ég var að leika í Billy Elliot í eitt ár, það var dálítið erfitt en líka mjög gaman. Ég missti ekki af neinni sýningu. Ég var ein ballettstelpunum. Þetta var ekki alvöru ballett því við áttum ekki að gera fallegar og mjúkar hreyfingar heldur vera stífar og klunnalegar. En vorum samt kófsveittar þegar við komum út af sviðinu.

Ég lék fyrst þegar ég var sjö ára í myndinni Sumarbörnin, það er ekki enn búið að frumsýna hana og fyrir stuttu lék ég í Arionbanka auglýsingu.

## Lestrarhestur vikunnar Sólveig Þórmundsd.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég er núna að lesa Leyndarmál Lindu og á eftir að klára hana. En síðasta bók sem ég las heitir Randalín, Mundi og afturgöngurnar, hún fjallar um Randalín og Munda þar sem þau lenda í spennandi ævintýrum.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi?** Já, það var Dimmalimm, mamma segir að ég hafi lesið hana oft þegar ég var í öðrum bekk.

**Hverslags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Spennandi bækur!

**Í hvaða skóla ertu?** Í Hlíðaskóla þar sem ég byrja í 5. bekk í haust.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Á veturna fer ég oft á skólabókasafnið í Hlíðaskóla en á sumrin á Borgarbókasafnið í Kringlunni.



**Hver eru helstu áhugamálin?** Handbolti, bakstur og hestamennska, ég er einmitt á reiðnámskeiði í sumar.

**Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað yrði hún?** Ég mundi allavega skrifa spennandi bók, því þær eru skemmtilegastar!

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.



UEFA EURO2016 FRANCE
ÁFRAM ÍSLAND
Grillveisla í Iceland, Engihjalla á laugardag kl. 12-15
1899 kr. stk. BUFF MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
1699 kr. stk. SVITABAND MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
1899 kr. stk. SÓLGLERAUGU MEÐ ÍSLENSKA FÁNANUM
6899 kr. stk. EM ÍSLAND TREYJA MARGAR STÆRÐIR
1699 kr. kg. KJARNAFÆÐI LAMBALÆRI HEIÐALAMB
1299 kr. kg. ALI GRÍSAKÓTELETTUR M/BEINI
499 kr. stk. HOLTA BBQ/BUFFALO VÆNGIR 800GR
2599 kr. kg. FJALLALAMB LÆRISSNEIÐAR - ÞURRKRYDDAÐAR
1999 kr. kg. FJALLALAMB SIRLOINSNEIÐAR - ÞURRKRYDDAÐAR
999 kr. kg. ALI SPARE RIBS
GRILLVEISLA Í ENGIHJALLA
Gefum grillaðar pylsur og gos
milli kl. 12-15 laugardag
(Meðan birgðir endast)
79 kr. stk. PEPSI, PEPSI MAX, APPELSÍN, MOUNTAIN DEW 330 ML.
299 kr. stk. PAPRIKU- OG OSTASTJÖRNUR
229 kr. stk. GÓU FRLÓRÍDABITAR STÓRIR
AÐEINS Í ENGIHJALLA!
1499 kr. pk. DUNKIN DONUTS 6 Í KASSA
INSTAGRAM LEIKUR ICELAND
Kíktu til okkar í Iceland Engihjalla og taktu mynd af þér við KSÍ vegg. Þá ertu komin í pott og átt möguleika á að vinna 50.000kr gjafakort í Iceland! 10 aðrir spennandi vinningar í boði.
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Mesta úrvalið er í Iceland, Engihjalla. Tilboðin gilda til sunnudags
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Icelandbudir
Icelandbudir.is
Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt og skýjað, en þurrt að mestu. Það gengur hins vegar í nokkuð hvassa suðaustanátt með rigningu fyrst suðvestanlands síðdegis. Hvassast verður með suðvesturströndinni og getur orðið vel hvasst fyrir húsvagna undir Eyjafjöllum um kvöldið. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast norðaustantil.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 23° | Stokkhólmur 15° | Gautaborg 17° | Helsinki 13° | Þórshöfn 12° | Nuuk 5° |
| London 18° | Amsterdam 16° | Paris 20° | Berlin 22° | Madrid 21° | Brussel 18° | Róm 28° |
| Boston 17° | New York 18° | Orlando 26° | Moskva 24° | Singapúr 28° | Tókýó 22° | Sydney 15° |









### Flóð & fjara

| | Flóð | Fjara |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | | |
| | **05:03** | **11:15** |
| | 3,24m | 0,70m |
| | **17.29** | **23.45** |
| | 3,53m | 0,67m |
| **Akureyri** | | |
| | **09.23** | **03.21** |
| | 1,19m | 0,47m |
| | **21.38** | **05.17** |
| | 1,38m | 0,47m |
| **Ísafjörður** | | |
| | **06.57** | **01.10** |
| | 1,70m | 0,46m |
| | **19.33** | **13.17** |
| | 1,91m | 0.37 |

### Tunglstaða

Vaxandi
88%

Sólarupprás:
00.02

Sólarlag:
02.55

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↑4 | 13° ↙4 | 13° ↙2 | 13° ↓5 | 13° ↗3 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↖5 | 13° ←7 | 5° ↙8 | 8° ↙4 | 12° ↗8 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↓1 | 10° ←9 | 12° ←8 | 13° ↓4 | 16° ↗7 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑9 | 8° ←12 | 8° ←6 | 13° ↑3 | 17° ↗5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←8 | 10° ↙14 | 11° ←10 | 13° ←4 | 16° ↗4 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




speedo
SYNTU INN
Í SUMARIÐ
20%*
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SUNDVÖRUM
GILDIR ÚT MÁNUDAG
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Heiðursdoktor Listaháskóla Íslands fyrstur manna

## Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og fyrrverandi rektor, hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Listaháskólann.

Þegar Fríða Björk rektor hringdi og kynnti mér þessa niðurstöðu skólans brá mér svolítið, nafnbótin hefur svo mikla virðingu yfir sér en ég sé mig alltaf sem manninn á gólfinu,“ segir Hjálmar H. Ragnarsson, nýbakaður heiðursdoktor við Listaháskólann. „En Hjálmar, ég vissi ekki að þú værir orðinn svona gamall!“ var það fyrsta sem Ásu konu minni datt í hug. Ég benti henni á að töluvert yngri maður en ég hefði fengið þessa nafnbót nýlega, Barack Obama. Mér líður ekki eins og þetta sé grafskrift.“ Hjálmar lét af embætti 2013 og kveðst þá aftur hafa farið í sitt „náttúrulega ástand,“ að vera tónskáld og tónlistarmaður. „Ég fór virkilega að æfa mig. Spilaði á píanóið marga klukktutíma á dag og hlustaði á tónlist, jafnvel það nýstárlegasta í tónlist samtímans. Er búinn að klára nokkur verk og nú er ég að vinna að píanóverki og öðru fyrir strengjahljómsveit.“

Hann kveðst annars vegar skáld laglínutónlistar og hins vegar tilraunamaður. „Mér fannst, þegar ég hætti sem rektor, mikilvægt að endurnýja mig og fara eftir því sem ég hafði predikað í skólanum, að vera óhræddur við mistök. Undirstaða menntunar er að láta forvitnina leiða sig áfram.“

Sæmdina nú hlýtur Hjálmar fyrir starf sitt að uppbyggingu listmenntunar á háskólastigi. Hann var fyrsti rektor Listaháskólans sem kennsla hófst í 1999 og segir embættið hafa verið lærdómsferli. „Ég var listamaður en fór inn í stjórnunarhlutverk með mikla ábyrgð og veltu á fjármunum. En maður verður að vera nákvæmur og heiðarlegur í listinni, ég yfirfærði það í reksturinn og var líka með gott og ábyrgt fólk mér við hlið.

Með margar listgreinar undir sama hatti var Listaháskólinn viss brautryðjandi á alþjóðavísu þegar hann byrjaði. „Við þurftum að finna töfraformúluna. En vorum svo heppin að hafa menntamálaráðherra sem hafði brennandi áhuga á skólanum, Björn Bjarnason. Ég skrifaði honum kannski um miðja nótt og fékk svar klukkan 05 – það var bara ekki sofið!“ segir Hjálmar. „Ég tek fram að ég tel mig fulltrúa þess hóps sem stóð að stofnun skólans. Það var ekki eins manns verk.“

gun@frettabladid.is



„Ég sé mig alltaf sem manninn á gólfinu,“ segir Hjálmar sem brá svolítið svolítið þegar hann frétti um heiðursdoktorsnafnbótina. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



TÆKNIN GETUR VERIÐ RUGLANDI

# KORTABÓK KLIKKAR ALDREI




Kortabækur Máls og menningar eru sniðnar að þörfum fróðleiksfúsra ferðamanna, en auk nýrra landakorta innihalda þær margvíslegar upplýsingar sem nýtast vel á ferðalögum.

„Treysti algjörlega á GPS og villtist til Sigló."

„Noel villtist enn og aftur."

„GPS stríðir fleiri ferðamönnum en Noel: Ætluðu í Þórsmörk en enduðu í grillveislu hjá Þór."




MÁL OG MENNING

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39























# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur & sunnudagur

## LAUGARDAGUR 18. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Hollow Illusion, Vertigo and Ring of Gyges
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Gaukurinn

**Hvað?** '... de la Terre'
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Mengi
Seinni síðkvöldstónleikarnir í Mengi á Reykjavík Midsummer Music 2016 snúast um jörð, landslag og náttúru. Fyrst hljómar '...de la Terre' eftir Kaiju Saariaho fyrir fiðlu og rafhljóð, þar sem ríkuleg og dálítið dularfull náttúruhljóð leika stórt hlutverk. Verk Schumanns, Sollima og Berio búa öll yfir þáttum úr þjóðlögum, en í þeim birtist tónskáldið sem ævintýragjarn ferðalangur í leit að nýjum hljóðum. Hátíðarpassinn kostar 12.000 krónur en aðrir miðar eru seldir við innganginn á 2.000 krónur

**Hvað?** DJ Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston

**Hvað?** Byssukisi DJ set
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas

**Hvað?** Byssukisi DJ set
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg

**Hvað?** Sex Ý fötu
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó
Hljómsveitin Sex ý fötu kemur fram á Hressó og heldur stuðinu uppi. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**Hvað?** Jónsmessuhátíð á Hofsósi
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Hofsós
Jónsmessuhátíðin á Hofsósi er skemmtileg lítil bæjarskemmtun. Yfir daginn er boðið upp á ýmsa skemmtun fyrir alla fjölskylduna, þar með talið árlegt fótboltamót sem er mjög vinsælt meðal Skagfirðinga. Miðnætursólin kann að halda vöku fyrir einhverjum, og geta þeir skellt sér á hið margrómaða Jónsmessuball til að stytta sér stundir og hitta aðra í sömu stöðu!


Reykjavik Midsummer Music er Haldin í Hörpu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

**Hvað?** Dracula´s Pack
**Hvenær?** 20.00
**Hvar**? Tjarnarbíó
Tónlistar- og spunaveisla með dönsurum og tónlistarfólki úr sviðslistasýningunni Dracula´s Pack á Tjarnarbarnum í Tjarnarbíói. Sýningin Dracula's Pack verður frumsýnd í Tjarnarbíói þann 23. júní. Listamenn frá Íslandi, Bandaríkjunum, Spáni, Frakklandi og Noregi skapa og flytja verkið. Frítt inn.


Tónlistar og spunaveisla með dönsurum og tónlistarfólki úr sviðslistasýningunni Dracula´s Pack á Tjarnarbarnum í Tjarnarbíói.

**Hvað?** Útijóga og Djasstónleikar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Menningarhúsin í Kópavogi fagna löngum sólargangi með útijóga og djasstónleikum þann 18. júní. Á útivistarsvæði við menningarhúsin hefst opinn jógatími undir berum himni klukkan 15 en það er Helga Einarsdóttir jógakennari sem leiðir tímann. Helga hefur kennt óhefðbundið jóga á Írlandi síðastliðið ár. Allir geta tekið þátt í jóganu, hvort sem þeir eru vanir eða ekki en gott væri að sem flestir kæmu með dýnur eða teppi/handklæði. Að loknum jógatímanum, eða klukkan 16, hefjast djasstónleikar á svölum aðalsafns Bókasafns Kópavogs og það er hinn góðkunni gítarleikari Björn Thoroddsen sem mun skemmta gestum. Þátttaka í jógatímanum svo og aðgangur að tónleikunum eru ókeypis.

## SUNNUDAGUR 19. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jón Nordal: Frá draumi til draums
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harpa
Á þessum tónleikum fögnum við níræðisafmæli Jóns Nordal. Jón er eitt af dáðustu tónskáldum Íslands fyrr og síðar, frumkvöðull á sviði nýrrar tónlistar og ötull uppfræðari kynslóða íslenskra tónlistarmanna. Sjálfur lærði hann m.a. í Zürich, París, Róm og Darmstadt og sameinaði sumar af byltingarkenndari hugmyndum aldarinnar sínu eigin tónmáli, sem var skýrt og persónulegt frá upphafi. Stakur miði kostar 3.000 krónur.

**Hvað?** Reykjavik Midsummer Music
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Á lokatónleikum Reykjavík Midsummer Music 2016 látum við undan þrá okkar eftir fjarlægum löndum með því að hverfa inn í dýrlega tónlist – fyrst sönglög Schuberts og Beethovens. Þá könnum við glænýtt verk, glitrandi píanósónötu eftir Áskel Másson, og leyfum svo villtri, ungverskri sígaunatónlistinni í Tzigane eftir Ravel að feykja okkur dálítið af leið. Miðaverð 3.000 krónur



**Hvað?** DJ Sonur Sæll
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** Tríó Hjartar Stephensen
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó
Live jazz jam session með Tríói Hjartar Stephensen. Allir velkomnir.

### Listasýningar

**Hvað?** Sýningarstjóraspjall í Ásmundarsafni - Dorothée Kirch
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ásmundarsafn - Listasafn Reykjavíkur
Dorothée Kirch sýningarstjóri fjallar um gerð sýningarinnar Uppbrot í Ásmundarsafni þar sem sýnd eru verk eftir listamennina Ásmund Sveinsson (1893-1982) og Elínu Hansdóttur (f. 1980). Þar sýnir Elín ný verk, myndbandsverk, þrívíð verk og tvívíð. Þær Dorothée og Elín fóru í gegnum safneign Listasafns Reykjavíkur og völdu verk eftir Ásmund sem þeim fannst lýsandi fyrir vinnu hans, verk sem jafnvel voru aldrei fullgerð, eða fullbúin verk og skissu þeirra til að sýna með. Aðgangseyrir í Ásmundarsafn er 1.500 krónur og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Frítt er inn fyrir menningarkortshafa, börn, aldraða og öryrkja.

### Fundir

**Hvað?** Eilíf endurkoma: Hörður Lárusson kinkar kolli til Kjarvals
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Hörður Lárusson, grafískur hönnuður, fjallar um og sýnir fánatillögur Jóhannesar S. Kjarvals fyrir lýðveldið Ísland. Kjarval setti tillögurnar fram veturinn 1913-14 þegar hann var við nám í Kaupmannahöfn. Hörður Lárusson er höfundur bókarinnar Fáninn sem Crymogea gaf út árið 2014. Í bókinni eru í fyrsta sinn settar fram á myndrænan hátt skriflegar tillögur almennings að nýjum íslenskum þjóðfána sem listaðar voru upp af fánanefnd árið 1913.


Eilíf endurkoma verður á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn kl 14.








# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**Strumparnir og Kjartan galdrakarl fara á kostum í ævintýrum sínum í Strumpabæ.**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Hvellur keppnisbíll**
**07.55 Tommi og Jenni**
**08.15 Ævintýraferðin**
**08.30 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Latibær** Nýir, fjörugir og fræðandi þættir með Íþróttaálfinum, Sollu stirðu og Siggu sæta en þau fara yfir mikilvægi holls mataræðis og kenna okkur skemmtilegar æfingar sem allir geta leikið eftir.
**09.10 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.20 Grettir**
**09.35 Beware the Batman**
**10.00 Stóri og Litli**
**10.15 Ben 10**
**10.40 Ellen**
**11.20 Ellen**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.25 Britain's Got Talent**
**14.40 Britain's Got Talent**
**15.05 Mr. Selfridge**
**15.55 Grillsumarið mikla**
**16.15 Feðgar á ferð**
**16.45 Besti vinur mannsins** Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem við höldum áfram að kynnast þeim hundategundum sem til eru í landinu, heyrum um uppruna þeirra og eiginleika. Fylgjumst með þeim hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til og sjáum einnig hunda sem eru okkur mönnunum til gagns og gamans. Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.
**17.15 Sjáðu**
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.53 Sportpakkinn**
**19.05 Lottó**
**19.10 Little Big Shots**
**19.55 Trust Me** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2013 með Clark Gregg og Felicity Huffman í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um umboðsmanninn og fyrrverandi barnastjörnuna Howard Holloway sem sér fram á betri tíma þegar ung og ákaflega hæfileikarík leikkona skrifar undir samning við hann.
**21.30 Peace, Love & Misunderstanding**
**23.10 Deliverance Creek** Dramatísk bíómynd frá árinu 2014 sem fjallar um ekkju og þriggja barna móður sem reynir að vernda land fjölskyldu sinnar eins vel og hún mögulega getur, en myndin gerist í kringum 1865.
**00.55 Sex and the City**
**03.15 A Beautiful Mind**
**05.30 ET Weekend**

## SPORT

**07.30 Copa America**
**09.10 Sumarmessan**
**09.55 Formúla 1 Æfing**
**11.00 Copa America**
**12.50 Formúla 1 Tímataka**
**14.40 Pepsí-deildin**
**16.30 Sumarmessan**
**17.15 Copa America**
**18.55 NBA**
**20.45 Premier**
**21.15 UFC Now**
**22.00 Sumarmessan**
**22.55 Copa America**
**01.00 Sumarmessan**
**01.55 Copa America**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Svínasúpan**
**20.15 Lip Sync Battle**
**20.40 Community**
**21.05 NCIS. New Orleans**
**21.50 Treme**
**22.50 Supernatural**
**23.30 Sons of Anarchy**
**00.35 Entourage**
**01.00 Svínasúpan**
**01.20 Lip Sync Battle**
**01.45 Community**
**02.05 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 UKI**
**08.00 Skógardýrið Húgó**
**08.25 Latibær**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Brunabílarnir**
**09.25 Strumparnir**
**09.47 Mæja býfluga**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Víkingurinn Viggó**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 UKI**
**12.00 Skógardýrið Húgó**
**12.25 Latibær**
**12.48 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Brunabílarnir**
**13.25 Strumparnir**
**13.47 Mæja býfluga**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Víkingurinn Viggó**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 UKI**
**16.00 Skógardýrið Húgó**
**16.25 Latibær**
**16.48 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Brunabílarnir**
**17.25 Strumparnir**
**17.47 Mæja býfluga**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Víkingurinn Viggó**
**19.00 Paddington**



**Dóra könnuður kl. 10.00, 14.00 og 18.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.35 US Open 2016**
**15.35 Inside The PGA Tour**
**16.00 US Open 2016**
**23.00 Champions Tour**

## BÍÓSTÖÐIN

**08.35 Top Gun**
**10.25 Annie**
**12.25 Almost Famous**
**14.30 Beethoven's Treasure Tail**
**16.05 Top Gun**
**17.55 Annie**
**19.55 Almost Famous** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2000 sem fjallar um William Miller, sem er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone.
**22.00 The Hunger Games. The Mockingjay - Part 1** Í fyrri hluta lokakaflans af Hungurleikunum er staðan orðin erfið hjá Katniss Everdeen. Hún er staðsett í 13 hverfi og ógnarstjórn höfuðborgarinnar er hægt og örugglega að leggja öll hverfin í rúst. Katniss þarf að grípa til aðgerða og átta sig á hverjum sé treystandi, allt sem er henni kært er í hættu. Með aðalhlutverk fara Jennifer Lawrence, Josh Hutcherson og Liam Hemsworth.
**00.05 Red**
**01.55 The Big Nothing**
**03.20 The Hunger Games. The Mockingjay - Part 1**

## RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**07.01 Kioka**
**07.08 Kalli og Lóa**
**07.20 Róbert Bangsi**
**07.30 Nellý & Nóra**
**07.37 Dóta læknir**
**08.00 Póló**
**08.07 Kata og Mummi**
**08.18 Kúlugúbbarnir**
**08.39 Músahús Mikka**
**09.02 Babar og vinir hans**
**09.27 Skógargengið**
**09.38 Uss-Uss!**
**09.49 Hrói Höttur**
**10.00 Undraveröld Gúnda**
**10.10 Jessie**
**10.35 Leiðin til Frakklands**
**11.00 Viðtal við Jane Goodall**
**11.20 Golfið**
**11.45 Sterkasti fatlaði maður heims**
**12.15 Með allt á hreinu**
**14.00 EM svítan (3:4)**
**16.00 Ungverjaland - Ísland**
**18.50 Táknmálsfréttir**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Áramótaskaup 2002**
**20.40 Stuðmenn - Koma naktir fram**
**21.45 Proof**
**23.30 Barnaby ræður gátuna – Bergmál látinna**
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.00 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**11.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**12.20 EM 2016 á 30 mínútum**
**12.55 The Biggest Loser - Ísland**
**13.55 Korter í kvöldmat**
**14.00 EM 2016 svítan. Ísland - Ungverjaland**
**15.50 Ísland - Ungverjaland**
**18.30 EM 2016 svítan. Portúgal - Austurríki**
**18.50 King of Queens**
**19.15 Pretty Woman**
**21.15 EM 2016 á 30 mínútum**
**21.50 Chloe**
**23.30 Mr. Brooks**
**01.30 Snow Falling On Cedars**
**03.40 CSI**
**04.25 The Late Late Show with James Corden**
**05.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Tommi og Jenni
**08.10** Hvellur keppnisbíll
**08.20** Doddi litli og Eyrnastór
**08.35** Doddi litli og Eyrnastór
**08.50** Kormákur
**09.05** Ævintýraferðin
**09.15** Gulla og grænjaxlarnir
**09.25** Stóri og Litli
**09.40** Zigby
**09.50** Kalli kanína og félagar
**10.15** Ninja-skjaldbökurnar
**10.40** Ellen
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.25** Mannshvörf á Íslandi
**13.55** Our Lives. Too Fat to Fly
**14.40** Það er leikur að elda Nýr og frábær matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem í hverjum þætti fær Eva Laufey Kjaran til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðarkokkar í þokkabót. Í sameiningu velja þau hráefni og krakkarnir fá svo að elda sinn uppáhaldsrétt undir handleiðslu Evu Laufeyjar. Þættirnir eru því fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem markmiðið er að miðla hollum og góðum ráðum til fólks og stuðla að hollara mataræði á skemmtilegan hátt.
**15.05** Restaurant Startup
**15.55** The Big Bang Theory
**16.15** Brother vs. Brother
**17.00** Landnemarnir Paparnir. Kristján Már Unnarsson leitar uppi slóðir írskra munka. Ný aldursgreining hellis undir Eyjafjöllum virðist styðja kenningar um að papar hafi grafið hann. Á sama tíma eru efasemdir um að papar hafi verið á Íslandi. Rýnt er í kenningar um að papasögnin tákni venjulegt kristið fjölskyldufólk frá bresku eyjunum sem hafi numið land á undan norrænu víkingunum.
**17.40** 60 mínútur
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Stelpurnar
**19.35** Feðgar á ferð
**19.55** Britain's Got Talent
**21.10** Britain's Got Talent
**21.35** Peaky Blinders
**22.35** X-Company
**23.15** 60 mínútur
**00.00** Outlander
**01.00** Game Of Thrones Sjötta þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.
**02.05** Vice 4
**02.35** August. Osage County
**04.30** The Night Shift
**05.15** Death Row Stories
**06.00** Rizzoli & Isles

## SPORT

**07.10** Sumarmessan
**08.10** Argentína - Venesúela
**09.50** Mexíkó - Chile
**11.30** Sumarmessan
**12.30** Formúla 1 2016 - Keppni
**15.30** Crystal Palace - Man. Utd.
**17.55** Sumarmótin 2016
**18.30** Argentína - Venesúela
**20.15** Mexíkó - Chile
**22.00** Sumarmessan
**22.45** Strength in Numbers - GS Warriors Champoions Movie 2014-15
**00.00** Golden State - Cleveland

## STÖÐ 3

**14.30** One Born Every Minute
**15.20** Last Man Standing
**15.40** Silicon Valley
**16.10** League
**16.40** Cristela
**17.05** Clipped
**17.25** Community
**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Sjálfstætt fólk
**19.55** Um land allt
**20.20** Bob's Burgers
**20.40** American Dad
**21.05** Out There
**21.30** South Park
**21.55** Réttur
**22.40** The Originals
**23.20** Fóstbræður
**23.50** Sjálfstætt fólk
**00.20** Um land allt
**00.40** Bob's Burgers
**01.05** American Dad
**01.25** Out There
**01.45** South Park

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Strumparnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** UKI
**10.00** Skógardýrið Húgó
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.25** Strumparnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** UKI
**14.00** Skógardýrið Húgó
**14.25** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.25** Strumparnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** UKI
**18.00** Skógardýrið Húgó
**18.25** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** US Open 2016
**15.10** Golfing World 2016
**16.00** US Open 2016
**23.30** PGA Tour 2016 - Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**08.20** Paul Blart. Mall Cop 2
**09.55** 500 Days Of Summer
**11.30** Did You Hear About The Morgans
**13.15** E.T.
**15.10** Paul Blart. Mall Cop 2
**16.45** 500 Days Of Summer
**18.20** Did You Hear About The Morgans
**20.05** E.T. **22.00** Other Guys, The
**23.50** Red 2
**01.45** Confirmation
**03.35** Other Guys, The

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Kioka
**07.08** Kalli og Lóa
**07.20** Róbert Bangsi
**07.30** Veistu hvað ég elska þig mikið
**07.42** Vinabær Danna tígurs
**07.52** Hæ Sámur
**08.00** Hvolpasveitin
**08.23** Babar og vinir hans
**08.46** Klaufabárðarnir
**08.53** Millý spyr
**09.00** Disneystundin
**09.01** Finni Kostur
**09.23** Sígildar teiknimyndir
**09.30** Gló magnaða
**09.54** Alvinn og íkornarnir
**10.06** Chaplin
**10.10** Bækur og staðir
**10.15** Áramótaskaup 2002
**11.10** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**11.25** Bókaspjall Jonas Gardell
**11.55** Finnbogi Pétursson
**12.40** Saga Stuðmanna
**14.05** Eyðibýli
**14.45** Stuðmenn - Koma naktir fram
**15.45** Saga af strák
**16.10** Sumartónleikar í Schönbrunn 2015
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Ævintýri Berta og Árna
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Tobias og sætabrauðið – Skotland
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Höfundur óþekktur
**20.35** Mennskar tímasprengjur
**21.20** Indian Summers
**22.05** Hvítir mávar
**23.25** Vitnin
**00.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**10.05** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**10.45** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**11.25** EM 2016 á 30 mínútum
**12.00** The Biggest Loser - Ísland
**13.00** French Kiss
**14.55** Legally Blonde
**16.35** Life is Wild
**17.20** Parenthood
**18.00** EM 2016 svítan. Rúmenía - Albanía
**18.50** Rúmenía - Albanía
**21.15** EM 2016 á 30 mínútum
**21.50** The Family
**22.35** American Crime
**23.20** Penny Dreadful
**00.05** Billions
**00.50** Heroes Reborn
**01.35** The Family
**02.20** American Crime
**03.05** Penny Dreadful
**03.50** The Late Late Show with James Corden
**04.30** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



19:35

**FEÐGAR Á FERÐ**

Önnur sería þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og heilsa upp á skemmtilegt og athyglisvert fólk.

SKEMMTILEGUR SUNNUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

19:55

**BRITAIN'S GOT TALENT**

Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem fólk sýnir listir sínar og Simon Cowell dæmir eins og honum einum er lagið.






NÝ ÞÁTTARÖÐ!

21:35

**PEAKY BLINDERS**

Þriðja serían af þessum vönduðu þáttum sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður þar ríkjum en það er glæpaforinginn Thomas Shelby sem fer þar fremstur í flokki.

22:35

**X-COMPANY**

Hörkuspennandi þættir um hóp njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem allir hafa sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu og ferðast hvert þangað sem þeirra er þörf.



22:00

**THE OTHER GUYS**

Will Ferrell og Mark Wahlberg fara á kostum í þessari gamanmynd um tvo leynilögreglumenn í New York.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til og með 20.júní eða á meðan birgðir endast.

16.-20. JÚNÍ

# HELGAR-TILBOÐ

## NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FEGRA OG BÆTA!

*fjölmörg tilboð!*

**FURA** alhefluð og gagnvarin, 4,5m og styttra, 27x145mm.

**295** kr./lm.

0058326
Almennt verð: 325 kr./lm

## LÁGT VERÐ ALLA DAGA

síðan 1962

Einhell®

**BÚTSÖG,** TH-MS

-30%

**11.755** kr.

74808295
Almennt verð: 16.795 kr.





**MARKÍSA**
dökkgrá, 2,5x2m.

-20%

**23.995** kr.

41624126
Almennt verð: 29.995 kr.



-20%

**STIKLUR ACACIA**
30x30cm beinar, 10stk.

**3.945** kr.

0291479
Almennt verð: 4.935 kr.

GJØCO

**PALLAOLÍA,**
3l. ljósbrún og glær

**2.495** kr.

80602501-2




SKIL

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
1400W, 100bör

**9.745** kr.

74097000
Almennt verð: 12.995 kr.

-25%





**DVERGAR**
30,60 og 80cm
**Verð frá:**

**5.895** kr.

0251669/70/72
Almennt verð: 6.495 kr.

**GIRÐINGAR-UNDIRSTÖÐUR**
20x20x80cm

**4.795** kr.

0251661
Almennt verð: 6.495 kr.

-26%





**MULTISÖG**
aukahlutir fylgja.

**12.596** kr.

74862195
Almennt verð: 16.795 kr.



**HITABYSSA**
50/400/600°C.

**9.671** kr.

74865630
Almennt verð: 12.895 kr.



-31% MEIRI LÆKKUN

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
130bör.

**23.995** kr.

74810237
Almennt verð: 34.595 kr.

**IXO IV BASIC**
rafhlöðuskrúfjárn, 3,6V

**5.621** kr.

74864005
Almennt verð: 7.495 kr.



AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND






OUYAO

**SLÁTTUORF**
fjórgengis, 0,7kW

**19.995 kr.**
53323120
Almennt verð: 29.995 kr.

-33%



OUYAO

**SLÁTTUVÉL,**
2,6kW með drifi

**39.995 kr.**
53323140
Almennt verð: 49.999 kr.

-20%

STANLEY

**BÚKKASETT** plast

**5.995 kr.**
70127071
Almennt verð: 8.995 kr.



-33%



Einhell®

**HEKKKLIPPUR**
600W

**9.995 kr.**
74830006
Almennt verð: 14.995 kr.

-33%



BOSCH

**RAFHLÖÐUBORVÉL**
14,4-2Li, 2x1,5A.

**26.245 kr.**
74874094
Almennt verð: 34.995 kr.

-25%



Einhell®

**SLÍPIROKKUR**
500W, skífa 115mm..

-30%

**3.265 kr.**
74801610
Almennt verð: 4.665 kr.

-25%

Einhell®

**HEKKSNYRTIR**
10,8Li

**10.495 kr.**
74830058
Almennt verð: 13.995 kr.





McCULLOCH

**SLÁTTUVÉL** með drifi,
fjórgengis B&S mótor,
1,6 kW.

**59.995 kr.**
53322821
Almennt verð: 69.995 kr.

-14%

-40%

KHG

**RYKSUGA**
900W.

**6.594 kr.**
65103270
Almennt verð: 10.995 kr.



## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GRÆNUM BOSCH

HÉR ER BROT AF ÚRVALINU



**HÖGGBORVÉL**
500W.

**7.421 kr.**
74860500
Almennt verð: 9.895 kr.



**HJÓLSÖG**
1200W, 216mm.

**14.096 kr.**
74862054
Almennt verð: 18.795 kr.

**MÁLNINGARSPRAUTA**
280W, málar allt að 5m² á 12 mín.

**14.996 kr.**
74891130
Almennt verð: 19.995 kr.



FLEIRI TILBOÐ ERU Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



MANNAUÐSSTJÓRNUN OG LEIÐTOGAFÆRNI

Nýtt nám við Opna háskólann í HR

Mannauðsstjórnun og leiðtogafærni er ný námslína við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík.

Meðal viðfangsefna eru stjórnun, ráðningar, vinnuréttur og markþjálfun. Byggt er á fjölbreyttum kennsluaðferðum, hagnýtum verkefnum og þjálfun í notkun mismunandi aðferða við þróun og eflingu mannauðs.

Námið hefst 14. september 2016.
Kennt er einn dag í viku, aðra hverja viku, kl. 9-17.

Nánari upplýsingar og skráning á **opnihaskolinn.is**

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK






# Hvernig á að NJÓTA EM

Nú er leikdagur hjá strákunum okkar og því ekki úr vegi að fara að velta fyrir sér atriðum eins og hvar skal horfa á leikinn og hverslags veitingar verða í boði í EM-veislunni

## STAÐIR TIL AÐ HORFA Á EM

**EM-torgið** er líklega næst því að vera sama stemming og í stúkunni á sjálfum leiknum og um að gera að mæta með andlitsmálningu, trommur og vuvuzela (eða ekki)
**Bryggjan brugghús** Ljúffengur EM-bjór á krana og alls konar tilboð í tilefni keppninnar – frír bjór fyrir hvert mark sem Ísland skorar!
**Ölver** Heimavöllur Tólfunnar er mjög við hæfi, matur og drykkur á tilboði og eflaust verður brjáluð stemming
**Aðalsviðið á Secret Solstice** Það er hægt að slá tvær flugur í einu höggi og vera á Secret Solstice svæðinu og horfa á leikinn á sama tíma, en leikurinn verður sýndur á aðalsviðinu auk þess sem það verður sportbar á staðnum.



## EM DRYKKJULEIKUR

**Sopi** fyrir hvern unninn skallabolta hjá Kolla.
**Tveir sopar** fyrir hvert einasta sinn sem Gummi Ben missir sig yfir leiknum
**Þrír sopar** þegar Hannes ver. Ef leikurinn við Portúgala er einhver vísbending þá munu soparnir verða þó nokkrir með þessari reglu, en auðvitað væri best að hann Hannes okkar hafi bara sem minnst að gera.
**Skot** þegar Aron Einar „boddítjekkar“ eða tæklar einhvern ungverskan leikmann. Tvö skot eða fleiri og tilheyrandi öskur á dómarann ef hann er spjaldaður fyrir verknaðinn.
**Klára úr glasinu** Þegar (takið eftir jákvæðninni) Ísland skorar þarf að sjálfsögðu að klára úr glasinu og fara beint á barinn eða í ísskápinn að ná í nýjan.
**Tæma tvö glös** ef Eiður kemur inn á völlinn.
**Klára allt áfengi á svæðinu** þegar (aftur jákvæðni) Ísland vinnur leikinn þarf að klára allt áfengi á svæðinu og kaupa meira. Endurtekið eftir þörfum.
**Rjúka út og kaupa flöskuborð** ef Lars missir sig.

## HVERNIG Á AÐ HALDA GOTT EM-PARTÍ

Það getur vafist fyrir mörgum hvernig á að halda gott fótboltaparti, það er að segja hvernig best sé að haga undirbúningi svo að ekkert fari úrskeiðis. Hafa þarf í huga að skemmtunin þarf að ná til fólks á öllum aldri. Mikilvægt er að skapa gott andrúmsloft svo öllum líði vel og njóti sín. Veitingarnar skipta miklu máli og auðvitað þarf að skreyta allt hátt og lágt.

**Hugmyndalisti**
- Málning fyrir börnin
- Fánar
- Snakk/popp
- Heitar ídýfur
- Kjúklingavængir
- Drykkir fyrir unga sem aldna.
- Blöðrur
- Ostar og vínber
- Stór EM-kaka fyrir alla.





Endalaust 365
ENDALAUST
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Endalaus og áhyggjulaus Internetáskrift.
GSM
2.990 KR.**
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG NÚ Í FYRSTA SINN ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
Þú getur hringt, sent sms og vafrað um á netinu áhyggjulaust.
Settu þig í samband og fáðu Endalaust 365
1817
365.is
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.
**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.
Nánari upplýsingar á 365.is
365

## Lífið í vikunni 11.06.16–17.06.16



### Í STURTU MEÐ LEWIS HAMILTON

**ÉG ÁTTI ALLT EINS VON Á AÐ ÞAU ÞEKKTU MIG EKKERT AFTUR, EN SVO UM LEIÐ OG HAMILTON SÁ MIG KOM HANN YFIR OG SPJALLAÐI HEILMIKIÐ**

Jennifer Berg

### HAPPDRÆTTI UPP Á KAUPRÉTTINN Á SKÓM

**„Það var fólk á öllum aldri í röðinni en það voru líka einhverjir krakkar sem voru að skrópa í tímum og foreldrarnir voru ekkert sérstaklega sáttir.“**

- Sindri Jensson í Húrra.





### RADDLAUS Á TOPPNUM

**„Við vissum að það var mikil eftirvænting eftir plötunni víða en þessi viðbrögð koma vissulega skemmtilega á óvart.“**

- Jökull Júlíusson, söngvari Kaleo.

### LEITAR AÐ TRÉ FYRIR AÐALHLUTVERK

**„Helst viljum við garðahlyn eða silfurreyni en þó koma allar tegundir til greina, þ.e.a.s. hafi tréð rétt útlit.“**

- Hafsteinn Gunnar Sigurðsson.








**Söru Pétursdóttur, sem betur er þekkt sem Glowie, mun líklega ekki leiðast næstu vikurnar því hún vinnur að nýju efni og nýju tónlistarmyndbandi ásamt því að koma reglulega fram á tónleikum.** MYND/HANNA

# Leggur mikla vinnu í að gefa út nýtt efni

Dagskrá söngkonunnar Glowie verður stútfull í sumar en hún, meðal annars kemur fram í fyrsta skiptið á Secret Solstice um helgina ásamt því að vera að vinna að nýrri tónlist og tónlistarmyndbandi.

Söngkonan Sara Pétursdóttir, betur þekkt sem Glowie, kemur fram í fyrsta skiptið á Secret Solstice hátíðinni um helgina. Ásamt því hefur hún í nógu að snúast um þessar mundir. Hún gaf út nýtt lag á dögunum sem hún mun taka upp tónlistarmyndband við í næstu viku. Hún kemur víða fram í sumar en í haust ætlar hún sér að ferðast til Bandaríkjanna til þess að koma tónlist sinni á framfæri.

„Ég er ofboðslega spennt fyrir helginni. Secret Solstice er frábær hátíð þó að ég hafi reyndar ekki farið á hana,“ segir Sara og hlær. „Ég ætla að taka nokkur lög og svo mun ég líklega kíkja á tónleika hjá öðrum listamönnum. Ég hef þó ekki náð að kynna mér dagskrána enda er ég búin að vera á fullu að plana næstu vikurnar.“

**ÉG ER OFBOÐSLEGA SPENNT FYRIR HELGINNI. SECRET SOLSTICE ER FRÁBÆR HÁTÍÐ ÞÓ AÐ ÉG HAFI REYNDAR EKKI FARIÐ Á HANA.**

Í næstu viku mun Sara taka upp nýtt tónlistarmyndband við lagið No Lie sem hún gaf út í byrjun mánaðarins. „Þetta verður töluvert stærra en hin myndböndin sem ég hef gert. Saga Sigurðardóttir er leikstjórinn en lagið gerði ég með Stop Wait Go. Nýja lagið hefur fengið rosalega góðar viðtökur en það tekur samt líka alltaf nokkrar vikur að komast í almennilega spilum, sérstaklega þegar myndbandið verður komið út.

Þó að mikið sé í gangi hjá Söru um þessar mundir þá er hún einnig að vinna í nýrri tónlist. Hún ætlar sér að ferðast til Los Angeles seinna á árinu og þar ætlar hún að kynna tónlistina sína fyrir plötuútgefendum. „Ég er að leggja mikla vinnu í að setja saman svokallaðan kynningarpakka sem ég ætla að taka með mér út. Ég er að semja tónlistina með Stop Wait Go en þeir koma hugsanlega með mér út. Við vinnum mikið saman og hjálpumst að við að koma hvert öðru á framfæri.“

**gunnhildur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## SAMAN Í LIÐI

EM-fatan frá KFC með 13 Hot Wings og 13 BBQ Hot Wings, þú og liðið þitt.

**2.899 KR.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Óttars Guðmundssonar




## Narsissus gengur aftur

Í grísku goðafræðinni er sagt frá hinum íðilfagra konungssyni, Narsissusi. Mikið ábyrgðarleysi í ástamálum bakaði honum óvild guðanna. Þeir lögðu það á Narsissus að hann yrði sjúklega ástfanginn af eigin spegilmynd. Skömmu síðar rakst prinsinn á lítið stöðuvatn í skóginum og sá sjálfan sig í vatnsfletinum. Hann lagðist á bakkann heillaður af ást. Narsissus reyndi að kyssa myndina en hún hörfaði undan ofan í vatnsdjúpið. Þetta urðu endalok prinsins. Hann visnaði og varð að engu. Sigmund Freud hreifst af þessari sögu og kallaði sjálfhverfar og sjálfselskar manneskjur narsissista. Í Íslendingasögum má finna marga heltekna narsissista eins og Gunnar á Hlíðarenda, Gunnlaug ormstungu og fleiri.

Mér datt þetta í hug þar sem ég sat á torginu í Mílanó í gær og virti fyrir mér mannlífið. Mikill fjöldi túrista vafraði um í eilífri leit sinni að frægum kennileitum. Langflestir gengu með myndavélarsíma í hendinni eða á löngu priki og tóku í sífellu mynd af sjálfum sér. Litlu skipti hvort kirkja eða stytta slæddist með á myndina. Aðalviðfangið var myndasmiðurinn sjálfur. Þetta minnir á söguna um Narsissus. Nú spegla menn sig ekki lengur í vatnsfletinum heldur á skjá snjallsímans. Illa haldinn narsissisti á fleiri hundruð þúsund myndir af sér við öll möguleg tækifæri.

Er þetta refsing guðanna fyrir frekju og sjálfhverfu mannsins? Er búið að svipta hann hæfileikanum til að njóta? Hann treystir ekki lengur á eigin skilvit heldur trúir í blindni á snjallsímann. Menn vilja fremur taka mynd af matnum en borða hann. Narsissus varð að engu á vatnsbakkanum. Æ fleiri einangrast og verða að engu fyrir framan tölvuskjáinn. Lífið endurtekur sig í sífellu í fáránleika sínum.








